



Gagnrýnin magnast Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, ræddi við mótmælendur í gær. Hann er gagnrýndur fyrir sölu bankans á hlut í Borgun. „Ætlaðu að segja mér að þú hafir ekki vitað að Borgun myndi græða svona mikið eftir eitt ár?“ var Steinþór spurður. Ljósmyndarinn Spessi Hallbjörnsson gekk einna harðast fram í mótmælunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslensk uppfinning byltir augnmeðferð

Íslenska lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis hefur þróað tækni þar sem augndropar eru nýttir í stað ástungna við meðferð augnsjúkdóma. Oculis leitar fjármagns til að ljúka klínískum rannsóknum og á markaðssetningu á því lyfi fyrirtækisins sem lengst er komið í þróun.

TÆKNI Fyrirtækið Oculis ehf. hefur þróað byltingarkennda tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma. Tæknin, sem er varin einkaleyfi, lýtur að því að nota augndropa í stað augnástungu.

Oculis tilkynnti í desember að í byrjun þessa árs hæfist leit að fjármagni til að ljúka klínískum rann-

sóknum og til markaðssetningar á lyfi sem lengst sé komið í þróun.

Guðrún M. Ásgrímsdóttir hjá Oculis segir tæknina rekja rætur til lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. Hugvitið sé próffessoranna Þorsteins Loftssonar og Einars Stefánssonar. Tæknin skapi verulega möguleika til lyfjaþróunar.

Oculis var stofnað um þessa tækni árið 2003. Fyrir það lyf sem lengst er komið í þróun hjá Oculis, DexNP, sýna rannsóknir að bæta megi sjón og minnka þjág í sjónhimnu augans með augndropunum einum saman.

Megináhersla Oculis er að fá DexNP samþykkt til meðferðar við

Tæknin skapar verulega möguleika til lyfjaþróunar, sérstaklega fyrir sjúkdóma í afturhluta augans.

Guðrún Marta Ásgrímsdóttir, rannsóknarstjóri Oculis

sjónhimnubjúg vegna sykursýki. Lyfið er þó líklegt til að þjóna sem meðferð við öðrum sjúkdómum.

Oculis þróar jafnframt fleiri lyf til meðferðar á öðrum algengum augnsjúkdómum. Áætlaðar tekjur af DexNP eru verulegar verði lyfið markaðssett í Evrópu og Bandaríkjunum. – shá / sjá síðu 8

Ísland Got Talent virkaði fyrir mig

LÍFIÐ „Aðalástæðan fyrir því að ég tók þátt í Ísland Got Talent var sú að ég vildi koma mér í þá stöðu að vinna sem atvinnusöngkona, og það virkaði,“ segir söngkonan Alda Dís Arnardóttir en hún vann aðra þáttaröð hæfileikakeppninnar í apríl í fyrra.



Fyrsta plata Öldu Dísar kom út á árinu og ýmislegt annað hefur á daga hennar drifið frá því að hún fagnaði sigrinum. – gís / sjá síðu 26.

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Kynjakvótinn í stjórnnum fyrirtækja er þegar farinn að hafa áhrif, að mati **Huldu Bjarnadóttur**. Hún lætur nú af störfum sem framkvæmdastjóri FKA.



SKOÐUN Jafna þarf stöðu flóttafólks, segir Þórir Guðmundsson. **16**

SPORT Stórslagur íslensku þjálfaranna á EM í dag. **14**

MENNING Myrkir músikldagar **20**

LÍFIÐ Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Sætran sameina krafta sína. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • VEFLAUSNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ERUM BYRJUÐ AÐ TAKA UPP ÖSKUDAGS-BÚNINGA

Finndu okkur á 

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



MÚLALUNDUR

Áramótatilboð Múlalundar

Gildir til 31. janúar eða á meðan birgðir endast



TILBOÐ

egla

Allar möppur **kr. 799**



HOLLUSTAN HEFST Á GOTTÍMATINN.IS

Veður



Suðlæg átt í dag um 5-13 m/s. Snjócoma með köflum eða él sunnan og vestan til á landinu, en áfram þurr og bjart að mestu um landið norðaustanvert. Kalt í veðri, einkum í innsveitum norðaustanlands.

SJÁ Síðu 18



Ferðamaður slasaðist alvarlega við köfun í Silfru. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Enn eitt slys ofan í Silfru

SLYS Skoða má hvort herða beri reglur um köfun í Silfru. Þetta segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, en erlend kona á þritugsaldri slasaðist alvarlega í Silfru í gær.

Lögreglan á Selfossi var kölluð út um hádegisbilið vegna slyssins og var konan sótt með þyrlu Landhelgisgæslunnar og flutt á Reykjavíkflugvöll. Þaðan var konunni ekið á Landspítalann við Hringbraut.

Reglur um köfun í gjánni voru hertar í ársbyrjun 2013 í kjölfar banaslyss þann 28. desember 2012. Bónuðu þá þjóðgarðsvörður og Siglingastofnun, sem nú er hluti af Samgöngustofu, köfun fyrir neðan átján metra í því skyni að reyna að tryggja öryggi kafara. Ólafur segir að öll slys séu tilefni til að ræða um hertar reglur. – þea

Allir svona viðburðir gefa okkur tilefni til að skoða málið.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



2

banaslys hafa orðið í Silfru frá árinu 2010

Verðlaunaðar fyrir fuglafræðispil



Ólafur Ragnar Grímsson afhenti í gær Birgittu Steingrimsdóttur og Heiðísi Ingu Hilmarsdóttur Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefnið Þekkirðu fuglinn? Það er um rannsókn á fuglafræðipækkingu og gerð spils um fuglafræði fyrir börn sem gæti nýst til náms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvenfélag vill í ferðabjónustu

FLJÓTSDALSHÉRAÐ Búnaðarfélag Eiðabíngahár og Kvenfélag Eiðabíngahár hafa gert 23 milljóna króna tilboð í húsnæði barna- og leikskólans á Eiðum. Fyrirhugað er að halda úti ferðabjónustu í hluta húsanna en einnig yrði húsnæðið nýtt í félagsaðstöðu.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, segist munu ræða við félögin á næstunni.

„Áætluin er sú að byggja þarna upp eitthvað til eflingar nærsvæðinu,“ segir Björn og bendir á að það sé í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá árinu 2012 þar sem lagt var til að efla nærsamfélagið. „Hugmyndin er sú að þetta sé að fara úr eigu sveitarfélagsins en verði hagsað til uppbyggingar nærsamfélagsins,“ segir Björn. – þea

Meiri skil á dósnum með sjálfvirkum kerfi í Sorpu

Meira magni af skilagjaldsskyldum umbúðum er skilað frá því sjálfvirk flokkunarkerfi voru tekin í notkun á endurvinnslustöðvum. Skilagjaldið er búbot fyrir Íslendinga. Þórhildur Þorleifsdóttir vill stuðla að aukinni endurvinnslu.

SAMFÉLAG Stefnt er að því að koma á sjálfvirkum flokkunarkerfi á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir, það er að segja gler- og plastflöskur og dósir.

Frá því kerfin voru tekin í notkun á endurvinnslustöðvum Sorpu í Hafnarfirði og á Granda í fyrra hefur meira magni af umbúðum verið skilað þangað að sögn Guðmundar Tryggva Ólafssonar, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva Sorpu.

„Þetta hefur fengið góðar viðtökur,“ segir Guðmundur. Nýja kerfið krefjist minna af þeim sem skila sem og af starfsmönnum. Vælin les strikamerki og það eina sem fólk þurfi að hugsa um sé að halda umbúðunum heilum.

Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og fyrrum alþingismaður, var á endurvinnslustöð á Granda í gær að skila dósnum og flöskum. „Ég geri allt sem ég get til að stuðla að aukinni endurvinnslu og reyni að draga úr notkun einnota umbúða,“ segir hún.

Að sögn Þórhildar vandist hún á að flokka alls konar rusl þegar hún bjó um skeið í Þýskalandi. Hún hafi reynt að halda því áfram er heim var komið þótt fólk sé ekki alltaf auðveldað það. „Maður hefur stundum þurft að standa úti í rigningu og roki að reyna að troða flöskum í einhvern gám. Þá hefur maður verið nærri því að fara og segja endurvinnslunni að eiga þetta bara.“

Vinkonurnar Sigurbjörg Björnsdóttir og Matthildur Sigrúnardóttir voru einnig í Sorpu að skila umbúðum. Þær segjast skila einu



Matthildur Sigrúnardóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir fara árlega með umbúðir í endurvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Maður hefur stundum þurft að standa úti í rigningu og roki að reyna að troða flöskum í einhvern gám.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri





sinni á ári þegar flöskurnar og dósirnar hafa safnast upp. Þær nýti búbotina til að kaupa sér eitthvað skemmtilegt en nú fást sextán krónur á hverja einingu. „Við erum tiltölulega nýfluttar inn saman og það er fínt að fara svona saman, fjölskyldan, og skila,“ segir Sigurbjörg. thorgnyr@frettabladid.is

natures aid **Trim-It** **Nýtt**

Frábær blanda sem inniheldur eplaedik, Kelp, B6 og lesitín.

Trim-It
Óðer Vinegar, Kelp, Lecithin & Vitamin B6
120 SOFTGELS

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum, stórmörkuðum og verslunum.



HVAÐA OPEL ERT ÞÚ?

HVAÐA OPEL ERT ÞÚ?

Sumir bílar henta þínum lífsstíl betur en aðrir. Opel vörulínan skartar búnaði og útfærslum sem bæði neytendur og fagmenn hafa hlaðið lofi og verðlaunum. Komdu og mátaðu þýsku Opel gæðin við þig og þína fjölskyldu.

Verið velkomin í reynsluakstur.

**Bílahúð
Benna**

Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel úrvalið á opel.is eða á benni.is.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16



Dómurinn taldi framburð vitnis í Chesterfield-máli óstöðugan

DÓMSMÁL Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson og Magnús Guðmundsson voru allir sýknaðir í svokölluðu Chesterfield-máli í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þremmingarnir voru allir meðal ædstu stjórnenda Kaupþings. Ákærvaldið taldi að þeir hefðu misnotað aðstöðu sína sem stjórnendur Kaupþings í 510 milljóna evra lánveitingum til nokkurra eignarhaldsfélaga í eigu vildarviðskiptavina bankans. Lánin voru veitt til að kaupa lánshæfistengd skuldabréf af Deutsche Bank sem tengd voru skuldtryggingarálagi

Kaupþings. Markmiðið var að lækka skuldtryggingarálagið.

Dómurinn tekur annars vegar afstöðu til ákæruliða eitt og þrjú þar sem fjallað er um lán til félaganna vegna skuldabréfakaupanna og svo hins vegar til ákæruliða tvö og fjögur þar sem fjallað er um lán sem veitt voru til að mæta veðköllum Deutsche Bank.

Niðurstaða dómsins er að lánin hafi ekki verið veitt án trygginga og þar af leiðandi hafi Hreiðar, Sigurður og Magnús ekki stefnt fé bankans í verulega hættu. Hvað varðar lán sem veitt voru félög-

unum vegna veðkalla Deutsche Bank þegar skuldtryggingarálag Kaupþings hækkaði telur dómurinn einnig ósannað að með þeim hafi þremmingarnir misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu.

Vikið er að því í dómnum að lykilvitni í málinu, Halldór Bjarkar Lúðvígsson, hafi verið óstöðugur í skýrslum sem hann hefur gefið í málinu, annars vegar undir rannsókn málsins og hins vegar fyrir dómi. Verði að hafa þetta í huga þegar sönnunargildi skýrslna Halldórs Bjarkars er metið. – skh, jhh



Þeir Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson voru ákærðir í svokölluðu Chesterfield-máli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Harðorð skýrsla um sjúkrahótel

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um málefni sjúkrahótel í Ármúla sýnir óásættanlega stöðu LSH og Sjúkra-trygginga. LSH hafi margoft gert athugasemdir við stöðuna en Sjúkra-tryggingar virt þær að vettugi.

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisendurskoðun segir það algjörlega óásættanlegt að tvær ríkisstofnanir, Landspítali – háskólasjúkrahús og Sjúkra-tryggingar Íslands, skuli deila sín á milli um starfsemi sjúkrahótelis við Ármúla í Reykjavík sem rekið er af einkafyrirtækjunum Sinnnum ehf. og Heilsumiðstöðinni ehf.

Í skýrslunni kemur fram að Landspítalinn hafi allt frá árinu 2011 gert margvíslegar athugasemdir við aðstöðu, aðbúnað og efndir rekstraraðila á samningunum. Sjúkra-tryggingar hafi talið þær til-efnislausar og stofnanirnar deilt opinberlega vegna þessa.

Ríkisendurskoðun hvetur vel-ferðarráðuneytið til að höggva á hnúttinn. Marka þurfi mun skýrari stefnu um eðli og rekstur sjúkrahótelis og tryggja samræmi í samningum milli aðila.

„Það má gera betur í þessum efnum og ljóst að staðan sem nú er uppi er ekki boðleg. Við verðum nú að vinna að lengri tíma lausn í þeim efnum,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

„Ég er búinn að sitja fund með aðilum Landspítalans og í dag mun ég halda fund með Sjúkra-tryggingum Íslands. Eftir þá fundi mun ég setjast niður með mínu fólki í ráðuneytinu til að finna lausn á þessu máli,“ segir ráðherra.

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að meginvandinn felist í því að stofnanirnar hafi mismunandi sýn á eðli, hlutverk og rekstrarform sjúkrahótelisins, notendahóp þess og þjónustustig.

Síðasta föstudag sagði Heilsumiðstöðin upp samningi við Sjúkra-tryggingar. Að öllu óbreyttu leggst starfsemin af í lok apríl á þessu ári. Mun því engin gisting vera í boði af hálfu ríkisins fyrir sjúklinga sem



Ríkisendurskoðun bendir á fjölda vankanta í stjórnsýslunni er varðar sjúkrahótel Sinnnum ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það má gera betur í þessum efnum og ljóst að staðan sem nú er uppi er ekki boðleg.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.



þurfa að sækja til höfuðborgarinnar frá öðrum stöðum á landinu.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs LSH, segir Landspítala fagna skýrslu Ríkisendurskoðunar enda taki hún

undir öll helstu sjónarmið Landspítala, meðal annars að sjúkrahótelinu verði að nýttast sjúklingum spítalans.

Guðlaug Rakel segir Landspítala taka sömuleiðis undir það sjónarmið ráðherra að ófært sé að deilur standi um svo mikilvæga starfsemi á opinberum vettvangi, enda hafi Landspítali aldrei haft frumkvæði að slíku. Þessu verði að linna

„Mikilvægt er að vanda samninga af þessu tagi svo þeir nýtist eins og best verður á kosið. Við erum vonsvikin að svona skyldi fara og að rekstraraðilinn skuli kjósa að segja sig frá verkinu með þessum hætti, fremur en að leita lausna. Við

munum gera það sem við getum til að málið hljóti farsæla niðurstöðu hið fyrsta, enda höfum við enga aðra hagsmuni í málinu en þá sem lúta að skjólstæðingum okkar.“

Rekstraraðilar sjúkrahótelisins hafa fengið greiddar um 105 milljónir króna að meðaltali ár hvert frá því samningar tókust milli Sjúkra-trygginga og Sinnnum ehf. Einnig fékk fyrirtækið greiddar svokallaðar efnabætur í tvisgang árið 2012 án þess að loforð væri fyrir því í samningum milli aðila.

Ekki náðist í Kolbrúnu Viðarsdóttur, framkvæmdastjóra Heilsumiðstöðvarinnar, við vinnslu fréttarinnar. sveinn@rettabladid.is



Tuttugu féllu í árasunum. NORDICPHOTOS/AFP

Mannfall í árás á Homs

SÝRLAND Tuttugu féllu í sprengju-árasunum í sýrlensku borginni Homs í gær og fleiri en hundrad særdust. DAISH-samtökin, sem kenna sig við íslamskt ríki, lýstu yfir ábyrgð á árasunum.

Í viðtali við fréttastofu SANA sagði borgarstjóri Homs, Talal Barazi, að ráðist hafi verið á herstöð með bilsprengru í fyrstu og svo fylgdi sjálfsmorðsárás í kjölfarið.

Árásirnar eru gerðar í aðdraganda friðarviðræðna sem Sameinuðu þjóðirnar hafa boðað til milli ríkisstjórnar Bashars al-Assad og uppreisnarmanna.

Friðarviðræðurnar eiga að hefjast í Genf í Sviss á föstudag en óvíst er hvaða hreyfingar uppreisnarmanna mæta. Stærsta fylking uppreisnarmanna boðar þó komu sína og mun Mohammed Alloush, leiðtogi Jaish al-Islam tala máli hennar. – þea

DÓMSMÁL

Barnanið á Suðurlandi
Þann 18. janúar síðastliðinn var karlmaður dæmdur í fimm ára og sex mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir kynferðisbrot gegn tveimur börnum. Dómstóllinn hefur ákveðið að birta dóminn ekki opinberlega vegna þess hve viðkvæmur hann þykir. – snæ

2. febrúar í 7 nætur

Frá kr. 105.900 m/allt innifalið

TENERIFE

SÉRTILBOÐ

Tamaimo Tropical

Netverð á mann frá kr. 105.900 m.v. 2 í stúdíó.

Heimsferðir

Bankastjóri segir gremju í þjóðfélaginu

SAMFÉLAG Mikill hiti var í hópi mótmælenda sem komu saman fyrir utan höfuðstöðvar Landsbankans í Austurstræti á hádegi í gær til að mótmæla sölu á 31,2 prósentu eignarhlut bankans í Borgun. Bankastjóri Landsbankans, Steinþór Pálsson, hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir sölnu eftir að í ljós kom að Borgun gæti átt von á greiðslum vegna valréttar Visa Inc. á Visa Europe. Mótmælendur báðu Steinþór um að svara fyrir þessa sölu. „Ætlaðu að segja mér að þú hafir ekki vitað að Borgun myndi græða svona mikið eftir eitt ár?“ var Steinþór spurður.

„Málið er það að við seljum á verði sem endurspeglar mikinn vöxt þannig að við erum að fá framtíðarávinning inn í sölnu,“ sagði Steinþór og heyrðist hrópað „lygi“ umsvifalaust úr hópnum. „Ertu ekki vanhæfur fyrst þú klúðraðir þessu svona?“ var Steinþór spurður. Steinþór sagðist í samtali



Fólkíð sem var mætt í höfuðstöðvar Landsbankans í gær frábað sér spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

við Stöð 2 skilja reiði þeirra sem mótmæltu.

„Það er náttúrulega mikil gremja í þjóðfélaginu með ýmislegt sem hefur aflaga farið á undanförunum árum. Traustíð er í molum og þarna sýnist þeim að hlutir hafi brotnað.

Það byggist á því að þau telja að þarna hafi einhverjir milljarðar verið á ferðinni,“ sagði Steinþór í samtali við fréttamann Stöðvar 2 í gær. Bankastjórinn segist telja það fjarri lagi að milljarðar hafi verið þarna undir. – jhh



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

YARIS TREND lipur í snúningum



Verð frá: 2.760.000 kr.

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

YARIS TREND er lipur í snúningum og geislar af fegurð og krafti. Tryggðu þér þessa sérútgáfu af einum vinsælasta bíl seinni ára sem býðst í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Renndu við og reynsluaktu nýjum Yaris Trend í bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Fjármálastöðugleikaráð spáir auknum útlánum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjá teikn um að ójafnvægi aukist

EFNAHAGSMÁL Horfur eru á auknu ójafnvægi í þjóðarþúskaðum næstu misseri að því er fram kom á fundi fjármálastöðugleikaráðs 22. janúar.

Vöxtur útlána í lánakerfinu er innan höflegra marka en líkur á meiri eftirspurn eftir útlánunum í náinni framtíð.

Víðnámsþróttur bankanna er töluverður en vel er sagt fylgst með lausafjárstöðu þeirra, sérstaklega vegna uppgjörs nauðasamninga slitabúa fallinna fjármálaþyrirtækja og útboðs í tengslum við losun og bindingu aflandskróna.

Fjármálastöðugleikaráð hefur beint því til Fjármálaeftirlitsins að bregðast við þessum horfum með viðeigandi hætti. Meðal annars með því að settur verði aukinn eiginfjár- auki á helstu bankastofnanir. – srs

Kanslari á karnivali



Angela Merkel Þýskalandskanslari og Volker Wagner, forseti Karnivalsamtaka Þýskalands, fylgjast með karnivalhátíð í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segja niðurskurð bitna á nemendum

Samtök foreldra og skólastjóra hafa verulegar áhyggjur vegna boðaðs niðurskurðar hjá skóla- og frístundasviði í Reykjavík á þessu ári. Öttast mest að stuðningur við börn með sérþarfir verði ekki nægur. Skólastjórar segjast berjast í bökkum og segja ástandið bágborið.

MENNTAMÁL Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, SAMFOK, hafa miklar áhyggjur vegna boðaðs niðurskurðar hjá skóla- og frístundasviði á þessu ári. Hagræðingarkrafa á árinu hljóðar upp á 670 milljónir króna. Ekki liggur fyrir hversu mikill niðurskurður lendir á grunnskólunum.

„Við vitum að skólastjórar hafa barist í bökkum við að halda starfseminni gangandi svo vel sé eftir niðurskurð fyrri ára. Frekari niðurskurður mun bitna enn meira á grunnskólunum. Mestar áhyggjur höfum við af því að stuðningur við börn með sérþarfir verði ekki nægur,“ segir Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOKS.

Skólastjórar hafa áhyggjur af því að fjármagn til reksturs grunnskóla í Reykjavík sé alls ekki í takt við lögboðið hlutverk hans og skyldur. Þeir segja að niðurskurður í kreppunni

Með boðun um yfirfærslu á halla og frekari niðurskurði spyr maður sig á hvaða leið við erum,

Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla



hafi ekki verið bættur. Enn frekar hafi verið skorið niður síðustu ár. Fjármagnið hafi ekki fylgt launaþróun.

Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla, telur þjónustustig í sínum skóla orðið of lágt.

„Ég reyni að jafna út þeim gæðum sem ég hef í starfinu til að láta hlutina bitna sem minnst á nemendum. En hópar nemenda í kennslu verða

stærri og einstaklingsbundin þjónusta minni,“ segir Þorsteinn.

Skólastjórinn segir niðurskurðinn líka ná til sérkennslu. „Ég vil meina að sérkennsla í Reykjavík hafi á síðasta ári verið skorið beint niður um 20 prósent. Með boðun um yfirfærslu á halla og frekari niðurskurði spyr maður sig á hvaða leið við erum.“

Frá 2008 hefur ekki fengist fjárveiting til að endurnýja áhöld og tækni að því er Þorsteinn greinir frá.

Grunnskólar hafa almennt ekki fengið úthlutað fé til búnaðarkaupa í mörg ár, fyrir utan tölvukost.

„Þetta hefur auðvitað áhrif á aðstöðuna. Hún er víða töluvert bágborin,“ segir Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla og formaður Félags skólastjórna í Reykjavík.

Guðlaug getur þess að margir



Guðlaug Erla Gunnarsdóttir er skólastjóri Ingunnarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

skólar hafi ekki náð utan um reksturinn, eins og hún orðar það. „Þjónustan hefur kallað á meiri fjármuni en hefur verið úthlutað. Þetta er mikið áhyggjuefni. Við náum ekki utan um starfið eins og við viljum hafa það. Það er til dæmis minni sveigjanleiki

til að hafa fámennari hópa í kennslu.“

Guðlaug segir unnið að nýju líkani sem úthluta á eftir. „Okkur finnst að það eigi að klára þá vinnu áður en við tökum á okkur halla á milli ára. Reksturinn er misþungur eftir skóla-gerðum.“ ibs@frettabladid.is



Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Illmur af mentól og eukalyptus



Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Inniheldur xylometazólinhýdróklóríð. Ábendingar: Bólgur og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1,0 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úta oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Fyrir fyrstu notkun á að ýta 4 sinnum á úðarann til að undirbúa dælna. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu orlitið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Frábendingar: Ofnæmi fyrir xylometazólini eða einhverju innihaldsefnanna. Ekki má nota Otrivin Menthol eftir heiladingsnáam, skurðaðgerðir um nef/munn, hjá sjúklingum með þrönghornsláku eða nefslímubólgu með óeðlilega þurri nefslímhúð eða með slímúðarvisnun. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðferðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenergum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, hjarta og æðasjúkdóma, slagæðargulþ, erfðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Má ekki nota handa börnum yngri en 12 ára og ekki lengur en í 10 sólarhringa. Sérstaklega skal geta þess að fara ekki yfir ráðlagðan skammt hjá börnum og öldruðum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

Otrivin®



Innovation
that excites

WWW.NISSAN.IS

NISSAN QASHQAI ER EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt. Verið velkomin í reynsluakstur.

Verð: 3.990.000 kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

Verð: 4.590.000 kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

Verð: 4.990.000 kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Fjór hjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Byltingarkennd meðferð augnsjúkdóma

Lyfjaþróunarfélagið Oculis ehf. hefur þróað augndropa sem koma í stað augnástungu við meðferð augnsjúkdóma. Hugvitið á rætur að rekja til lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. Leit að fjármagni til að ljúka klínískum rannsóknum og til markaðssetningar er hafin.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis ehf. hefur þróað byltingarkennda tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma. Tæknin, sem er varin einkaleyfi, lýtur að því að nota augndropa í stað augnástungu til að meðhöndla sjúkdóma í afturhluta augans. Þá leysir tæknin einnig tvö stærstu vandamál hefðbundinna augndropa, en með tækninni má margfalda leysanleika lyfja og ná fram langverkandi áhrifum. Leit að fjármagni til að ljúka klínískum rannsóknum og til markaðssetningar er hafin.

Guðrún M. Ásgrímsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Oculis, segir að tæknin eigi rætur að rekja til lyfjafræðideildar Háskóla Íslands, en hugvitið er prófessoranna Þorsteins Loftssonar og Einars Stefánssonar. „Tæknin skapar verulega möguleika til lyfjaþróunar, sérstaklega fyrir sjúkdóma í afturhluta augans en einnig fyrir ýmsa algenga og erfiða sjúkdóma í framhluta augans,“ segir Guðrún.

Fyrirtækið Oculis var stofnað um þessa tækni árið 2003. Grunnrannsóknir og dýratilraunir hafa að stærstum hluta farið farið fram í Reykjavík. Klínískar rannsóknir [rannsóknir í mönnum] hafa að mestu farið fram erlendis, m.a. í Japan, Ísrael og Danmörku. Fyrir það lyf sem lengst er komið í þróun hjá Oculis, DexNP, hafa rannsóknir sýnt fram á að bæta megi sjón og minnka bjúg í sjónhimnu augans með augndropunum einum saman.

„Þessar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á tveimur mismunandi sjúkdómum sem í dag eru að stærstum hluta meðhöndlaðir með lyfjum sem sprautað er inn í augað með sprautunál,“ segir Guðrún.

Megináhersla Oculis er að fá DexNP samþykkt til meðferðar við sjónhimnubjúg í sykursýki. Lyfið er

Tæknin skapar verulega möguleika til lyfjaþróunar, sérstaklega fyrir sjúkdóma í afturhluta augans en einnig fyrir ýmsa algenga og erfiða sjúkdóma í framhluta augans



Guðrún Marta Ásgrímsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Oculis

hins vegar líklegt til að þjóna sem meðferð við öðrum sjúkdómum, m.a. sem bólgueyðandi lyf eftir augasteinsskipti, uveitis (sjaldgæfur bólgusjúkdómur) og aldurstengdri hrörnun í augnbotnum. Oculis þróar jafnframt fleiri lyf til hliðar við DexNP til meðferðar á öðrum algengum augnsjúkdómum. Er þar m.a. um að ræða lyf við gláku, þurrum augum og augnsjúkdómi í sykursýki (diabetic retinopathy).

Oculis tilkynnti um miðjan desember að í byrjun þessa árs hæfist leit að fjármagni til að ljúka klínískum rannsóknum og til markaðssetningar á DexNP augndropunum. Áætlaðar tekjur af DexNP eru verulegar verði lyfið markaðssett í Evrópu og Bandaríkjunum. Tvö lyf eru í dag ríkjandi á markaði fyrir sjónhimnubjúg sjúkdóma en samanlagðar tekjur þeirra nema í dag um sex milljörðum Bandaríkjadala á ári, þrátt fyrir að einungis lítill hluti sjúklunga sé í dag að fá meðferð.

„Mikil þörf er fyrir einfaldari meðferðarúrræði við sjónhimnubjúgdómum, en sem dæmi má nefna að áætlað er að aðeins um tveir milljónir þeirra 25 milljóna manna sem þjást af sykursýkistengdum sjónhimnubjúg fái lyf við hæfi, m.a. vegna skorts á aðgengi að sérhæfðum augnlæknum með sprautuadstöðu,“ segir Guðrún.



Að losna við að láta sprauta lyfi í augað á sér er eitthvað sem flestir myndu kjósa. MYND/OCULIS

Oculis ehf., í hnotskurn

- Oculis ehf. er fyrirtæki sem vinnur að þróun augnlyfja.
- Fyrirtækið vinnur með nanóagnir í augndropum sem auka frásög lyfja inn í augað. Þannig má bæta lyfjameðferð við ýmsum algengum augnsjúkdómum.
- Hægt er að meðhöndla sjónhimnubjúgdóma með augndropum þannig að sjúklingar þurfa ekki á augnástungum að halda.

- Þrjú reyndir einstaklingar úr lyfjaiðnaði voru kosnir í stjórn félagsins í júní síðastliðnum, þeir Dr. Joseph Markoff, augnlæknir og fyrrum yfirmaður augndeildar Merck, Dr. K. George Mooney, fyrrum forstöðumaður þróunareiningar Pfizer, og Dr. James D. Pipkin, núverandi forstöðumaður lyfjaþróunar hjá Ligand Pharmaceuticals.
- Þá tók Páll Ragnar Jóhannesson,

- fyrrum framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Straums, við sem framkvæmdastjóri félagsins í maí og Rene Ruckert, fyrrum yfirmaður augndeildar hjá alþjóðlega lyfjafyrirtækinu Bayer, tók við sem forstöðumaður vöruþróunar í ágúst.
- Ásamt þessu var visindaráð félagsins sett formlega á stofn, en í því situr hópur leiðandi visindamanna á sviði augnlækninga og lyfjaþróunar.

Menntadagur atvinnulífsins

Fimmtudaginn 28. janúar á Hilton Reykjavík Nordica kl. 8.30-12.00

8.30 **Setning.** Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður SA.

Þúsundir nýrra starfa. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.

Tækni og skólastarf. Kristín Pétursdóttir, forstjóri Mentor.

Tækifærin í skapandi greinum. Sigurlína Ingvarsdóttir, yfirframléiðandi Star Wars: Battlefront hjá DICE.

Æi ég Googla það bara! Er framtíð fræðslu í okkar höndum? Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslu- og gæðastjóri Securitas.

Vinumarkaður, færni og framtíðin. Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun.

Menntaverðlaun atvinnulífsins 2016. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra afhendir verðlaunin.

10.00 **Kaffi og með því.** Fræðslusjóðir og fræðsluáðilar kynna sig á Menntatorgi.

10.30 **Menntastofur samtaka í atvinnulífinu.** SAF, SFS, SFF, SI og SVP ræða brýnustu menntamálina innan einstakra atvinnugreina.

Fundarstjóri: Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Allir velkomnir – ekkert þátttökugjald.

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA: www.sa.is



Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



SVP
Samtök verslunar og þjónustu



30% AFSLÁTTUR

af NORO BAÐINNRETTINGUM miðað við gildandi verðlista

NORO®

Old England baðkar 156

Hvítur akrýl, 76 x 156 x 79 cm.
180 l. Krómað yfirfall fylgir.
PARF AÐ SÉRPANTA.

77.287,-

~~110.410,-~~



Star hand- klæðaofn

Úr krómuðu stáli. Með sporöskjulaga rörum og sveigðum lóðréttum rörum. Fáanlegur fyrir rafmagns- eða vatnsleiðslur.
B: 45 x D: 5-7 x H: 80 cm.
PARF AÐ SÉRPANTA.

33.656,-

~~48.080,-~~



Single baðinnrétting

45 x 30 x 54 cm neðri skápur með postulínshandlaug. Hurð með hæglokun, spegill með ljósi fylgir. Fáanleg í hvítu eða svörtu með háglans. Hár skápur og handlaugartæki fylgja ekki. PARF AÐ SÉRPANTA.

50.397,-

~~71.995,-~~



Baðinnrétting

46 x 26 x 68 cm. Hvít með 2 hurðum og höldum. Handlaugartæki fylgja ekki.

12.995,-

~~14.995,-~~



Value baðinnrétting

45 x 30,5 x 60 cm. Neðri skápur með 1 hurð, fæst í hvítu með háglans eða möttu. Spegill fylgir, handlaugartæki fylgja ekki.

19.945,-

Speglaskápur
10.495,-



Mons baðinnrétting

B: 60 x D: 48 cm. Neðri skápur með skúffum og postulínshandlaug. Fáanleg í hvítu eða eik. Spegilskápur, handlaugartæki og hár skápur fylgja ekki.

37.995,-

~~41.995,-~~

80 cm..... 57.745,-
Hár skápur 20.995,-

Auglýst verð gildir til og með sunnudeginum 31. janúar 2016.
Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®



Leigubílstjórar köstuðu reyksprengjum að lögreglu. NORDICPHOTOS/AFP

Köstuðu reyksprengjum í átt að lögreglu

FRAKKLAND Verkföll flugumferðarstjóra, leigubílstjóra og starfsmanna hins opinbera um gjörvallt Frakkland í gær lömuðu samgöngur í landinu. Illa var hægt að komast á stærstu flugvelli landsins, meðal annars Charles de Gaulle í París. Tugum flugferða var því frestað.

Mikill hiti var í leigubílstjórum. Um þrjú hundruð leigubílstjórar lokuðu vegum umhverfis höfuðborgina París, hentu reyksprengjum í átt að lögreglu og kveiktu í dekkjum. Nítján voru handteknir. – þea

Hóta Grikkjum brottrekstri úr Schengen vegna flóttamanna

Grikkir segja hugmyndir ESB um styrkingu ytri landamæra fráleitar og spyrja hvort þeir eigi kannski að sökkva flóttamannabátum eða stugga frá með skothríð. Ekkert vit sé í að kenna Grikklandi um vandann.

GRIKKLAND Grískir ráðamenn brugðust ókvæða við hótunum frá Evrópusambandinu um að útiloka Grikkland frá Schengen-svæðinu.

Á fundi innanríkisráðherra Evrópusambandsins í Amsterdam á mánudag var talað um nauðsyn þess að styrkja ytri landamæri Schengen-svæðisins, til að hægja á flóttamannastraumnum.

Spjótunum var sérstaklega beint að Grikklandi, enda hefur meginstraumur flóttafólksins frá Mið-Austurlöndum komist inn á Schengen-svæðið með því að leggja út í hættuför frá Tyrklandi yfir Eyjahaf til Grikklands.

„Á endanum er það svo, að ef eitt ríki stendur ekki undir skuldbindingum sínum, þá þurfum við að takmarka tengsl þess við Schengen-svæðið,“ sagði Anders Ygeman, sem er innanríkisráðherra Svíþjóðar, við fjölmiðla.

„Grikkir verða að leggja sig meira fram og fá aðstoð,“ sagði Johanna Mikl-Leitner, innanríkisráðherra Austurríkis. „Ef við getum ekki varið ytri landamæri Evrópusambandsins, landamæri Grikklands og Tyrklands, þá þarf að færa ytri landamæri Schengen-svæðisins nær Mið-Evrópu.“

Nikos Toskas, innanríkisráðherra Grikklands, segist ekki sjá hvernig Grikkir ættu að halda uppi landamæraeftirliti á hafinu. „Það er mjög erfitt að stöðva litla báta sem koma, nema þá með því að sökkva þeim eða skjóta á þá, sem brýtur í bága við hin

Danir samþykktu hertar reglur

Danska þingið samþykkti í gær, með 81 atkvæði gegn 27, breytingar á lögum um útlendinga, flóttafólk og hælisleitendur.

Í breytingunum eru meðal annars umdeild ákvæði um að flóttafólk verði að láta af hendi verðmæti, hafi það meira en jafnvirði 10 þúsund danskra króna í fórum sínum. Þetta samsvarar um það bil 190 þúsundum íslenskra króna.

Einnig verður flóttafólki gert erfiðara að fá ótímabundið dvalarleyfi í Danmörku auk þess sem þeim, sem hafa fengið tímabundið hæli, verður gert erfiðara að fá til sín fjölskyldumeðlimi.

„Við þurfum að fá reglur sem gera



Inger Støjberg, utanríkisráðherra Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

það að verkum að landið okkar hafi ekki meira aðdráttarafl en önnur lönd,“ sagði Inger Støjberg utanríkisráðherra í umræðunum á þingi í gær.

evrópsku gildi okkar og grísk gildi, og það munum við ekki gera.“

Ioannis Mouzalas, innflytjendaráðherra Grikklands, sagði það fráleitt að kenna Grikkjum um ástandið: „Við höfum engan tíma til þess að gera tilraunir með hluti sem gera ástandið bara enn verra.“

Í sjónvarpsviðtali í Grikklandi sagði Mouzalas ýmsar undarlegar hugmyndir hafa komið til tals á ráðherrafundinum í Brussel. Þar á meðal hafi Jan Jambon stungið upp á því að Grikkir settu upp flóttamannabúðir fyrir 400 þúsund manns í Aþenu.

Þá sagði Mouzalas hugmynd um að Grikkir fengu skuldir sínar að hluta niðurfelldar gegn því að halda flóttafólkinu í Grikklandi fíheyrða.

ESB hefur samþykkt að greiða Tyrkjum stórfé fyrir að halda flóttafólki innan Tyrklands, en ekki er sjáanlegt að það samkomulag hafi breytt miklu.

Það sem af er ári hafa um 35 þúsund manns komið til Grikklands yfir hafid frá Tyrklandi, en á síðasta ári komu meira en milljón flóttamenn til Schengen-landanna, flestir frá Sýrlandi, Írak og Afganistan.

Sex af 26 aðildarríkjum Schengen-samstarfsins hafa þegar ákveðið tímabundið eftirlit með innri landamærum sínum að öðrum aðildarríkjum.

Þýskaland og Austurríki hafa nú í hyggju að framlengja slíkt landamæraeftirlit til ársins 2018.

gudsteinn@frettabladid.is

35

þúsund flóttamenn hafa komið yfir Eyjahaf til Grikklands það sem af er árinu

Við höfum engan tíma til þess að gera tilraunir með hluti sem gera ástandið bara enn verra.

Ioannis Mouzalas, innflytjendaráðherra Grikklands

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

evrópu samvinna

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi, fimmtudaginn 28. janúar 2016

Háskólinn í Reykjavík (Sólin) kl. 11.00-13.00

Háskóli Íslands (Háskólatorg) kl. 14.30-16.30

Fulltrúar evrópskra samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa kynna styrki og samstarfsmöguleika.

Tækifæri fyrir skóla, fyrirtæki, stofnanir og samtök að kynna sér möguleika til evrópsks samstarfs á flestum sviðum menntunar, menningar og atvinnulífs.

Allir velkomnir!

www.evropusamvinna.is



Samtökin '78 ósátt við hægagang ættleiðinga

SAMFÉLAG „Við erum búin að eiga í þessu samstarfi í fimm ár en það hefur lítið gerst,“ segir Unnsteinn Jóhannsson, formaður trúnaðarráðs Samtakanna '78 og meðlimur í samstarfshópi samtakanna og Íslenskrar ættleiðingar. Hann telur Íslenska ættleiðingu ekki standa sig í að koma á samningum við lönd sem ættleiða börn til samkynja para. Félagið segir að engin lönd bjóði upp á þá leið.

Unnsteinn segir að Íslensk ættleiðing fari fram á að Samtökin '78 vinni forvinnuna sem þarf til að koma á samningum við erlend ríki. Vinnan yrði öll unnin í sjálfboda-starfi. Hann segir að forvinna þeirra hafi skilað þeim niðurstöðum að Argentína, Brasilía, Úrúgvæ, Mexíkó og sum fylki Bandaríkjanna heimili ættleiðingar til samkynhneigðra para. Þá liggur fyrir opin fyrirspurn til Suður-Afríku í utanríkisráðuneytinu.

Þegar land er fundið þarf að svara ítarlegum spurningalista um hvar land fyrir sig, þar á meðal um pólitískan og efnahagslegan stöðugleika landsins. „Ég set spurningarmerki við það

ad litill hópur eigi að sitja og svara þessum listum í frítíma sínum, þegar samtök á borð við Íslenska ættleiðingu eru með þjónustusamning við íslenska ríkið,“ segir Unnsteinn.

Undir þetta tekur Auður Magnús Auðardóttir, framkvæmdastjóri Samtakanna '78. „Ef maður talar almennt um málefni hinseginfólks, þá er það alltaf þannig að allt sem hefur áunnist hefur í fyrstu lítið út fyrir að vera vonlaust. Engin réttindi hinseginfólks hafa nokkurn tímann unnist með þessu viðhorfi. Það þarf að halda áfram að ýta, senda bréf og fyrirspurnir.“

Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar, segir að það sé lítið sem félagið og íslensk stjórnvöld geti gert. „Þessi samstarfshópur er búinn að reyna að finna leiðir talsvert lengi en þetta er ekki innanríkismál Íslands heldur eru það upprunaríkin sem ráða ferðinni. Eina landið sem við vitum að gerir þetta er Suður-Afríka og við höfum reynt að ná samningum við þá um margra ára skeið. Auðvitað ganga hlutirnir hægt ef það eru engin möguleikar.“ – snæ

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

BÓKHALDSNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn í bókhaldi eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Nám fyrir þá sem stefna á próf til viðurkenningar bókara en vilja bæta við sig verðmætum einingum fyrir bókhaldsstörf.
- Námsbrautin er lánshæf til skólagjaldalána hjá námslánasjóðnum Framtíðinni.

VIÐFANGSEFNI

Námsbrautin er í fimm hlutum auk undirbúnings með kynningu og kennslu í námstækni með MindManager hugarkortshugbúnaðinum (MindManager leyfi að verðmæti 35.000 kr. fylgir með).

- BÓKHALD – GRUNNUR
- TOLLSKÝRSLUR – LÖG OG REGLUR UM INNFLUTNING
- SKATTSKIL EINSTAKLINGA MEÐ REKSTUR
- BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA
- VIÐURKENNDUR BÓKARI*

Morgun- og kvöldhópar í boði • Hefst: **3. feb.** • Verð: **544.000 kr.**

(Með fyrirvara um verðbreytingar hjá EHI. Möguleiki á að greiða fyrir einn hluta í einu). Mætingarskylda: 80% af heildarfjölda kennslustunda. *Með fyrirvara um breytingu á reglum EHI og ráðuneytisins.

SKRIFSTOFUSKÓLINN

EINSTAKT VERÐ

- Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **49.000 kr.** í stað **249.000 kr.** áður.

Hefst: **1. feb.** • Lengd: **264 std.** • Verð: **49.000 kr.** í stað **249.000 kr.**
Morgun-, síðdegis- og kvöldhópar. Kennsluefni á íslensku – innifalið í verði.

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst: **3. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.**
Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **2. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.**
Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

STÖK NÁMSKEIÐ

	LENGD	VERÐ
Navision fjárhagsbókhald	47 std.	79.000 kr.
Skattskil einstaklinga með rekstur	32 std.	59.000 kr.
Tollskýrslugerð	21 std.	39.000 kr.
Excel grunnur	21 std.	39.000 kr.
Excel frh. og Pivot greiningar	15 std.	44.000 kr.
Excel fyrir bókara	15 std.	39.000 kr.

Betri er krókur en kelda



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Umhverfis- og auðindaráðuneytið hefur kynnt tillögur sínar að breytingum á byggingareglugerð. Markmið þeirra er að lækka byggingarkostnað vegna íbúða, sem er hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar á sviði húsnæðismála í tengslum við nýgerða kjarasamninga.

Meðal þess sem lagt er til í drögum að þessum breytingum er að fjölgað verði framkvæmdum sem eru undanþegnar byggingarleyfi auk þess sem nákvæmar stærðarkröfur verði felldar niður. Þá á að auka sveigjanleika og einfalda ákvæði. Stærðarkröfum vegna hjólastóla verður breytt, sveigjanleiki bílastæða fyrir fatlaða aukinn ásamt öðru. Þá verður slakað á kröfum um lofthæð og birtuskilyrði, um svalir og auk þess bætt við nýju búsetuformi þar sem minni kröfur verða gerðar um aðengi. Loks verður ákvæði um soppgeymslu einfaldað.

Í grunninn hefur hagkvæmni við íbúðabyggingar verið nær ómöguleg samkvæmt nügildandi reglugerð. Það hefur verið bannað að byggja eftir raunverulegum þörfum. Burtséð frá fjölskyldustærð, söfnunarþörf og dálæti skulu allir hafa ákveðið stóra geymslu, ákveðið hátt til lofts, ákveðið breiða ganga eða ákveðið stórt þvottahús. Nú eða lyftu í öllum húsum sem telja þrjár hæðir eða meira.

Hver þessara reglna um sig kostar síðan íbúðar-kaupanda nokkrar milljónir króna, burtséð frá því hvort hann hafi nokkra raunverulega þörf fyrir rúmt þvottahús eða bílastæði.

Það er ómögulegt að byggja upp húsnæði með þeim hætti að allt henti öllum. Sveigjanleiki verður að vera til staðar. Auðvitað er markmið nügildandi reglugerðar skref til að auka jöfnuð fyrir hreyfihamlada einstaklinga. En ljóst er að of langt var gengið. Reglugerðin nefnilega mismunar öðrum hópi.

Ástandið á húsnæðismarkaði er með þeim hætti að stór hluti þjóðarinnar, þar fremst í flokki ungt fólk, sér ekki fram á að hafa ráð á fasteign sem mætir þörfum þess, hvort heldur sem er til kaupa eða leigu. Húsnæðisverð er gifurlega hátt og leiguverð sist lægra.

Breytingar á byggingareglugerð til einföldunar og slökun á hinum ýmsu kröfum mun vonandi fyrst og fremst hafa áhrif til góðs fyrir ungt fólk og þá sem vilja kaupa sér lítið, ódyrt og hentugt íbúðarhúsnæði. Þó að ekki megi líta fram hjá aðgengismálum fatlaðra, sem vissulega eru mikilvæg og ættu á ýmsum stöðum að vera meira forgangsmál, verður að styðja rétt fólks til að geta lifað sómasamlegu lífi og rétt þeirra til að geta átt þak yfir höfuð sitt og fjölskyldu sinnar.

Fólk verður að geta valið að búa í litlum íbúðum sem nýta plássíð vel og henta fjölskyldustærð og efna-hag þess.

Það þarf ekki allt að vera eins.



Ástandið á húsnæðismarkaði er með þeim hætti að stór hluti þjóðarinnar, þar fremst í flokki ungt fólk, sér ekki fram á að hafa ráð á fasteign sem mætir þörfum þess, hvort heldur sem er til kaupa eða leigu.

Halldór



Frá degi til dags

Turistahótel í Ármúla

Um nokkurra ára skeið hafa einkaaðilar rekið sjúkrahótel í Ármúla. Nú hafa rekstraraðilar rift samningum þannig að í lok apríl verður ekkert sjúkrahótel á höfuðborgarsvæðinu fyrir þá sem koma langt að. Í grunninn hlýtur þetta að vera ofureinfalt. Í tilvik sjúkrahóts var skattfé ráðstafað, sem áður nýttist veikum landsmönnum, til rekstraraðila hótels fyrir ferðamenn. Rekstraraðillinn riftir svo samningnum á mesta blómaskeiði ferðaþjónustu Íslands. Líklega er meira að hafa upp úr ferðamönnum en Sjúkratryggingum. Spurningin er hvort ekki sé betra að sjúkrahótel sé rekið af opinberum aðilum til að tryggja þjónustuna?

Ríkisstjórn auglýsir sig

Ríkisstjórn Íslands hefur keypt auglýsingar í fjölmiðlum upp á síðkastið í þeirri von að sýna alþjóð hversu vel henni gengur. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu hefur í heild verið fjárfest í auglýsingum fyrir um 2,3 milljónir króna. Það er í sjálfu sér vel að ríkisstjórninni sé áfram um að koma upplýsingum áleiðis til þjóðarinnar. Það er hins vegar mun ódyrara fyrir ríkissjóð að ráðherrar komi oftar í viðtöl og bæði sig þannig í sviðsljósinu um leið og mikilvægum upplýsingum er miðlað áfram til landsmanna. Það er hægt að mæta í mörg viðtölin fyrir rúmar tvær milljónir. sveinn@frettabladid.is

Næsta skref



Þórir Guðmundsson yfirmaður Rauða krossins í Reykjavík

Í síðustu viku komu hingað 35 sýrlenskir flóttamenn; sex fjölskyldur sem nú fá aðstoð hins opinbera og Rauða krossins til að aðlagast íslensku samfélagi. Forsætisráðherra og félagsmálaráðherra tóku á móti hópnum, sem fór inn í innréttaðar íbúðir og fær á næsta ári mikinn stuðning sveitarfélaga og Rauða krossins.

Móttaka flóttafólks lýsir bæði gestrisni og mikilli skynsemi, því stuðningurinn nýtist þjóðfélaginu til langrar framtíðar í velheppnaðri aðlögun. Við sem tókum á móti fólkinu í Leifstöð fundum vel hversu vel það kunni að meta móttökuna.

Á árinu 2015 fengu 82 einstaklingar vernd á Íslandi eftir að hafa sótt um hæli hér á landi. Sumir þurftu að biða lengi eftir þessari niðurstöðu – mörg ár – en aðrir einungis í nokkra mánuði. Þessir einstaklingar eru líka flóttamenn – þar á meðal frá Sýrlandi – en þeirra biður ekki hið hlýja faðmrag samfélagsins sem hinir svokölluðu kvótaflóttamenn fá.

Við hjá Rauða krossinum heyrum sögurnar, meðal annars í Opnu húsi fyrir innflytjendur, sem haldið er tvisvar í viku. Gleðin sem brýst út þegar jákvæð niðurstaða í hælismálinu er tilkynnt breytist í angist þegar menn þurfa að leita sér að iverustað, finna vinnu, læra íslensku, byggja upp líf sitt eftir tilveru á flotta.

Ýmsir aðilar vinna þegar á þessum akri. Reykjavíkurborg býður upp á samtal við sérfræðinga á ýmsum sviðum, Mannréttindaskrifstofa Íslands lögfræðiráðgjöf og Rauði krossinn sjálfbodaliða, sem styðja fólk með ýmsu móti.

Íslenska leiðin í aðlögun flóttamanna virkar vel. Það sjáum við þegar viðtöl birtast við unga afgangskonur sem kom hingað fyrir fjórum árum og talar þegar reiprennandi íslensku og situr á skólabeck í Háskóla Íslands. En takmörkum ekki íslensku leiðina þannig að sumir fái notið hennar en ekki aðrir.

Næsta skref hlýtur að vera að jafna stöðu flóttafólks. Einbeitem okkur að því sem skiptir mestu máli, sem er húsnæði, vinna og tungumálið. Það skortir ekki einu sinni heildstæða stefnu. Hún þarf bara að ná yfir alla flóttamenn.



Næsta skref hlýtur að vera að jafna stöðu flóttafólks. Einbeitem okkur að því sem skiptir mestu máli, sem er húsnæði, vinna og tungumálið.

NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ

Ríkisstjórn með lýðheilsu eða á móti?



Lára G. Sigurðardóttir læknir hjá Krabbameinsfélaginu og doktor í lýðheilsuvísindum

Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir lýðheilsufræðingur og formaður félags lýðheilsufræðinga



Það er vel hægt að selja ÁTVR til einkaaðila án þess að áfengi komi nokkurn tíma í matvörubúðir. Að færa áfengi í matvörubúðir er dæmi um ólýðheilsulegustu stefnu sem hugsast getur.

Ríkisstjórnin boðaði bættu lýðheilsu þegar hún tók við völdum. Lýðheilsunefnd var stofnuð þar sem lýðheilsa og forvarnarstarf er sagt vera meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar. Af einhverjum ástæðum hefur Sjálfstæðisflokkurinn tekið stefnu gegn forvarnarstarfi með því að leggja fram áfengisfrumvarpið.

Hvernig virka forvarnir?

Því hefur verið haldið fram að með því að samþykkja áfengisfrumvarpið verði hægt að leggja meira í forvarnir. Okkur langar því að útskýra í hverju bestu áfengisforvarnir felast samkvæmt rannsóknum.

1. Að hækka verð. Því dýrari sem varan er, þeim mun færri neyta hennar.
2. Að takmarka aðgengi. Eftir því sem minna aðgengi er, þeim mun færri neyta vörunnar.
3. Að banna auglýsingar á vörunni. Því minna sýnileg sem varan er þeim mun ólíkleggra er að fólk kaupi hana.
4. Að fræða. Eftir því sem fleiri fræðast um skaðsemi vörunnar, þeim mun færri neyta hennar.

Forvarnir hafa sýnt sig virka best með þessum fjórum aðferðum. Við sannreyndum það hérlendis þegar unnið var í tóbaksforvörnum.

Áfengisneysla mun aukast ef frumvarpið nær í gegn. Það hefur fjöldi rannsókna sýnt, enda stendur það í frumvarpinu sjálfu. Beint samband er á milli aukinnar áfengisneyslu og fjölgunar sjúkdóma og samfélagsvandamála. Okkur þykir það undarlegar forvarnir sem miða að því að fjölga tilfellum heimilisofbeldis til að geta lagt meiri pening í forvarnir gegn heimilisofbeldi, fjölga krabbameinstilfellum til að geta komið í veg fyrir krabbamein og fjölga tilfellum ölvunaraksturs til að geta sent fleiri lögreglumenn út á götuna. Bestu áfengisforvarnir samkvæmt rannsóknum eru til staðar hérlendis í dag. Enda hefur árangurinn verið góður hingað til.

ÁTVR og áfengisforvarnir

ÁTVR rekur skýra forvarnarstefnu sem hefur leitt af sér minni neyslu og lægri sjúkdómatiðni vegna áfengisneyslu og þar af leiðandi minni kostnað fyrir samfélagið. Ísland er í fararbroddi í forvörnum gegn áfengisneyslu eins og fyrirkomulagið er í dag. Hérlendis hefur tekist að minnka tíðni áfengis-

neyslu meðal ungmenna úr 42% í undir 5% á rúmum 15 árum. Til okkar leita aðrar borgir í Evrópu. Ljóst er að verði ÁTVR lagt niður mun áfengisneysla í samfélaginu aukast, enda stendur það skýrum stöfum í áfengisfrumvarpinu.

Hvað með börnin?

Unglingar eru þrefalt líklegri til að geta keypt sér áfengi í matvörubúð en áfengisbúð og með auknu aðgengi hefja þeir áfengisneyslu yngri en ella og þeir sem neyta áfengis innbyrða meira magn. Líkur á að þeir leiðist út í fíkniefni aukast því sýnt hefur verið fram á beina fylgni á milli ungs aldurs við áfengisneyslu og fíkniefnaneyslu. Sjálfstæðisflokkurinn vill auka aðgengi að áfengi sem leiðir af sér að neysla unglunga eykst. Hvers konar forvarnarstarf er það?

1,4 milljarðar arður ÁTVR í ríkissjóð

ÁTVR hefur alla tíð verið rekið með hagnaði og árið 2014 fékk ríkissjóður 1,4 milljarða í arðgreiðslu frá ÁTVR. Það er því eðlilegt að Hagar og aðrir einkaaðilar hafi áhuga á að fá áfengissöluna til sín. Þá fer allur ágóðinn beint í vasa þeirra en ekki til samfélagsins. Samfélagið situr uppi með kostnaðinn en fær ekki tekjurnar af sölnunni. Væri ekki nær að þessir 1,4 milljarðar færu í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og stofnana eins og Vogs?

Hver á að sjá um sölu á áfengi og tóbaki?

Það er vel þekkt fyrirkomulag að einkaaðilar sjái um rekstur áfengis sölu en af hverju vilja sjálfstæðismenn endilega fá áfengi í matvörubúðir þegar viðvörunarþjöllur hringja úr öllum áttum? Það er vel hægt að selja ÁTVR til einkaaðila án þess að áfengi komi nokkurn tíma í matvörubúðir. Að færa áfengi í matvörubúðir er dæmi um ólýðheilsulegustu stefnu sem hugsast getur. Það eru allir sérfræðingar í áfengisforvörnum sammála um. Erum við að horfa upp á tíma þar sem þingmenn treysta ekki mati sérfræðinga og taka eiginhagsmuni fram fyrir hagsmuni alls samfélagsins? Þegar um svona mikilvæg mál efni er að ræða þá skiptir engu máli hvaða tilfinningar eða skoðanir hver og einn hefur. Staðreyndir og rannsóknir eiga að fá að njóta vafans þegar um er að ræða mál efni sem snertir alla þjóðina.

Bókstafir eða tölur? Stutt athugasemd við leiðara



Gylfi Jón Gylfason sviðsstjóri mats sviðs hjá Menntamálastofnun

Misskilnings gætir í leiðara Fréttablaðsins þann 25. janúar sl. þar sem fram kemur að grunn- og framhaldsskólum sé gert að umreikna einkunnir nemenda sinna úr bókstöfum yfir í tölustafi. Svo er ekki. Það er engin skylda og í raun ekki ætlast til þess nema að skólarnir kjósi það sjálfir. Samkvæmt upplýsingum frá skólameisturum framhaldsskóla munu þeir fyrst og fremst raða einkunnum umsækjenda eftir bókstöfum við innritun í vor.

Úr leiðaranum má einnig lesa að inntaka í framhaldsskóla verði hugsanlega flóknari og erfiðari en verið hefur. Svo er ekki. Þvert á móti ætti framhaldsskólum að reynast auðveldara að innrita nemendur eftir nýja matskvarðanum þar sem einkunnir á honum eru sambærilegri milli skóla en var í gamla kerfinu. Svo dæmi sé tekið þurfa nemendur með einkunnina B að hafa hæfni til að geta hafið nám á hæfniprepi tvö í framhaldsskóla. Þetta er mikil bót frá því sem var, þar sem mismunandi forsendur lágu að baki einkunna-

gjöf í gamla kerfinu og einkunnir úr ólíkum skólum þýddu ekki endilega það sama. Til dæmis gat mismunandi hæfni legið að baki einkunnarinnar 8 á milli skóla og má því nærri geta að samanburður á meðaltalseinkunnum, þar sem ekki er gengið út frá sömu forsendum, er ekki góður grunnur til inntöku nemenda.

Auðveldar samanburð

Í nýrri aðalnámskrá er öllum gert að ganga út frá sömu forsendum í einkunnagjöf. Það auðveldar samanburð á einkunnum nemenda milli skóla og þar með inntöku nemanda í framhaldsskóla þar sem fleiri umsóknir eru um skólavist en skólar geta tekið við.

Auðveldara er fyrir nemendur að átta sig á því hvaða hæfni liggur að baki útskriftareinkunnum þeirra en áður. Þeir geta einfaldlega flett upp hæfniviðmiðum í viðkomandi námsgrein til að átta sig á því hvaða hæfni er krafist til að fá einkunnina B, svo dæmi sé tekið.

Framhaldsskólarnir eru flestir, ef ekki allir búnir að setja sér viðmið um inntöku nemenda í framhaldsskóla út frá bókstafseinkunnum og birta á heimasíðum sínum. Þeir munu standa vel að innritun líkt og þeir hafa gert hingað til. Vert er að geta þess að langstærstur hluti nemenda fær þá skólavist á framhaldsskólalagi sem hann óskar eftir. Þannig fá 85 prósent nem-



Auðveldara er fyrir nemendur að átta sig á því hvaða hæfni liggur að baki útskriftareinkunnum þeirra en áður.

enda inni í þeim skóla sem þeir tiltaka sem fyrsta val og 13 prósent til viðbótar í þeim sem þeir tiltaka í annað val. Á því verður engin breyting þótt nýr matskvarði hafi verið tekinn upp.

Til að auðvelda kennurum að gefa einkunnir eftir nýja námsmatskvarðanum með áreiðanlegum og réttmætum hætti mun starfsfólk Menntamálastofnunar og mennta- og menningarmálaráðuneytis funda með kennurum og skólastjórnendum um land allt í febrúar og gefa ráð um hvernig best sé að standa að einkunnagjöf í vor. Samtímis verður birt fræðslufeni á heimasíðu Menntamálastofnunar sem ætlað er kennurum. Einnig verður gefið út kynningar efni fyrir nemendur og foreldra. Kjósi Fréttablaðið að kynna sér málið betur verða frekari upplýsingar fúslega veittar.

GÆÐA-UPPFÆRSLA

ÁVEXTIR BRAGÐAST ALVEG EINS

Tropi
APPELSÍNUSAFI
MED ALDINKJÖTI
ORANGE JUICE WITH PULP

100% HREINN APPELSÍNUSAFI MED ALDINKJÖTI
ÚR BYKKNI

SVONA FINNUR ÞÚ ÞINN UPPÁHALDS TRÓPI:

OKKAR BESTI MED ALDINKJÖTI

Tropi
NÁTTÚRULEGA GÓÐI SAFINN

HEFST 31. JANÚAR

ÍSLAND GOT TALENT



Fyrsta viðureignin

Evrópumótið í Austurríki
Riðlakeppni, 21. janúar 2010 í Linz

Ísland og Guðmundur Guðmundsson
37-37

Austurríki og Dagur Sigurðsson

Önnur viðureignin

Heimsmeistaramótið í Katar
Riðlakeppni, 20. janúar 2015 í Lusail

Danmörk og Guðmundur Guðmundsson
30-30

Þýskaland og Dagur Sigurðsson

Þriðja viðureignin

Evrópumótið í Póllandi
Milliriðill, 27. janúar 2015 í Wrocław

Danmörk og Guðmundur Guðmundsson
Klukkan 17.15 í kvöld
Þýskaland og Dagur Sigurðsson

Nýjast

EM 2016 – milliriðill 2

Spánn - Ungverjaland 31-29

Mörk: Valero Rivera 5 – Laszlo Nagy 9.

Svíþjóð - Danmörk 28-28

Mörk: Johan Jakobsson 5, Mattias Zachrisson 5, Andreas Nilsson 5 – Michael Damgaard 7.

Efst		Neðst	
Danmörk	7	Rússland	3
Þýskaland	6	Svíþjóð	2
Spánn	6	Ungverjaland	0

Svíar tryggðu sér dramatískt jafntefli gegn Dönum með marki á loka-sekúndum leiksins. Dönum nægir jafntefli gegn Þýskalandi í dag til að komast áfram í undanúrslit en sigri Spánn Króatíu í kvöld fer liðið áfram á kostnað annað hvort Þýskalands eða Danmerkur.

Enski deildabikarinn

Liverpool - Stoke (0-1)

0-1 Marko Arnautovic (45.).

Framlengingu þurfti til að knýja fram úrslit í síðari leik liðanna í undanúrslitum sem fór fram á Anfield í gær. Framlengingunni var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

ALFRED Á FÖRUM?

Fótbolti.net staðhæfði í gær að Alfred Finnbogason hefði óskað eftir því að fá að yfirgefa herbúðir gríska liðsins Olympiakos en þar er hann í láni frá Real Sociedad á Spáni. Alfred hefur fá tækifæri fengið með gríska liðinu á leiktíðinni en hann hefur verið orðaður við lið í ítölsku úrvalsdeildinni. Lokað verður fyrir félagaskipti í flestum löndum Evrópu um mánaðamótin.

LINDBERG ORÐINN REFUR

Erlingur Richardsson fékk mikinn liðsstyrk í gær þegar lið hans, Füchse Berlin, gekk frá þriggja ára samningi við danska landsliðsmanninn Hans Lindberg. Þessi öflugli hornamaður var án félags þar sem gamla liðið hans, Hamburg, er orðið gjaldþrota en hann hafði spilað með liðinu síðan 2007 og orðið Evrópumeistari, þýskur meistari og bikarmeistari á þeim tíma. „Ég hlakka mikið til. Við höfum átt gott samtal og ég er spenntur fyrir því að fá að vera hluti af þessu liði og spila með þeim góðu leikmönnum sem eru þar,“ sagði Lindberg í gær. Füchse Berlin er í fimmta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar en með liðinu leikur vinstri hornamaðurinn Bjarki Már Elísson.



Sögulegur dagur fyrir Ísland?

Guðmundur Guðmundsson og Dagur Sigurðsson mætast í þriðja sinn á stórmóti í dag og hvorugur þeirra náði að fagna sigri í hin skiptin. Báðir geta þeir komist með landslið sín í undanúrslitin á EM í Póllandi.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



HANDBOLTI Stórleikur kvöldsins á Evrópumótinu í Póllandi er ekki bara Íslendinga- og nágrannaslagur heldur einnig einn af lykilleikjunum í baráttunni fyrir að fá að spila um verðlaun á Evrópumótinu í ár. Danir mæta þá þjóðverjum í lokaumferð milliriðils EM og í boði er sæti í undanúrslitum keppinnar.

Fulltrúar íslensku þjóðarinnar

Íslenska handboltalandsliðið lauk keppni eftir aðeins þrjá leiki en íslensku þjálfararnir, Guðmundur Guðmundsson með danska landsliðið og Dagur Sigurðsson með þýska landsliðið, hafa haldið uppi heiðri þjóðarinnar á mótinu.

Danir eru ósigráðir með fimm sigra í fimm leikjum og þjóðverjar hafa unnið fjóra leiki í röð eftir að þeir komu til baka eftir tap fyrir Spánverjum í fyrsta leik. Þetta eina tap þjóðverja á móti Spáni gæti þó reynst þeim dýrkeypt þegar lokastaða milliriðilsins er tekin saman.

Guðmundur og Dagur eru báðir á sínu öðru stórmóti með sín landslið en þrátt fyrir að Guðmundur hafi endað tveimur sætum ofar með sitt lið á heimsmeistaramótinu í Katar fékk Dagur meira hrós fyrir sína framgöngu fyrir ári. Dagur var að þróa nýtt lið og þótti gera vel með því að

ná sjöunda sætinu og tryggja sig inn í forkeppni Ólympíuleikanna. Það voru hins vegar vonbrigði fyrir Dani að spila ekki um verðlaun enda að flestra mati með lið sem hafði alla burði til þess.

Meiðsli í báðum liðum í aðdraganda EM í Póllandi þýddu að það reyndi enn meira á íslensku þjálfarana. Guðmundur missti klettinn úr vörninni (Rene Toft Hansen) en Dagur hefur verið einkar óheppinn með meiðsli manna og sú þróun hefur haldið áfram á mótinu sjálfu.

Dagur mætir í raun með hálfgerð b-lið í leikinn við Dani enda búinn að missa fastamann úr öllum stöðum. Það er því meiri brekka hjá Degi en Guðmundi fyrir leik kvöldsins.

Úrræðagóðir þjálfarar

Guðmundur og Dagur hafa báðir sýnt hversu úrræðagóðir þeir eru í sínum leikjum og tilfærslur þeirra og breytingar eiga mikinn þátt í því hversu vel hefur gengið í seinni hálfleikjum liðanna.

Þýska liðið var þannig fjórum mörkum undir á móti Svíum en vann fyrstu fimmtán mínútur seinni hálfleiksins með átta mörkum og leikinn síðan með einu marki. Dagur notaði tvo línurmenn í sókninni í seinni hálfleik sem breytti miklu fyrir sóknarleikinn.

Danska liðið var undir í hálfleik í leikjum sínum við Svartfellinga og Spánverja en vann seinni hálfleikinn í þessum tveimur leikjum með

» Landslið Guðmundar og Dags hafa tvívegis mæst á stórmóti í handbolta. Jafntefli varð niðurstaðan í báðum leikjum.

ellefu mörkum. Í leiknum við hið sterka lið Spánverja lét Guðmundur Mikkel Hansen spila sem leikstjórnandi í seinni hálfleiknum sem gekk fullkomlega upp enda kom Michael Damgaard frábærlega inn í vinstri skyttuna. Danir unnu seinni hálfleikinn með sjö markum.

Mættust á EM 2010 og HM 2015

Guðmundur og Dagur hafa mæst tvisvar sinnum með sín landslið á stórmótum, fyrst á Evrópumótinu fyrir sex árum og svo aftur á HM í Katar fyrir ári. Í bæði skiptin varð niðurstaðan jafntefli og í báðum tilfellum eftir dramatiska endurkomu annars liðsins.

Lærisveinar Dags í austurríska landsliðinu náðu þannig að vinna upp þriggja marka mun íslenska landsliðsins á síðustu 50 sekúndunum þegar Austurríki og Ísland gerðu 37-37 jafntefli í riðlakeppni EM 2010.

Í fyrra var það aftur á mótið komið að liði Guðmundar að vinna upp þriggja marka mun á lokamínútnum. Strákarnir hans Dags voru þá með þriggja marka forystu þegar rétt tæpar tíu mínútur voru eftir en Danir unnu lokakaflann 6-3 og tryggðu sér 30-30 jafntefli.

Tveir leikir eru því að baki milli þeirra Guðmundar og Dags og hvorugur hefur fagnað sigri. Þeir þekkjja það þó að fagna sigri hvor á móti öðrum enda mættust þeir átta sinnum í þýsku deildinni frá 2010 til 2014. Guðmundur og lið hans Rhein-Neckar-Löwen unnu fjóra af leikjunum átta en Dagur vann tvo.

Dagur og Guðmundur þekkjast líka mjög vel sem samstarfsmenn enda var Dagur fyrirliði Guðmundar þegar Guðmundur þjáfaði íslenska landsliðið í fyrra skiptið á árunum 2001 til 2004.

Dagur verður að vinna

Danir gerðu jafntefli við Svía í gær og eru með einu stigi meira en Þýskaland og Spánn. Jafnteflið þýðir að staða Spánverja styrktist en þeir munu með sigri á Rússum í síðasta leik riðilsins í kvöld tryggja sér sæti í undanúrslitunum, óháð því hvernig viðureign Dana og Þjóðverja fer fyrir um daginn.

Danska liðið vinnur riðilinn með því að ná að minnsta kosti jafntefli gegn Þýskalandi í dag. Með tapi er Danmörk aðeins úr leik ef Spánn vinnur sinn leik gegn Rússlandi.

Þýskaland fer áfram með sigri en eitt stig dugir aðeins ef Spánn tapar sínum leik. Með tapi eru Dagur og hans menn einfaldlega úr leik, óháð úrslitanna í leik Spánar og Rússlands.

Íslenskt handboltaáhugafólk fylgist því örugglega spennu með lokaumferð riðlakeppninnar á Evrópumeistarmótinu í handbolta í kvöld.



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST LADY 31


ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. janúar 2016

4. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Enn þörf fyrir FKA

Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu, lætur brátt af störfum. Hún segist hafa upplifað mikla vitundarvakningu um stöðu kvenna á fimm ára tímabili sínu við stjórn. Hún segir áhrif kynjakvóta hafa verið of hæg og mikilvægt sé nú að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum.

»6



»2

Óvist hvenær saga ÁTVR kemur úr
Saga ÁTVR hefur verið tíu ár í vinnslu.

»4

Segir ábyrgð og arðsemi fara saman
Fyrirverandi stjórnarformaður Lego talar fyrir samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja.

»8

Svipmyndin: Matthías Imsland
Nýr aðstoðarmaður forsætisráðherra segist vera mikill pabbi.


»10

Spili mikið golf
Lars Christensen skrifar um góða bankastjóra.

»12

Lækkun í Kauphöll
Stjórnarmaðurinn segir lækkun hlutabréfa í Kauphöll Íslands vera til marks um heilbrigðan markað.

ÍSLENSKA SÍMA SÍÐI 70309 00/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR



SKJÓÐAN



Skussar ársins – eða ótíndir skúrkar?

LANDSBANKINN seldi hluta-bréf sín í Borgun án þess að láta markaðinn vita að þau væru til sölu. Kaupendurnir voru handvaldir úr hópi annarra eigenda og stjórnenda Borgunar. Verðið var óeðlilega lágt, eins og arðgreiðsla til eigenda örfáum vikum eftir sölu leiddi í ljós.

NÚ ER komið á daginn að nýir eigendur Borgunar hagnast um marga milljarða vegna hagnadarhlutdeildar Borgunar í sölu Visa í Evrópu til Visa í Ameríku. Stjórnendur Landsbankans, ríkisbankans, voru að ráðstafa eignum skattgreiðenda þegar þeir afhentu hlut bankans í Borgun fyrir táknað gjald, sem endurspegladi hvergi nærri sannvirði hlutarins.

VISA í Evrópu hafði í tíu ár haft söluverð á gagnvart Visa í Bandaríkjunum og víðræður um fullnustu hans hafa staðið í þrjú ár. Það er því ekki hægt að halda því fram að mönnum hafi ekki verið kunnugt um sölu á Visa í Evrópu, sem nú færir nýjum eigendum Borgunar marga milljarða. Visa í Bandaríkjunum hefur itrekað gefið út tilkynningar um áhrif kaupskyldunnar gagnvart Visa í Evrópu á afkomu fyrirtækisins. Þetta eru og hafa verið opinberar upplýsingar.

STJÓRNENDUR Landsbankans vissu af yfirvofandi sölu á Visa í Evrópu og settu sérstök ákvæði inn í sölu á hlut Landsbankans í Valitor til Arion banka, sem tryggðu Landsbankanum hagnað af væntanlegum viðskiptum milli Visa í Evrópu og Bandaríkjunum. Fullyrðingar um að hlutdeild Borgunar í hagnaði af þeim við-

skiptum hafi fyrst og fremst orðið til á þeim mánuðum sem liðnir eru frá sölu hlutabréfa bankans eru fráleitar og til merkis um annaðhvort örvæntingu stjórnenda Landsbankans eða ósvífni, nema hvort tveggja sé.

NOKKRIR stjórnendur gömlu bankanna sitja í fangelsi. Þeir hafa m.a. verið dæmdir fyrir umboðssvik, þ.e. þeir eru taldir hafa farið út fyrir umboð sitt og ráðstafað eignum bankanna á þann veg að hluthafar urðu fyrir tjóni.

EKKI VERÐUR annað séð en að bankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans hafi beinlínis skaðað eigendur bankans, íslenska skattgreiðendur, með sölu á hlutunum í Borgun án útboðs. Með hliðsjón af sölu á Valitor til Arion banka blasir við að vart er um vanrækslu að ræða heldur beinan ásetning. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar hlýtur formaður bankaráðs Landsbankans að bera beina refsiaðgerð í málinu ásamt bankastjórnunum og framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, jafnvel þótt hann hafi mögulega ekki átt beina aðkomu að málinu.

HUGSANLEGA gerðu kaupendur Borgunar viðskipti ársins á sama tíma og Landsbankamenn fá skammarverðlaun sem verstu viðskiptamenn ársins en spyrja má hvort einhver munur sé á umboðssvikum bankamanna fyrir hrun og umboðssvikum bankamanna, sem í dag gauka verðmætum eignum til sérváldinna vina sinna án útboðs og á vildarkjörum.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Anton Brink**

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is | Veffang visir.is

- Launavinnslur
- Bókhald
- Uppgjör
- Skattframtöl

Viðskiptaþjónusta PwC

pwc



Sigrún Ósk segir að þessi mikla umræða sem hefur verið um afdrif ÁTVR hafi seinkað ákvörðun um útgáfu. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Enn beðið með útgáfu á sögu Vínbúðanna

Tíu ár hefur tekið að skrifa sögu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Allt óvíst hvenær af útgáfu verður. Umræða um breytingar á sölu áfengis hefur haft áhrif.



Sigrún Ósk Sigurðardóttir

Þótt ritun sögu ÁTVR sé lokið er enn alveg óvíst hvenær bókin kemur út. Tíu ár eru liðin frá því að ritun sögunnar hófst. „Staðan er þannig að verkefnið er þannig séð búið,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri ÁTVR. Nú eigi einungis eftir að taka ákvörðun um útgáfuna. „Það verður að segjast eins og er að þessi mikla umræða sem hefur verið um afdrif fyrirtækisins hefur seinkað þeirri ákvörðun. Ef ég á að vera alveg hreinskilin,“ segir Sigrún Ósk. Þar vísar hún í umræðu um afnám á einkarétti Vínbúðanna á sölu

áfengis. Hún segir þessa umræðu þó ekki einu ástæðu seinkunarinnar. „En það er ekki því um að kenna. Það væri ósanngjarn. En það hefur haft áhrif.“

Síðasta dag janúarmánaðar 2014 birti Fréttablaðið frétt um að kostnaður við ritun sögunnar yrði um 22 milljónir króna. Sigrún Ósk segir að sú kostnaðaráætlun haldist nánast óbreytt. Í fréttinni kom fram að byrjað var að huga að ritun sögu ÁTVR fyrir tíu árum, þótt kostnaðaráætlun hafi ekki verið gerð fyrir en árið 2006. Í ávarpi forstjóra ÁTVR í ársskýrslu verslunarinnar fyrir árið 2005 kom fram að áformað væri að sagan kæmi út á árinu 2007, þegar ÁTVR varð 85 ára.

Upphafleg kostnaðaráætlun, sem gerð var árið 2006, gerði ráð fyrir að ritun sögu ÁTVR kostaði 14,4 milljónir króna. Sú upphæð rann öll til fjögurra verkataka sem skrifuðu sög-

una. Fyrirverandi starfsmenn ÁTVR, sem aðstoðuðu við ritun sögunnar, fengu ekki greitt fyrir þá vinnu, að því er fram kemur í svari ÁTVR við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þrátt fyrir að verkið hafi dregist og ýmislegt breyst frá því að ákvörðun um ritun sögunnar var tekin, heldur Sigrún Ósk að sagan verði gefin út. „Það er svo sem ekki mitt nákvæmlega að ákveða það. En ég held að hún verði gefin út,“ segir Sigrún Ósk en bætir því við að það sé ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvenær það gerist.

Kostnaður við verkið hefur ekki farið fram úr áætlunum þótt tölurnar í dag liti allt öðruvísi út en þær gerðu þegar áætlun var gerð 2006. Sé tekið tillit til verðlagsþróunar frá árinu 2006 hljóðaði upphafleg áætlun upp á 24,8 milljónir á verðlagi dagsins í dag.

jonhakon@frettabladid.is

Vikan sem leið

27,4

milljarðar seldir í Bakkavör

Arion banki og lífeyrissjóðir seldu félagi í eigu bræðranna Ágústs Guðmundssonar og Lýðs Guðmundssonar og bandarískra fjárfestingasjóða 46 prósent hlut BG12 í Bakkavör Group Ltd. Kaupverðið var 27,4 milljarðar íslenskra króna. Sameinaði lífeyrissjóðurinn og dótturfélag Klakka seldu jafnframt 5% hlut.

970

milljónir settar í QuizUp

Tölvuleikjaframleiðandinn Glu Mobile Inc, sem sérhæfir sig í að framleiða leiki fyrir snjalltæki, ætla að fjárfesta í íslenska tölvuleikjafyrirtækinu Plain Vanilla fyrir allt að 7,5 milljónir Bandaríkjadala sem samsvarar um 970 milljónum króna. Glu og Plain Vanilla ætla m.a. að vinna að þróun sjónvarpsþáttar QuizUp.

6,2

prósenta launahækkun

ASÍ og SA undirrituðu SALEK-samkomulagið sem gildir út árið 2018. Samkvæmt samkomulaginu mun almenn 6,2 prósent launahækkun taka gildi í stað 5,5 prósent launaprónunartryggingar. Þá hækkað framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og verður 11,5 prósent í lok tímabilsins.

Á döfinni

Miðvikudagur 27. janúar
ÞJÓDSKRÁ ÍSLANDS - Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?
Fimmtudagur 28. janúar
NÝHERJI - Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2015.
ÞJÓDSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi útgefna vegabréfa
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala neysluverðs í janúar 2016
HAGSTOFA ÍSLANDS - Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahluta-

félaga í desember 2015
HAGSTOFA ÍSLANDS - Skráð fyrirtæki og félög
Föstudagur 29. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Verðmæti sjávarafra, janúar-október 2015
HAGSTOFA ÍSLANDS - Útungun alifugla í desember 2015
HAGSTOFA ÍSLANDS - Gistinætur og gestakomur á hótélum í desember 2015

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala framleiðsluverðs í desember 2015
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vöruiðskipti við útlönd, janúar–desember 2015, bráðabirgðatölur
Mánudagur 1. febrúar
ÞJÓDSKRÁ ÍSLANDS - Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is
Þriðjudagur 2. febrúar
ÖSSUR - Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2015.
VISIR Allar markaðsupplýsingar

keldan
dagatal viðskiptalífsins



MÁTÆÐU HANN VIÐ ÞIG

Upplifðu einstaka hönnun
Volvo V40 Cross Country
Verð frá 4.490.000 kr.

Sparneytinn
Aflmikill
Há veghæð

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO V40 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG

MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



Volvo V40 Cross Country er knúinn sparneytinni og aflmikilli tveggja lítra dísilvél sem skilar 120 hestöflum. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP. Hann er jafnframt ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara með tímastilli, loftkælingu, Volvo High Performance hljómtækjum, Bluetooth GSM símkerfi og hinu margverðlaunaða öryggiskerfi Borgaröryggi (City Safety). Á bílnum eru glæsilegir Cross Country þakbogar og hann kemur á völdugum 16" Geminus álfelgum. Eldsneytisnotkun (beinskiptur/sjálfskiptur) í blönduðum akstri er 3,7/3,9 l/100 km og CO₂ losun er 96/101 g/km. Volvo V40 Cross Country dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Spá hnignun í sölu iPhone

Áður en Apple kynnti afkomu fjórða ársfjórðungs síðasta árs í gærkvöldi var því spáð að söluaukningin milli ára yrði mun minni en árin áður. Nú spá sérfræðingar að þetta sé byrjunin á hnignun í sölu iPhone á árinu 2016.

Apple átti stórkostlegt ár eftir að hafa kynnt síma með stærri skjá, iPhone 6, auk stærri útgáfu af þeim síma, iPhone 6 Plus, í september árið 2014. En talið er að of lítil þróun hafi orðið milli iPhone 6 og 6S, sem kynntur var í september 2015, því séu neytendur annaðhvort að kaupa gamla iPhone 6 síma eða bíða eftir tækninýjungum hjá iPhone 7, sem er væntanlegur í september 2016.

Reuters greinir frá því að spáð sé að sala á iPhone muni dragast saman á fyrsta fjórðungi þessa árs sem yrði fyrsti samdráttur milli fjórðunga síðan fyrsti iPhone síminn var kynntur árið 2007. Sérfræðingar spá að 54,6 milljónir síma muni seljast á fyrsta fjórðungi þessa árs, samanborið við 61,2 milljónir síma á sama fjórðungi ársins 2015,



Sala á iPhone 6S hefur ekki verið í samræmi við væntingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sem var fjörutíu prósentu aukning milli ára.

Afkoman hafði ekki verið kynnt þegar Markaðurinn fór í prentun en þá höfðu hlutabréf í Apple lækkað um tíu prósent síðan í byrjun október. – sg



Kauphöllin afgreiddi mun færri mál árið 2015 en 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tuttugu málum vísað til FME árið 2015

Á síðastliðnu ári afgreiddi Kauphöllin sextíu og sjö eftirlitsmál, þar af var tuttugu ábendingum vísað til Fjármálaeftirlitsins (FME), segir í tilkynningu.

Kauphöllin afgreiddi mun færri mál en árið 2014 þegar áttatíu og níu mál voru afgreidd, fleiri ábendingar voru þó sendar til FME, en fimmtán ábendingar voru sendar til FME árið 2014.

Þremur málum var vísað til Viðurlaganefndar Kauphallarinnar til frekari meðferðar árið 2015. Einu þeirra var lokið með opinberri áminningu og féviti en bedið er eftir úrskurði Viðurlaganefndar í hinum tveimur.

Af málunum sextíu og sjö, afgreiddi Kauphöllin 49 mál vegna gruns um brot á reglum um upp-

lýsingagjöf félaga á markaði („upp lýsingarskyldueftirlit“) en tuttugu mál sem lutu að viðskiptum með verðbréf („viðskiptaefirlit“).

Í upplýsingaskyldueftirliti var tuttugu og eitt mál afgreitt með athugasemd og sex málum lokið með óopinberri áminningu. Tvö mál voru afgreidd með opinberri áminningu og féviti. Sjö málum var vísað til FME til frekari skoðunar. Alls var nítján málum lokið án aðgerða.

Af þeim málum sem lutu að viðskiptum með verðbréf voru tvö mál afgreidd með athugasemd. Eitt mál var afgreitt með óopinberri áminningu. Þrettán málum var vísað til FME til frekari skoðunar. Fimm málum var lokið án aðgerða. – sg

Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í miðju Borgarness, á mótí ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi,

Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.

Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði

Allar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn eða gudsteinn@kb.is

Borgarland ehf.



Ábyrgum fyrirtækjum gengur betur en öðrum

Samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum gengur betur en öðrum að sögn Mads Øvlisen, fyrrum stjórnarformanns Lego og Novo Nordisk. Fyrirtæki þurfi að geta átt samtál við sína hörðustu gagnrýnendur. Öll fyrirtæki geti verið ábyrg.

„Fyrirtæki sem hegða sér á samfélagslega ábyrgan hátt standa sig betur en önnur með tilliti til arðsemi, hagnaðar og orðspors,“ segir Mads Øvlisen, fyrrum stjórnarformaður Lego og fyrrum stjórnarformaður og forstjóri danska lyfjafyrirtækisins Novo Nordisk, og vísar þar til nýrra rannsókna.

Mads hefur í áratugi verið talsmaður þess að fyrirtæki hagi sér á samfélagslega ábyrgan hátt og mun flytja erindi á ráðstefnu Festu og Samtaka atvinnulífsins um samfélagslega ábyrgð á fimmtudaginn.

Oft hefur verið fullrytt að meginmarkmið fyrirtækja sé að skila eigendum sínum hámarks arðsemi. „Mér hef aldrei fundist það gagnleg afstaða. Möguleikar fyrirtækja til að skapa og skila hagnaði velta ekki bara á því að vinna í þágu hluthafa. Ef þú ert að reka skapandi fyrirtæki þarftu að hafa traust samfélagsins til að sinna rannsóknum og þannig orðspor að háskólaþing vilji vinna hjá þér,“ segir Mads.

„Lyfjafyrirtæki þurfa til að mynda að framkvæma tilraunir á dýrum þannig að dýravendursamtök reyni ekki að láta loka fyrirtækinu.“

Þá verði stjórnendur að vera tilbúnir að ræða samfélagslega ábyrgð við fleiri aðila en hluthafa sína. „Ég hef ekki trú á því að fyrirtæki geti sett sér markmið um samfélagslega ábyrgð í tómarúmi. Þau þurfa að ræða við sína helstu gagnrýnendur, sem oft eru frjáls félagasamtök og borgarar með aðra heimssýn en fyrirtækið.“

Hins vegar þyki fulltrúum margra fyrirtækja óþægilegt að ræða við aðila utan við fyrirtækið um samfélagslega ábyrgð.

Mads bendir á að árið 2004 hafi hluthafar Novo Nordisk komið ákvæði í samþykktir félagsins um að



Mads Øvlisen hvarar í eyra Kjeld Kirk Kristiansen, þáverandi varaformanns stjórnar Lego, á blaðamannafundi árið 2005. Mads segir stefnu Lego um samfélagslega ábyrgð hafa verið ein ástæða þess að hann tók að sér stjórnarmennsku í fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ég hef ekki trú á því fyrirtæki geti sett sér markmið um samfélagslega ábyrgð í tómarúmi. Þau þurfa að ræða við sína helstu gagnrýnendur.

Mads Øvlisen, fyrrum stjórnarformaður Lego og Novo Nordisk

fyrirtækið yrði rekið á fjárhagslega, samfélagslega og umhverfislega ábyrgan hátt. „Með þessu gáfum við út að fyrirtækið gæti verið tilbúið að fóna skammtímaáögöða til að stuðla að hagnaði til lengri tíma.“

Meðal helstu afurða Novo Nordisk eru lyf fyrir sykursjúka. Mads segir að fyrirtækið hafi sett sér það

markmið að útrýma sykursýki. Það myndi um leið útrýma þörfinni fyrir lyf fyrirtækisins.

Með því sé verið að breyta rétt en einnig sé markmiðið mjög hvetjandi fyrir starfsfólk fyrirtækisins enda sykursýki eitt mesta skaðræði sem herjar á mannkynið.

Mads segir öll fyrirtæki geta hegðað sér á samfélagslega ábyrgan hátt, jafnvel þó þau starfi í umdeildum iðnaði. „Ég dæmi ekki. Það eru lifeyrissjóðir sem fjárfesta ekki í áfengis- eða tóbaksíðnaði. En þrátt fyrir að þú sért í þessum iðnaði tel ég að þú getir hagað þér á samfélagslega ábyrgan hátt. Til dæmis með því að tryggja að framleiðsla þín sé í samræmi við það sem megi búast við og mannréttindi þeirra sem tína tóbakið séu virt.“

ingvar@frettabladid.is

Telja markaðsvirði N1 of hátt

Mat Capacent á virði oliufélagsins N1 er einum milljarði lægra en markaðsvirði félagsins var við lokun markaða í gær. Samkvæmt verðmati Capacent er virði félagsins 15,37 milljarðar króna. Markaðsvirði félagsins, þegar matið var gert, var 16,57 milljarðar en 16,38 milljarðar í gær.

Capacent segir að vöxtur og hagnaður til framtíðar séu lyklatríði við mat á virði félagsins. „Vöxtur með núverandi viðskiptamódeli verður að teljast frekar ólíklegur. Aukinn hagnaður getur orðið til með verulegri lækkun á kostnaði eða þá að, og kannski líklegar, við áherslubreytingar varðandi vörur og viðskiptavini,“ segir í verðmatinu. Þá segir að margt bendi til þess að framtíðin í sölu á jarðefnaeldsneyti, ekki síst fyrir bifreiðar, sé ekki björt, þó ekki séu miklar breytingar í vöndum á allra næstu árum. Capacent segir að veruleg óvissa ríki um hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir félagið. Hæfileiki til að takast á við breyttar aðstæður verði lyklatríði fyrir framtíð félagsins

Í verðmati Capacent segir að árið 2014 hafi markaðshlutdeild N1 á eldsneytismarkaði á Íslandi verið 37%. Helstu samkeppnisaðilar séu Olís, Skeljungur og Atlantsolía. „Samkeppnisumhverfið gæti þó breyst fljótlega þar sem tvær smásölukeðjur, Costco og Kaupás, hafa lýst yfir áhuga á að selja eldsneyti til bifreiða við útsölastaði sína.“

Á meðal helstu áhættuþátta í



Á meðal helstu áhættuþátta í rekstri N1 er gengisáhætta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1.000 milljónir er upphæðin sem markaðurinn ofmetur virði N1 samkvæmt greiningu Capacent.

Vöxtur með núverandi viðskiptamódeli verður að teljast frekar ólíklegur.

Greining Capacent

rekstri félagsins segir Capacent að sé gjaldyrísáhætta. Eldsneyti er keypt í bandarískum dollurum en að mestu selt í íslenskum krónum. Þessari áhættu sé mætt með sérstökum samningum og lágrir birgðastöðu. „Sveiflur í eldsneytisverði skapa einnig áhættu sem öðru fremur er háð stærð og aldri birgða. En þrátt fyrir töluverð skammtímaáhrif eru sveiflur í verði á gjaldyri og eldsneyti ekki líklegar til að hafa veruleg langtímaáhrif á reksturinn,“ segir í matinu. Það sé þó vert að geta þess að téðar sveiflur geti haft veruleg áhrif á hagnaðarhlutföll með þeim afleiðingum að samanturður milli ára getur verið verulega skakkur. – jhh

Póstdreifing


Við látum það berast



ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU



„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabíl og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur
Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda

VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR

www.postdreifing.is



Hulda Bjarnadóttir segir að sér hafi ekki tekist að leggja niður félagið á sinni tíð, en kannski ná eftirmaður hennar því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hrekja mýtuna um að konur segi nei

Hulda Bjarnadóttir hefur verið framkvæmdastjóri FKA í fimm ár. Hún segist hafa upplifað mikla vitundarvakningu á tímabilinu. Í dag sjái íslenskir stjórnendur haginn í því að blanda stjórnnum og framkvæmdastjórnnum. Enn sé þó langt í land í jafnréttisbaráttunni, áhrif kynjakvóta hafi verið hægari en von var á, stjórnendur þurfi að taka það til sín. Einnig er þörf á að rétta hlutfall kvenna í fjölmiðlum.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Hulda Bjarnadóttir lætur brátt af störfum eftir fimm ára starf sem framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA). Þegar Hulda tók við starfinu árið 2010 sagði fráfarandi framkvæmdastjóri að hún vonaðist til að Huldu myndi takast að leggja félagið niður því ekki væri þörf á því lengur. Huldu tókst ekki ætlunarverkið í sinni stjórnartíð. Hulda segir þörfina fyrir félagið enn vera til staðar, þrátt fyrir miklar framfarir í stöðu kvenna í atvinnulífinu á Íslandi. „Ég er vongóð um að hægt verði að leggja félagið niður á næstu fimm til tíu árum. En ég held það verði kannski ekki lagt niður sem slíkt því það eru alltaf einhver verkefni. En það væri æðisleg staða,“ segir Hulda.

Fjöldi félagsmanna tvöfaldast

FKA var stofnað árið 1999 sem Félag kvenna í atvinnurekstri. Félagið breytti síðar um nafn, en til þess að fá að ganga í félagið þarf viðkomandi þó að vera stjórnandi, eða eiga og reka eigið fyrirtæki. Frá því að Hulda tók við árið 2010 hefur fjöldi félagsmanna nær tvöfaldast, úr 650 konum í 1.100.

Hulda segir FKA vera stærsta félagið á Íslandi þegar kemur að

tengslanetsmyndun kvenna, þó með fókusi á atvinnulífið. „Við reynum samt að skírskota til breiðari grunns og jafnréttismála sem hafa með ásynd og eflingu kvenna almennt að gera.


FKA var stofnað á sínum tíma vegna þess að konur í eigin rekstri kölluðu eftir stuðningi, þær vantaði tengslanetið og vantaði kannski skilning á að sækja fjármagn og ýmiss konar málefni sem voru sett á dagskrá þá. En það er ljóst að kvenstjórnendur eru enn að sækja sér stuðning, þurfa bakland og það sannast á því að það eru alltaf að spretta upp litlar sellur sem vilja styrkja sig, konur sem starfa í sjávarútvegi, í orkumálum og í vísindum svo eitthvað sé nefnt. „Ég held við séum enn þá að vaxa og það sé enn þörf á stuðningi. Konurnar tala enn um að þær séu að reka sig í þetta glerþak og karlarnir eru enn með 70-80 prósent hlutdeild í fjölmiðlum,“ segir Hulda.

Hulda Bjarnadóttir starfaði sjálf í fjölmiðlum frá unglingsaldri, meðal annars á Bylgjunni, en stýrði svo Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk með krabbamein áður en leiðin lá í FKA. Hún lærði viðskiptafræði og er með MBA-próf. „Tengsl og samskiptamál hafa svolítið verið mínar ær og kýr í gegnum tíðina,“ segir Hulda.

Skekkjan kom á óvart

Hulda segir að það sem hafi komið henni mest á óvart á ferlinum hjá FKA var hve hissa hún var á stöðu

Kynjalutfall framkvæmdastjóra á Íslandi



Fokus punkturinn var að til að fjölga konum í framkvæmdastjórn þá ættum við að fjölga í stjórnnum. Þá var farið í að fjölga í stjórnnum og talið að þannig myndi sjálfkrafa fjölga í framkvæmdastjórnnum. Það var röng ályktun, augljóslega.

kvenna í atvinnulífinu þegar hún tók við framkvæmdastjórnastöðunni. „Þegar ég fer að rýna í tölur þá var ég hissa, ég hafði ekki upplifað þetta svona skakkt. Ég flaut bara sofandi að feigðarósi en svo þegar ég fór að skoða tölurnar þá fannst mér þetta ekki hægt. Það kemur mér mest á óvart hvað við eigum enn langt í land,“ segir Hulda.

Sjá hag í blönduðum stjórnnum

Helstu áskoranirnar á ferlinum segir Hulda vera að fá stjórnendur og eigendur í íslenskum fyrirtækjum til að skilja styrkleikann í fjölbreytileikanum, að konur og karlar séu sterkari saman. „Það var mjög mikil áskorun að ræða þetta á sínum tíma og fólk var mjög ósammála og andsnúið hugmyndum um að koma

fleiri konum inn í stjórnir, hvað þá þegar lagasetningin fór í gegn. En í dag erum við ekki að eiga þessi samtöl. Það er orðinn skilningur á þessu og það er kominn eðlilegri samræðugrundvöllur með þetta allt saman. Ég held að íslenskir stjórnendur í dag sjái haginn í því að blanda stjórnnum og framkvæmdastjórnnum. Nú er áskorunin að rétta hlutfall kvenna í fjölmiðlum. Það eru alltaf einhver verkefni sem við getum tekið á og haldið áfram með.“

Í stjórnartíð Huldu hefur FKA verið með tvö verkefni í gangi, stjórnunarverkefni og fjölmiðla-verkefni. Stjórnunarverkefnið fólst í því að koma fleiri konum í stjórnir fyrirtækja landsins. Árið 2010 samþykkti Alþingi lög um kynjakvóta sem segja að í stjórnnum opinberra hlutfélaga og hlutafélaga sem hafa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli vera 40 prósent hlutfall af öðru kyninu. Lögin tóku í gildi í september 2013.

Áhrif kynjakvótans of hæg

Hulda segir að áhrif kynjakvótans séu nú þegar nokkur, sér í lagi vegna vitundarvakningar sem orðið hefur. „Meðvitund og samtal um fjölbreytileika er nú á allt öðru plani. Ég held það hafi orðið mjög hröð breyting hvað það varðar. Ég held að þær atvinnugreinar sem eru með hvað mest regluverk, sem hafa tekið sér tak og unnið samkvæmt lögum og breytt, hafi framkvæmt þetta vel. Enn eru þó vissar greinar sem eru eftir á í þessum málum og þurfa

Þekktust ekkert

Pocket Disco er nýtt tónlistarverkefni Salóme R. Gunnarsdóttur og Steindórs Grétars Jónssonar. Þau þekktust ekkert áður en þau ákváðu að stofna hljómsveit en smullu saman og verða með útgáfuhóf á Kexi í kvöld. BLS. 2



LÁTTU HERRA SNJALL SJÁ UM TÆKNIMÁLIN Á HEIMILI ÞÍNU

Herra Snjall kynnis Herra Snjall er nýtt fyrirtæki sem veitir snögga og faglega uppsetningu og uppfærslu á sjónvarpi, tölvum, neti, heimabíói og Apple tv/Netflix og GPS. Þjónustan miðar að því að fólk geti notað nýjustu tækni af kunnáttu, enda eru ótrúlega margir möguleikar í boði sem nauðsynlegt er að læra á til að njóta snjalltækninnar. Þekktust ekkert

Sverrir Birgir Sverrisson og Kjartan Þór Þórisson eru eigendur og stofnendur fyrirtækisins en hjá þeim starfar hópur faglærðra þjónustuaðila. Sverrir segir að margir séu óvanir nútíma snjalltækjum og þekki ekki alla möguleika sem í þeim felast. „Við komum á staðinn og veitum persónulega þjónustu. Ef einhver tæknivandamál eru til staðar þá lögum við þau. Hvort sem þarf að tengja sjónvarpið, tengja það við heimabíó, myndlykil eða tölvu. Þá getum við einnig hengt sjónvarpið upp á vegginn ef beðið er um það og göngum frá öllum tengingum á faglegan hátt,“ útskýrir Sverrir.

FULLT AF MÖGULEIKUM

„Fyrirtækið hóf störf fyrir skömmu og þegar hefur komið í ljós að mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu. Það eru margir í vandræðum með ýmsar tengingar og einnig að læra hvernig tækin virka. Þessi nýju sjónvörp eru mjög ólík eldri gerðum og tæknivæddari. Svokallað smart tv býður upp á ótrúlega mikla möguleika sem gaman er að kunna að nota. Þá eru ýmsir möguleikar með Netflix og síðan að nota sjónvarpið eins og tölvu. Ýmis öpp eru í boði sem fólk getur nýtt sér í sjónvarpinu,“ segir Sverrir og bætir við að þeir kenni fólki einnig að samtengja iPad við sjónvarpið og að nota snjallsímann sem fjarstýringu. „Við leggjum áherslu á að fólk kunni vel á tækin sín eftir að hafa fengið þjónustu okkar.“

LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

„Við lækkum símreiðninginn og eða netið fyrir þig, við finnum út hvaða fjarskiptafyrirtæki hentast þér og/eða fjölskyldu þinni best

Sverrir Birgir Sverrisson og Kjartan Þór Þórisson, eigendur fyrirtækisins Herra Snjall. Herra Snjall er með netfangið herrasnjall@herrasnjall.is



MYND/STEFÁN

Herra Snjall getur hjálpað þér að lækka símreiðninginn.

Sverrir Birgir Sverrisson

svo þú getur sparað allt að tugum þúsunda á ári. Við tökum ekkert gjald ef okkur tekst ekki að láta ykkur spara þannig að það er lítil áhætta fyrir neytandann að athuga málið. Við komum fljótt á staðinn, innan tveggja daga, en leggjum áherslu á að koma strax.“

Herra Snjall þjónustar allt höfuðborgarsvæðið. „Við skoðum öll mál sem koma til okkar.“

Hægt er að kynna sér starfseminu á www.herrasnjall.is og á Facebook-síðunni Herra Snjall. Einnig er hægt að ná í okkur í síma 779 4999.



Bættu góðu áhrifin með því að taka NUTRILENK GOLD og NORÐURKRILL samhliða!

KAUPAUKATILBOÐ



Hinrik Ólafsson
Leikari, kvikmynda gerðarmaður og leiðsögumaður

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúruylf sem dugað hafa skammt. Fyrir rúmum 3 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgu í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Ég pantaði þá tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að hyggja betur af lífstílnum og taka inn NUTRILENK Gold.“

Ég fór beint í næstu verslun og fjárfesti í NUTRILENK Gold ásamt NORÐURKRILLI og hef tekið það nær óslitið í 3 ár. Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað.“



HÁDEGISTILBOÐ
~~2.300 KR~~ 1.990

Culiacan
 MEXICAN GRILL
 Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

NÝTT OG BETRA APP

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

FRÉTTABLAÐIÐ



Steindór Grétar Jónsson og Salóme R. Gunnarsdóttir mynda dúóið Pocket Disco. Þau blása til frumsýningarpartís á Kexi hosteli í kvöld klukkan 21. MYND/STEFÁN

ÓVÍST AÐ LÖGIN UM KÖTTINN KOMI ÚT

Pocket Disco er nýtt tónlistarverkefni Salóme R. Gunnarsdóttur og Steindórs Grétars Jónssonar. Þau halda útgáfuhóf í kvöld á Kexi hosteli. Þau rifast aldrei, semja lög um kött sem aldrei koma út og fíla bæði italo-diskó.

„Við þekktumst ekkert áður en við ákváðum að verða hljómsveit en smullum svona vel saman. Við höfum ekkert rifist enn, sem veldur mér í rauninni talsverðum áhyggjum,“ segir Salóme R. Gunnarsdóttir, söngkona Pocket Disco, en hljómsveitin blæs til útgáfuhófs í kvöld á Kexi hosteli þar sem frumsýnt verður nýtt tónlistarmyndband í leikstjórn Emils Ásgrímssonar. Pocket Disco er tveggja manna band og er annar meðlimurinn, og upphafsmaður þess, Steindór Grétar Jónsson.

„Steindór langaði til að búa til band með front-manneskju og back-manneskju og ætlaði sjálfur að vera back-manneskjan. Bandið yrði innblásið af italo-diskói, sem er mjög áhugaverður vasi af tón-

list og gaman að vinna með. Sameiginleg vinkona okkar, Margrét Erla Maack, sagði strax þegar hún frétti af þessu: „Ég veit alveg hvað þú þarft, þú þarft að hitta Salóme.“ Hún á meira að segja nafnið á hljómsveitinni! Hann hnippti svo bara í mig eitt kvöldið þegar ég var að labba út af Harlem og sagði: „Viltu vera með mér í hljómsveit?“ Ég sagði bara, jamm,“ segir Salóme.

Eftir þetta hafa þau Salóme og Steindór átt í tónlistarlegu samtali eins og hún orðar það og æft grimmt. Tónlistin er eins og áður sagði innblásin af italo-diskó og af kettinum hans Steindórs sem Salóme kallar listagyðju hljómsveitarinnar.

„Við höngum yfirleitt heima hjá Steindóri og kærustunni hans,

Kristjönu Björgu Reynisdóttur, að semja og kötturinn er alltaf skrifaandi yfir okkur og upp í kjöltuna. Það hafa ófá lög verið samin um köttinn en óvíst að þau komi nokkurn tímann út. Það má í raun segja að Pocket Disco sé samstarfsverkefni milli mín, þeirra hjónaleysanna og kattarins þeirra. Kristjana er búningahönnuður og algjör snillingur. Hún gerði meðal annars búninginn minn í myndbandinu.“

Frumnýningarpartið fer fram í Gym og Tonic salnum á Kexi klukkan 21 í kvöld og lofar Salóme góðu stuði. Þá eigi Pocket Disco fleiri lög í pokahorninu sem komi út á næstu vikum. „Næsta tónlistarmyndbandið okkar verður tekið upp í febrúar. Þetta er rosalega spennandi allt saman.“

F FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Veflausnir

27. janúar 2016

KYNNINGARBLAÐ TM Software | Stefna | Kosmos og Kaos | Tækniskólinn | Netheimur | Davíð og Golíat

TM Software í mikilli sókn með Þjónustuvefi og „Mínar síður“

Þjónustuvefsvæði, eða svokallaðar „Mínar síður“, og rafræn samskipti hafa aukist til muna undanfarin ár. **TM Software** býður upp á öflugar lausnir til að byggja upp þjónustuvefsvæði til notkunar fyrir sjálfsafgreiðslu viðskiptavina. Brynjar Kristjánsson er forstöðumaður sérlausna.

TM Software hefur unnið að fjölda verkefna á sviði þjónustuvefsvæða með sjálfsafgreiðslu og fer sá þáttur í starfsemi TM Software sífellt vaxandi. Verkefni eru margvísleg og eru unnin fyrir stór sem smá fyrirtæki í öllum geirum atvinnulífsins. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og var þjónustuvefurinn heilsuvera.is kosinn besti íslenski vefurinn á síðasta ári af Samtökum vefiðnaðarins á Íslensku vefverðlaununum.

Fjölbreytni verkefna

„Rafræn samskipti í gegnum þjónustuvefi frá TM Software eru mjög fjölbreytt,“ segir Brynjar Kristjánsson, forstöðumaður sérlausna hjá TM Software.

„Allt frá því að skrá inn álestur á orkunotkun hjá Orkuveitu Reykjavíkur og skila inn tekjuáætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins yfir í að skoða lyfseðla, bólusetningar og skrá sig sem líffæragjafa á heilsuvera.is“.

Sjálfsafgreiðsla á vefnum

„Þjónustuvefir eru opnir allan sólarhringinn og fólk getur sinnt sínum erindum á þeim tíma sem hentar, og hver og einn er fremstur í röðinni,“ bætir Brynjar við. „Fyrirtæki og stofnanir sem bjóða upp á þjónustu og sjálfsafgreiðslu í gegnum „Mínar síður“ eða þjónustuvefi geta náð miklu samkeppnisforskoti. Þjónustustigið vex til muna með tilkomu sjálfsafgreiðslu á vefnum. Til viðbótar við aukið þjónustustig er hægt að ná fram mikilli hagræðingu innan fyrirtækja og stofnana með öflugum þjónustuvef,“ segir Brynjar.

Örugg rafræn samskipti

Þjónustuvefir sem unnir eru af TM Software eru settir upp í vefumsjónarkerfinu WebMaster sem þróað er af Veflausnasviði TM Software og er rík áhersla lögð á öryggismál. Hægt er að tengja þjónustuvefina við aðgangsstýringar eins og rafræn skilríki og íslykil.

» Hjú TM Software starfa um 70 sérfræðingar með áratuga reynslu víðsvegar úr atvinnulífinu. Starfsmenn fyrirtækisins hafa skapað TM Software sérstöðu á markaði í ráðgjöf, þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir íslensk sem og erlend fyrirtæki.

Hver eru fyrstu skrefin?

„Áður en ráðist er í smíði og uppsetningu þjónustuvefs er lykilatriði að greina vel hver þörfin er hjá viðskiptavinum,“ segir Brynjar. „Hjú TM Software starfa reynslumiklir ráðgjafar sem koma að upphafsvinnunni og greiningu í náinni samvinnu við viðskiptavini. Sú greining skilar þá prótótýpu af fyrstu útgáfu lausnarinnar sem síðan er farið með í vefhönnun og svo setur hugbúnaðarteymi TM Software þjónustuvefinn upp,“ segir Brynjar.




Brynjar Kristjánsson forstöðumaður sérlausna hjá TM Software, segir að fyrirtæki sem bjóða upp á öfluga þjónustuvefi geti náð miklu samkeppnisforskoti.


MYND/ERNIR

DÆMI UM ÞJÓNUSTUVEFI HJÁ TM SOFTWARE

Orkuveita Reykjavíkur:



Tryggingastofnun ríkisins:



Heilsuvera

- Á þjónustuvef **Orkuveitu Reykjavíkur** er hægt að skrá álestra, fylgjast með orkunotkun og bera saman eigin orkunotkun við aðra notendur. Einnig er hægt að skoða reikninga og viðskiptastöðu. www.veitur.is
- **Heilsuvera** er þjónustuvefur þar sem notandi getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna eins og til að bóka tíma hjá heimilislækni. Þar er hægt að nálgast gögn sem skráð eru um hann í heilbrigðiskerfinu á Íslandi, eins og t.d. lyfseðla og bólusetningar. Heilsuvera var valinn besti íslenski vefurinn 2014 af Samtökum vefiðnaðarins á Íslensku vefverðlaununum. www.heilsuvera.is
- Á þjónustusíðum **Tryggingastofnunar ríkisins** eru allar helstu þjónustuleiðir stofnunarinnar í boði. Hægt er að skila inn umsóknum og tekjuáætlun og sjá niðurstöður bráðabirgðaútreiknings. Einnig er aðgangur að öllum rafrænum skjölum sem tilheyra viðkomandi notanda í samskiptum hans við TR. minarsidur.tr.is



Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs hjá Háskóla Íslands, sem jafnframt kennir vefviðskipti við UIBS-háskólann í Barcelona.

Ævintýralegur vöxtur á internetinu

Á síðustu árum hefur neysla fólks á netinu gjörbreyst. Bankinn er í tölvunni, ferðalög, vörur og þjónusta. Talið er að þeir sem bjóða ekki upp á viðskipti á netinu glati miklum tækifærum. Flestir Íslendingar nýta sér netið á einhvern hátt.

„Það skiptir höfuðmáli fyrir alla í rekstri að reka aðgengilegar vefsíður enda sýnir sig að neytendur leita ekki bara upplýsinga um vörur og þjónustu á netinu, þar er uppspretta gríðarlegra viðskipta,“ segir Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs hjá Háskóla Íslands, en hann kennir jafnframt vefviðskipti við UIBS-háskólann í Barcelona.

„Þeir sem bjóða ekki upp á viðskipti á netinu eru þannig að glata miklum tækifærum. Ævintýralegur vöxtur hefur verið í sölu á netinu undanfarin ár og reiknað er með að heildarsala í gegnum netgáttir verði 1.922 trilljónir Bandaríkjadala á þessu ári. Þetta eru stjarnfræðilegar tölur. Þá hefur hegðun neytenda breyst þar sem sífelld aukning er í viðskiptum í gegnum snjallsíma. Það er því orðið lykilaríði að vefsíður svari öllum notendum, hvort sem þeir nota snjalltæki, spjaldtölvur eða hefðbundnar fartölvur. Sérfræðingar spá að fjöldi snjallsímanotenda verði á þriðja milljarð þegar á þessu ári og það er mjög áhugaverð tala þegar við horfum á að allt mannkynið er röskir sjö milljarðar.“

Jón Örn segir að mikilvægt sé að rekstraraðilar hafi einnig mjög virk svæði á samfélagsmiðlum, þótt þau reki öflugar heimasíður. „Þótt fyrirtæki reki kröftug vefsetur með viðskiptagáttum er ekki síður mikilvægt að þau séu með virkar síður á samfélagsmiðlum. Samfélagsgáttir eins og Facebook bjóða upp á gríðarlega möguleika í auglýsingum, sem ná til afar stórs hluta af markhópum, ekki síst hér þar sem hátt hlutfall landsmanna er með síður á Facebook. Þá bjóða samfélagsgáttir upp á mjög virka tengingu vörumerkisins við neytendur. Nýlegar kannanir sýna að hartnær 90 prósent notenda á Facebook segjast líka við a.m.k. eitt vörumerki á samfélagsmiðlinum. Helmingur notenda þar segir að þeir finni gagnlegri upplýsingar um vörur og vörumerki á Facebook en á hefðbundnum heimasíðum fyrirtækjanna. Þegar fyrirtæki opna hefðbundnar vefsíður, þá þurfa þau ekki síður að horfa í tilveruna á samfélagsmiðlum.“


Þegar Jón Örn er spurður um þær síður sem honum líkar við nefn-



DR. GUNNI

Tónlistarmaður

„Mér finnst mikilvægt að vefsíður fyrirtækja séu aðgengilegar. Ég fer töluvert inn á heimasíður þegar ég er að leita að einhverju sérstöku. Ég vil að það sé auðvelt að finna það sem maður leitar að. Ég nota bæði Ebay og Amazon nokkuð mikið. Ég hef keypt eitt og annað í gegnum netið frá útlöndum.“



RÓBERT FARESTVEIT

hagfræðingur hjá ASÍ

„Ég nota vefsíður fyrirtækja mjög mikið og vil hafa upplýsingarnar aðgengilegar og fljót-sóttar. Mér finnst að upplýsingar ættu að vera vel sýnilegar og að verð á vörum eigi að koma fram. Vefsíða 66°Norður er til dæmis afskaplega þægileg í notkun. Ég hef keypt töluvert í gegnum netið en ég nota það mjög mikið til að afla mér upplýsinga um vörur.“

ir hann strax heimasíðu Icelandair. „Þetta er öflug síða og gagnleg sem ég nota mikið en flugrekstur hefur breyst í heild sinni með tilkomu netsins. Áður ráku flugfélög heimsins veflest fjölda verslana fyrir sölu á flugmiðum en allt landslagið í flugrekstri hefur breyst. Í dag fara þessi viðskipti fram á netinu með sjálfsafgreiðslu. Þótt neytendur þurfi að afgreiða sig sjálfir líta þeir flestir á þetta sem bætta þjónustu. Þarna eru í raun viðskiptavinirnir að færa gögn í innri kerfi fyrirtækjanna. Ég verð auðvitað líka að nefna heimasíðu Háskóla Íslands sem geymir gríðarlega mikilvæg gögn um allt nám í Háskólanum auk þess sem allar umsóknir koma í gegnum netið. Kannanir sem við höfum gert hér sýna að 98 prósent umsækjenda leita gagna á heimasíðunni okkar áður en þeir velja sér nám.“

Jón Örn segist sjálfur kaupa talsvert í gegnum netið. „Þetta eru samt oftast vörur eins og flugmiðar, hótél-

gisting og bækur. Ég nota vefsvæði oft til að skoða vörur áður en ég festi kaup á þeim í raunheiminum, en að auki nota ég hjálparvefi eins og dohop til að finna hagstæðustu flugleiðirnar og fargjöldin.“

Jón Örn segir að með netinu hafi neytendur fengið áberandi rödd sem heyrst vel. „Bókunarvélar hótela bjóða t.d. upp á álit frá þeim sem þegið hafa þjónustuna og þannig er öðrum neytendum hjálpað að velja góða bjóðendur og sniðganga þá sem standa ekki við gefin loforð. Áður var þekkt að fyriræki segðust stjórna vörumerkinu sínu en með netinu hefur þetta færst meira yfir í að reyna að hafa áhrif á vörumerkið. Vald neytenda yfir vörumerkinu hefur þannig aukist með netinu, segja sérfræðingarnir, enda færa neytendur sjálfir upplýsingar inn á netið um þjónustuna og vörumerkin í gríð og erg sem hefur svo áhrif á hegðun neytenda.“

Tækniakademían
Tækniskólinn

Nám til háskólaeininga

Tækniakademían býður upp á spennandi nám í Margmiðlum og Vefþróun - með möguleika á framhaldsnámi erlendis. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða búa yfir sambærilegri hæfni. [Innritun á www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

2 ára nám

Vefþróun
CSS & HTML
Web Design
JavaScript
Vefskoli.is

Margmiðlun
GameDesign
VFX
Animation
3D

Tækniskólinn - Skólavörðuholti 101 Reykjavík - tskoli.is - sími 514 9000

WOO COMMERCE

NETHEIMUR

Sérhæfum okkur í WordPress og öryggismálum



XNET.IS

Lúllabúið

Sóltún 26 - 105 Reykjavík - Kt. 540998-2809 - Sími: 550 0250



Þú finnur veflausnirnar hjá Advania

Sérfræðingar okkar hafa áralanga reynslu af öllu því sem viðkemur hönnun og uppsetningu vefja. Við förum einnig létt með smíði sérlausna, vefverslana og þjónustuvefja. Við veitum ráðgjöf og þjónustum fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Ekki flækja málin. Þegar kemur að vefmálum er lausnin Advania.

advania.is/lausnin



advania

Welcome to IT

Ferðapjónustan stendur sig vel

Vefmálin skipta öllu máli fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu á Íslandi. Sífelld fleiri ferðamenn skipuleggja ferðir hingað sjálfir sem um leið leggur auknar kröfur á smærri aðila í ferðapjónustunni. Fundað var um þessa þróun á hádegisfundi Skýrslutæknifélagsins á dögunum.

Á hádegisfundi Skýrslutæknifélagsins (SKÝ) sem haldinn var í síðustu viku undir heitinu „Stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar og vefmálin þróast með“ kom meðal annars fram að vefmál skipta öllu máli fyrir fyrirtæki í ferðapjónustunni hér á landi.

Sífelld færst í vöxt að ferðamenn skipuleggi sjálfir fríin sín án beinnar þátttöku hefðbundinna ferðaskrifstofa. Það þýðir auknar kröfur á smærri aðila í ferðapjónustunni, t.d. hér á landi, við að vanda betur til vefmála sinna að sögn Hildar Óskarsdóttur, vefstjóra hjá Flugfélagi Íslands. Hún situr í faghópi um vefstjórnun hjá SKÝ sem skipulagði fundinn. „Faghópurinn hefur skipulagt fjölda viðburða í vetur og að þessu sinni beindum við sjónum okkar að ferðapjónustunni sem er orðin stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.“

Áhugaverð erindi

Að sögn Hildar standa íslensk ferðapjónustufyrirtæki sig almennt mjög vel þegar kemur að vefmálum og samfélagsmiðlarnir hafa bætt margs konar spennandi nálgun við markaðssetninguna. Markmið fundarinnar var að sögn Hildar að leiða saman aðila úr ferðapjónustu sem hafa vefmál á sinni könnu, deila reynslusögum og heyra hvernig fyrirtæki eru að nálgast vefmálin. „Erindin voru mjög áhugaverð og gagnlegar umræður áttu sér stað. Þau sem fluttu

» Á vef þeirra geta ferðamenn sett saman ferðina sína sjálfir og bókað allt með einum hnappi; ferðir, gistingu og bílaleigu.

Hildur Óskarsdóttir

erindi voru Gunnar Thorberg Sigurðsson frá Kapli, Bragi Þór Antóníusson frá TripCreator, Auður Ösp Ólafsdóttir frá IheartReykjavík og Hjalti Már Einarsson frá Nordic Visitor.“

Í erindi Gunnars kom m.a. fram sláandi mynd af öllu því sem ætlast er til að fólk í vefstjórnun komi að í starfi sínu en vefstjórnar þurfa að fylgjast gríðarlega vel með öllu því sem er í boði. Gunnar, sem hefur komið að gerð mjög stórra vefja í ferðapjónustu, hafði einnig tekið saman heimsóknir á íslenska ferðavefi og séð að heimsóknafjöldinn helst í hendur á milli þeirra. Janúar er greinilega langstærsti mánuðurinn á árinu en þá eru ferðamenn í upplýsingaöflun og eru að spá í því hvað hægt sé að gera á Íslandi.

Hjalti Már Einarsson frá Nordic Visitor, sem er í raun ferðaskrifstofa á netinu með sérsníðnar pakkaferðir fyrir einstaklinga og hópa, sagði í erindi sínu að vefur fyrirtækisins væri miðpunktur



Íslensk ferðapjónustufyrirtæki standa sig almennt mjög vel þegar kemur að vefmálum og samfélagsmiðlarnir hafa bætt margs konar spennandi nálgun við markaðssetninguna að sögn Hildar Óskarsdóttur, vefstjóra hjá Flugfélagi Íslands. MYND/ERNIR

starfseminnar þar sem öflug og hnitmiðuð markaðssetning færi fram. „Hann nefndi líka að vefur þeirra gegndi ekki bara hlutverki sölu heldur einnig til að byggja upp traust viðskiptavinarins sem oft er að treysta þeim fyrir háum fjárhæðum.“

Bragi Þór Antóníusson frá TripCreator sagði frá starfsemi fyrirtækisins sem stílar inn á fyrrgreindan ferðamannahóp. „Á vef þeirra geta ferðamenn sett saman ferðina sína sjálfir og

bókað allt með einum hnappi; ferðir, gistingu og bílaleigu. Starfsmenn fyrirtækisins vinna einnig úr þeim fyrirspurnum sem berast gegnum spjallið og ná þannig að lagfæra margt í þjónustu sinni.“

Traust skiptir máli

IheartReykjavík, vefur Auðar Aspar, er að sögn Hildar gott dæmi um lítið fyrirtæki sem er að gera mjög góða hluti. Um er að ræða n.k. blöndu af bloggi og ferðavef. „Í dag hefur bloggið breyst í lítið

ferðapjónustufyrirtæki en hefur ekki aðgang að miklum fjármunum. Hún tók ákvörðun í upphafi að selja ekki auglýsingar á bloggið og heldur ekki færslur með það í huga að byggja upp traust.“

Hildur var ánægð með mætinguna á fundinn. „Fulltrúar fjölda fyrirtækja í ferðapjónustu mættu og þátttaka þeirra hvetur okkur sem vinnum að fræðslumálum fyrir hönd SKÝ hvað varðar vefi og vefumhverfi áfram til að halda slíka viðburði.“

Öflug hýsing og auðveldari uppfærsla

Davíð & Golíat er alhliða tölvu- og fjarskiptafyrirtæki sem sinnir ekki aðeins vefsíðugerð heldur býður upp á öfluga heildarþjónustu í vefhýsingu. Fyrirtækið hefur smíðað vefi fyrir innlenda og erlenda aðila en þjónustar auk þess vefi sem fólk hefur nú þegar sett upp.

„Sérstaða okkar snýr að stórum hluta að þeirri heildarþjónustu sem við bjóðum í vefhýsingu en hún gerir fyrirtæki betur í stakk búin að mæta þörfum um hraða, öryggi og aðgengi,“ segir Yngvi Tómasson hjá Davíð & Golíat og bendir á að þekking á hýsingu og tengdum lausnum sé ekki síður mikilvæg en vefsíðugerðin sjálf.

„Vefsíðugerð í dag snýst síðan ekki bara um að koma upp fallegum vef sem við leggjum þó vissulega mikla áherslu á, heldur er mikilvægt að hafa vefinn farsíma- og spjaldtölvuvænan, ásamt því að tryggja öryggi og aðgengi að vefnum þannig að hann sé alltaf í lagi og alltaf snöggur til að mæta þörfum þeirra sem vafra um hann.“

„Einnig er orðið nauðsynlegt að beita leitarvélabestun fyrir vefi og nýta samfélagsmiðla eins vel og hægt er,“ segir Yngvi, en þau hjá Davíð og Golíat bjóða upp á sérstakan heildarpakka fyrir fyrirtæki þar sem boðið er upp á vef með leitarvélabestun ásamt ornámskeiði í notkun samfélagsmiðla.

Þjónusta vefi sem aðrir hafa smíðað

Hjá Davíð & Golíat vinna tæknimenn og forritarar sem hafa sérþekkingu á Wordpress, Joomla og fleiri vefumsjónarkerfum. „Þannig getum við einnig þjónustað fyrirtæki sem eru nú þegar með vefsíður. Í stað þess að fjárfesta í nýjum vef frá grunni geta þau fengið þjónustu hjá okkur við að uppfæra og betrubæta

» Hægt er að fá tilbúna vefi frá 99.900 kr. m.vsk. hjá Davíð & Golíat.

vef sinn,“ segir hann.

Öryggið er mikilvægt

Yngvi útskýrir að hýsingarkerfi D&G sé með sérhæfðan stuðning fyrir til dæmis Wordpress og Joomla sem geri uppfærslur og viðhald mun auðveldara. „Þetta er mikilvægt enda mikil þörf á því að vera með öryggismálin í lagi til að tryggja að vefurinn sé ávallt virkur.“

Yngvi segir samstarf D&G við Cloudflare gera þeim kleift að beintengja vefi og spegla út á netið. „Þannig verjumst við DDOS-árásum sambærilegum þeim sem stjórnarráðin og fleiri lentu í vegna hvalveiðistefnu Íslandinga.“

Allt á einum stað

Yngvi segir flesta viðskiptavini Davíðs & Golíats kjósa að fá alla þjónustu á einum stað en D&G býður upp á nettengingar, póstþjónustu, tölvuþjónustu, vefsíðugerð og alla almenna afritun og hýsingu. „Þetta gerir margt auðveldara fyrir fyrirtækin sem vita hvert þau eiga að leita til að fá upplýsingar eða aðstoð.“

Þjónusta innan lands sem utan

Davíð og Golíat hefur vaxið mikið frá því fyrirtækið var stofnað 2007 og hefur smíðað



„Nauðsynlegt er að beita leitarvélabestun fyrir vefi og nýta samfélagsmiðla,“ segir Yngvi. MYND/ERNIR

» Vefsíðugerð í dag snýst ekki bara um að koma upp fallegum vef sem við leggjum þó vissulega mikla áherslu á, heldur er mikilvægt að hafa vefinn farsíma- og spjaldtölvuvænan, ásamt því að tryggja öryggi og aðgengi að vefnum þannig að hann sé alltaf í lagi og alltaf snöggur til að mæta þörfum þeirra sem vafra um hann.

Yngvi Tómasson

vefi fyrir fjölda innlendra fyrirtækja, ríkisstofnana og einstaklinga. Auk þess hefur það smíðað vefi fyrir erlenda aðila. „Þar mætti helst nefna vefinn fyrir Golden Hat Foundation sem breska leikkonan Kate Winslet er í forsvari fyrir og auk þess höfum við unnið fyrir norska tímaritið Verdens Gang,“ segir Yngvi og bendir á vefsíðuna www.dg.is til frekari glöggvunar.

Veföppin munu sækja á í framtíðinni

Hinn 22 ára Eyjamaður **Sæþór Hallgrímsson** útskrifaðist um síðustu jól með hæstu einkunn af nýju stúdentsbrautinni á tölvubraut Tækniskólans. Framtíðin er full af tækifærum fyrir ungt fólk á þessu sviði og hann spáir því að veföppin munu vaxa mikið á næstu árum.

Kynslóðin sem er að útskrifast úr framhaldsskóla í dag þekkir ekki daglegt líf án netsins en þangað sækir hún að mestu afþreyingu á borð við tónlist, kvikmyndir og leiki, banka- og fjarskiptabjónustu, ýmis þjónusta og varningur er keyptur þar eða skoðaður fyrir kaup og samskipti milli þessa hóps fara að miklu leyti fram gegnum netið.

Einn fulltrúi þessarar kynslóðar er hinn tæplega 22 ára gamli Eyjamaður Sæþór Hallgrímsson, sem útskrifaðist um síðustu jól með hæstu einkunn af nýju stúdentsbrautinni á tölvubraut Tækniskólans.

Eftir að hann flutti frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á sínum tíma stóð valið milli þess að klára félagsfræðina, þar sem hann átti tvær annir eftir, eða byrja frá grunni í nýju námi við tölvubraut.

Hann segist strax hafa fundið að ákvörðunin hafi verið rétt og að námið hentaði honum mjög vel. „Ég kunní ýmislegt fyrir mér áður en ég hóf námið þannig að fyrstu annirnar voru ekkert svakalega krefjandi. Ég hafði t.d. aðeins fiktað í forritun með JavaScript og skoðað dálítið HTML/CSS. Það gaf mér forskot strax í byrjun.“

Fjölbreytt verkefni

Verkefnin sem Sæþór og félagar hans unnu í náminu voru af ýmsum toga. „Stærri verkefnin voru dálítið frjálsglegri þar sem verkefnalýsingin var þá yfirleitt

„Margt tók svo miklu lengri tíma áður fyrr. Ég er kannski 20 sekúndur að borga reikning í appinu á meðan hér áður fyrr þurfti fólk jafnvel að fara frá vinnu til þess að fara í bankann.“

Sæþór Hallgrímsson

bara „búðu eitthvað til“. Stærstu verkefnin sem ég gerði voru annars vegar pöntunarvefur fyrir bíóhús sem var þriggja manna hópverkefni. Hins vegar var um að ræða 1X2 tippkerfi fyrir fótbolta-deildir. Seinna verkefnið er enn óklárað en ég stefni á það að halda áfram með það.“

Næst á dagskrá hjá Sæþóri er að hefja nám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík næsta haust. Hann er þó ekki búinn að gera upp við sig í hverju hann muni sérhæfa sig en segir það þó tengjast vefnum á einn eða annan hátt. „Í dag finnst mér veföppin mest spennandi auk þess að vinna með gögn og gagnagrunna. En hvort það yrði þá framendamegin, sem notandinn sér, eða í þróun þjónustunnar sem keyrir á bak við, það er ég ekki enn viss um.“



„Ég kunní ýmislegt fyrir mér áður en ég hóf námið þannig að fyrstu annirnar voru ekkert svakalega krefjandi,“ segir Sæþór Hallgrímsson. MYND/ANTON BRINK

Hraðar breytingar

Þótt Sæþór sé rúmlega tvítugur gerir hann sér ágætlega grein fyrir þeim mun sem er á lífi hans og foreldra hans þegar þau voru á sama aldri. „Auðvitað voru öll samskipti persónulegri hér áður fyrr. Á móti tók margt svo miklu lengri tíma áður fyrr. Ég

er kannski 20 sekúndur að borga reikning í appinu á meðan hér áður fyrr þurfti fólk jafnvel að fara frá vinnu til þess að fara í bankann og bíða þar lengi í röð.“

En hvernig sér Sæþór fyrir sér þróunina á vefnum næstu 5-10 árin? Hann nefnir til sögunnar þróun á öppum yfir í veföpp en

þau eru mun hagnýtari. „Þá virkar appið á öllum tækjum og ekki þarf að skrifa sér app fyrir hvert og eitt stýrikerfi. Þannig verður mun hagkvæmara að láta próa app þar sem ekki þarf sér forritunarteymi fyrir hvert og eitt umhverfi heldur myndi eitt teymi þróa vef-app sem allir gætu notað.“

BÍLABÓKUNARKERFI SEM VIRKAR

ÞRÓAÐ Í SAMSTARFI VIÐ ÍSLENSKAR BÍLALEIGUR



100.000 afsláttur til 10. febrúar
áður 499.990 (619.988 m/vsk)

399.990*
án vsk

*verð miðast við staðlaða bílabókunarsíðu



FLOTASTÝRING



NÝTING Á FLOTA



YFIRLIT



SKÝRSLUR



SÖLUSKRIFSTOFUR



AFSLÁTTARKERFI

smartmedia

www.smartmedia.is

588-4100

info@smartmedia.is

Efnahagshrunið kveikti í okkur eld

Kosmos & Kaos var stofnað árið 2010 af **Guðmundi Bjarna Sigurðssyni** hönnuði og **Kristjáni Gunnarssyni**. Reksturinn hefur dafnað og blómstrað með höfuðstöðvar í Keflavík og útibú í Reykjavík. Sumarið 2014 keypti bandaríska vefstofan UENO LLC. þriðjungs hlut í félaginu en við það stækkaði starfsumhverfið til muna. UENO LLC. hefur margfaldast að stærð síðastliðna mánuði og fer vaxandi.

Inga Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Kosmos & Kaos, segir að hugmyndin að fyrirtækinu hafi orðið til út frá því að fleiri lyfta þyngra hlasi en einn getur gert. „Efnahagshrunið kveikti í eigendum eld til að skapa vinnustað sem gæti gert áhugamál og vinnu að lífsviðurværi með það að markmiði að sameina fjölskyldulíf og vinnu. Þeirra hugsjón var að gera fínt fyrir Internetið handa öllum, kynna nýjustu lausnir í hönnun og viðmóti, ásamt því að hafa ávinning fyrirtækja að leiðarljósi þegar kemur að notendaviðmóti og fallettri framsetningu á ásjón fyrirtækja. Vefurinn er orðinn mikilvægasta andlit fyrirtækja út á við og okkur leiðarljós hefur verið að fegra hann enn frekar, skapa ávinning fyrir notendur og bæta framsetningu og upplýsingagildi á vefsíðum. Frá upphafi hefur hugmyndafræðin verið sú að skapa samfélagslega ábyrgan vinnustað, þar sem mannþægsla og umhverfisvitund er höfð að leiðarljósi til að laða að gott starfsfólk og viðskiptavinum í eftirsóknarvert starfsumhverfi,“ útskýrir Inga Birna.

Fyrirtæki í útrás

Stofnandi fyrirtækisins, Guðmundur Bjarni, hafði verið í verkatakavinnu sem vefhönnuður í tvö ár og í lok árs 2010 kom fyrrverandi samstarfsmaður hans, Kristján Gunnarsson, inn í reksturinn. „Sautján manns starfa hjá Kosmos & Kaos í dag. Starfsmenn eiga það sameiginlegt að vera gæddir hæfileikum til að tileinka sér nýja þekkingu, vera hugmyndaþríkir, elska internetið og þau tækifæri sem þar skapast,“ segir Inga Birna.

Sumarið 2014 keypti bandaríska vefstofan UENO LLC. þriðjungs hlut í félaginu. UENO hefur getið sér gott orð vestanhafs og komið að hönnun vefsíðna fyrir netrisa á borð við Google, Pinterest, YouTube og Dropbox, og er með höfuðstöðvar í San Francisco. Í kjölfarið var Inga Birna Ragnarsdóttir ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækisins þar sem hún hefur náð einstökum árangri í rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

„Viðbrögðin hafa verið frábær,“ segir hún. „Kosmos & Kaos hefur notið þess frá stofnun að þurfa næstum aldrei að auglýsa eftir verkefnum og samstarfsfólki. Markaðssetning fyrirtækisins hefur byggt á orðspori sem berst manna á milli. Það eru forréttindi að vinna með fyrirtækjum sem hafa treyst vinnu okkar til að skapa fallegar vefsíður, hagræði og verðmæti. Sérstaklega í atvinnugrein sem er ný og þróast svo hratt að lítið er um sérfræðinga sem standast tækninni snúning.

Skera sig úr fjöldanum

Fyrirtækið hefur alla tíð verið þekkt fyrir framúrskarandi fallega hönnun, en Guðmundur Bjarni er leiðandi í mótun hönnunarstefnu sem kallast rómantískt pönk. Í rómantikinni er allt á sínum stað og framsetning á vörunni eða upplýsingum virkar eins og fólk býst við og hönnunin er falleg og grípandi. Pönkið er það óvænta, eitt hvað sem notandinn hefur ekki séð áður eða bjóst ekki við; X-faktorinn. Það er lykillinn að því að skera sig úr fjöldanum og skapa sérstöðu,“ greinir Inga Birna frá og bætir við að þróunin í tæknigeiranum undanfarið hafi verið gífurleg. „Nýir miðlar og snjallsímavæðingin hefur haft mikil áhrif á vinnuumhverfi Kosmos & Kaos,



Inga Birna og annar eigandi Kosmos & Kaos, Kristján Gunnarsson. Á myndina vantar Guðmund Bjarna Sigurðsson sem var staddur við vinnu í San Francisco. MYND/ANTON BRINK

Frá upphafi hefur hugmyndafræðin verið sú að skapa samfélagslega ábyrgan vinnustað.

Inga Birna Ragnarsdóttir

þar sem viðskiptavinir eru enn að stíga það skref að aðlaga markaðssetningu sína að nýrri tækni og byltingu í samfélagsmiðlum.

Fyrirtæki gera sér betur og betur grein fyrir mikilvægi þess að vera með vefsíðu sem virkar í öllum tækjum, notkun snjalltækja vex gríðarlega og því mjög mikilvægt fyrir fyrirtæki að fjárfesta í því. Vefsíður eru andlit fyrirtækjanna út á við og það sem viðskiptavinir skoða fyrst til að afla sér upplýsinga um vörur eða þjónustu fyrirtækja. Svo helst þetta allt í hendur við samfélagsmiðlavæðinguna og leitarvélabeitun. Prentið er ekki á útleið en klárlega er vöxturinn meiri í stafrænum miðlum. Fjárfestingin í prentmiðlum er þó enn miklu stærri og ekki í samræmi við þróunina í breyttri hegðun neytenda.“

Einstakt viðskiptaumhverfi

Inga Birna segir að fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum leiti til Kosmos & Kaos. „Við erum að vinna fyrir stór og lítil fyrirtæki; tryggingafélög, fjarskipta-fyrirtæki, fjármálafyrirtæki, góðgerðarsamtök, ferðaþjónusta, sveitarfélög, opinberar stofnanir og einyrkja svo eitthvað sé nefnt. Markaðurinn hér á landi er ekki stór og þar af leiðandi er sérhæfing í ákveðinni tegund fyrirtækja ekki eins mikil og þekktist erlendis. Það hefur sýnt sig að vera mikill styrkur í vinnu með erlendum viðskiptavinum sem eru ekki vanir svo breiðri þekkingu á viðfangs-



Fyrirtækið hefur stækkað ört og starfsmönnum fjölgað.

Kosmos & Kaos hefur hlotið viðurkenningar og verðlaun fyrir vefhönnun bæði innan og utan landsteinanna.

- Íslensku vefverðlaunin (allnokkur)
- FÍT verðlaunin (allnokkur)
- Awwwards Site of the day
- 365 websites of the year book-Computer ArtsBehance Web design Served

efninu í ráðgjöf og úrlausnum. Viðskiptaumhverfið á Íslandi er einstakt að því leyti að fyrirtæki hafa tækifæri til að vinna með ólík viðfangsefni sem skapa breiða þekkingu og frábæran grundvöll fyrir tilraunir, nýbreytni og markaðsrannsóknir.

Viðskiptavinir eru spenntastir fyrir því sem slær í gegn og nær athyglinni. Fyrirtæki eru að sækjast eftir hnitmiðuðum lausnum sem gerir viðskiptavinum kleift að sækja þjónustu í gegnum vefinn án

þess að þurfa að hringja eða koma á staðinn. Einnig skiptir einfaldleiki miklu máli, þar sem við erum alltaf að keppast við að halda athygli og áhuga notenda. Við höfum verið að vinna fyrir erlenda aðila og munum fókusera á vöxt erlendis á komandi mánuðum. Það hefur mjög mikið að segja að fyrirtækið sé nú að hluta til í eigu erlends fyrirtækis og eykur það möguleika okkar gríðarlega á vexti þar, en UENO LLC. hefur margfaldast að stærð síðastliðna mánuði.

Góðir atvinnumöguleikar

Við sérhæfum okkur í því að veita allhliða þjónustu sem passar við þá þörf sem viðskiptavinurinn hefur óháð því hvort þekkingin er til innan fyrirtækisins eða hvort sé leitast eftir því að við stjórnum öllu ferlinu. Við vinnum gjarnan með vefdeildum og markaðsdeildum fyrirtækja eða öðrum verk-tökum að því að styðja við þá verkþætti sem þörf er á hverju sinni.

Styrkleiki okkar liggur í framúrskarandi hönnun og frumlegum lausnum.“


Inga Birna segir að atvinnumöguleikar séu góðir í þessu fagi. „Það vantar fleiri hönnuði sem sérhæfa sig í vefsíðugerð. Það er mikill munur á því að hanna prentefni eða statískar auglýsingar og vefi sem eru síbreytilegir. Það krefst reynslu og útsjónarsemi að hanna útlit sem heldur glæsileika sínum og hughrifum þótt efnid geti breyst eftir að hönnun er „lokið“. Þetta er helsta áskorun þeirra hönnuða sem eru skólaðir í grafískri hönnun þar sem verkið er búið þegar það er prentað út eða komið upp á vegg. Hönnun á vefsíðu lýkur aldrei því að myndefni og texti uppfærast jafnvel á nokkurra mínútna fresti sem breytir grundvelli fagurfræði og miðlunar á lífsandi vef. Tækniskólinn hóf kennslu í vefþróun á síðasta ári, sem er mjög jákvætt fyrir þennan geira og fögnum við því,“ segir Inga Birna Ragnarsdóttir.

Við gerum fínt fyrir internetið

Hugleiðum og hönnum, kóðum, þróum og þjónustum verðlauna vefsíður fyrir mýs og menn. Skapandi skrif og kynstrin öll af ráðgjöf léttu okkar lund og tækifæri til persónulegrar þjónustu við gamla og nýja viðskiptavinum fá okkur til að kikna í hnjúnum.

Við erum Kosmos & Kaos - Fyrirtaks vefstofa

www.kosmosogkaos.is



KOSMOS & KAOS

Forritun verður æ verðmætari hæfni

Kóder eru nýstofnuð samtök sem vilja auka forritunarþekkingu almennt en þó sérstaklega meðal barna og unglunga. Að verkefninu standa þau Helga Tryggvadóttir, Jón Guðmundsson og Elísabet Ólafsdóttir. Sérnámskeið verða fyrir stelpur til að auka áhuga þeirra á forritun.

Kóder mun bjóða upp kynningar-námskeið í forritun sem eiga að vera aðgengileg öllum, til þess að sýna börnum og unglungum að allir geti lært forritun. „Þetta ætlum við að gera með því að hafa lág námskeiðsgjöld og jafnvel bjóða upp á frí pláss ef nægar skráningar fást. Einnig viljum við bjóða upp á sérstök námskeið fyrir stelpur,“ segir Helga og bætir við að þau komi til með að ráða fleiri leiðbeinendur á næstunni og biðja því bæði stelpur og stráka í tölvunarfræðinámi eða með bakgrunn í forritun að hafa samband á koder@koder.is.

Á að auka jöfnuð

Jón segir upphaflegu hugmyndina ekki endilega hafa snúist um forritunarkennslu heldur hafi hún komið upp í umræðum um hvernig þau gætu stofnað eitthvert samfélagsverkefni sem myndi auka jöfnuð í samfélaginu. „Mjög fljótt þróaðist hugmyndin út í það að halda námskeið til að kynna forritun fyrir börnum og unglungum á aldrinum níu til sextán ára. Sú hugmynd lá beint við, bæði vegna þess að við höfum öll á einhvern hátt tengst forritunarheiminum en líka vegna þess að þessi hæfni verður sífellt verðmætari í samfélaginu. Þar sem það er ekki enn boðið upp á forritunarkennslu í grunnskólunum og forritunar-



Þau Helga Tryggvadóttir, Elísabet Ólafsdóttir og Jón Guðmundsson standa að nýstofnuðu samtökunum Kóder sem ætlað er að auka forritunarþekkingu almennt en þó sérstaklega meðal barna og unglunga. MYND/ERNIR

námskeið eru ekki ódýr, er hætt á að einungis börn og unglingar sem koma frá tekjuháum heimilum geti sótt sér slíka þekkingu,“ segir hann.

„Hugmyndin þróaðist líka fljótt út í það að reyna eftir fremsta megni að bjóða upp á sérstök stelp-

unámskeið, til þess að auka fjölda kvenkyns forritara, sem hafa hingað til verið í minnihluta. Sú hugmynd þróaðist bæði út frá minni eigin reynslu og reynslu Helgu, af því að hafa haft litla innsýn inn í hvað forritun var þegar við vorum að alast upp, auk þess að hafa skort

sjálfstraust til að kynna okkur það. Þessa reynslu ætlum við að nýta í að efla sjálfstraust og forritunarþekkingu hjá stelpum framtíðarinnar,“ segir Elísabet.

Þau segja að stuttu eftir að verkefnið hafi verið sett á laggirnar hafi það nánast stökkbreyst þegar þau fengu styrk fyrir kaupum á búnaði frá CCP og gátu þau því skipulagt fyrstu námskeiðin strax í kjölfarið.

Vilja auka hlut stelpna

Aðspurð að því hvers vegna þau standi í þessu segjast þau vita hvað það sé skemmtilegt og gefandi að kynna fólk fyrir nýrri þekkingu og fylgjast með því uppgötva eigin hæfileika og öðlast getu á nýju sviði. „Við vitum líka hvað það getur verið skemmtilegt og skapandi að forrita og viljum að sem flestir kynnist því. Það er líka sérstakt áhugamál hjá okkur að auka sjálfstraust stelpna á hinum ýmsu sviðum, ekki síst til að þær kynnist sviðum sem margir telja vera fremur áhugasvið stráka. Því viljum við breyta því það geta allir verið með,“ segir Helga og brosir.

Elísabet segir öll börn græða á því að kunna að forrita, því forritun byggir á rökfræði og sköpun. „Nú orðið eru tölvur og forritun notuð í nánast hvað sem er, allt frá bílum til brauðrista. Að hafa öðlast grunnskilning á því hvernig tölvur

og forritun virka er því mikilvæg færni í nútímasamfélagi.“ „Börn og unglingar læra að nota tölvur, snjallsíma og önnur stafræn tæki en þau þurfa líka að læra hvernig hægt er að nota þessi tæki, ekki bara sem afþreyingu, heldur sem verkfæri til að skapa eitthvað frá eigin brjósti,“ bætir Jón við.

Námskeiðin byrja í febrúar

Fyrstu námskeiðin verða haldin í Sandgerði í febrúar og verður það nokkurs konar tilraunaverkefni. Í mars verða haldin námskeið í Reykjavík í samvinnu við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Þau verða auglýst þegar nær dregur og hægt er að fylgjast með því á www.koder.is og á Facebook-síðu Kóder. „Flestir fyrirspurnirnar hafa þó komið frá landsbyggðinni og við erum að setja saman þriggja daga helgar-námskeið til að geta mætt þeirri eftirspurn,“ segir Elísabet. Helga bætir við að þau hafi einnig fengið fyrirspurnir frá grunnskólum sem vilja bjóða upp á námskeið fyrir kennara og starfsfólk. „Við erum gríðarlega spennt fyrir þeim vettvangi. Þannig erum við skrefi nær að koma forritun inn í grunnskólana ef kennarar hefja sjálfir kennslu og í kjölfarið myndast vonandi meiri þrýstingur frá kennurum á að forritun verði innleidd í aðalnámskrá grunnskólanna.“

Íslensku vefverðlaunin veitt á föstudag

Íslensku vefverðlaunin, uppskeruhátíð vefiðnaðarins, verða haldin í Gamla bíói á föstudaginn. „Verðlaunin hafa verið veitt í fimmtán ár,“ segir Unnur Mjöll S. Leifsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka vefiðnaðarins, SVEF, sem standa fyrir hátíðinni. Hún segir að rekja megi upphaf Íslensku vefverðlaunanna til ársins 2000 þegar vefnum www.strik.is voru veitt fyrstu verðlaunin. En hvaða þýðingu hefur það fyrir fyrirtæki að hljóta verðlaun á hátíðinni? „Þetta er fyrst og fremst hvatning og viðurkenning bæði fyrir fyrirtækin sjálf og atvinnugreinina í heild. Það er verið að hampa þeim sem lagt hafa mikla vinnu í vefina sína og eru jafnvel með framúrstefnulegar þælingar,“ segir hún og bætir glettin við: „Svo er það auðvitað frábær auglýsing fyrir vefina sem hljóta verðlaunin.“

Dómnefnd skipuð sérfræðingum í vefmálum hefur metið hátt á annað hundrað verkefna sem send voru inn í ár. Hægt er að sjá vefina sem tilnefndir eru á síðunni vefverdlaun.is. Verðlaunahátíðin hefst klukkan 17 í Gamla bíói en hún er öllum opin.



Íslensku vefverðlaunin verða veitt með pomp og prakt í Gamla bíói á föstudaginn. Hátíðin er öllum opin.

Veitt verða verðlaun í fimmtán flokkum:

- Besti íslenski vefurinn
- Besta hönnun og viðmót
- Val fólksins – Félagsmenn SVEF velja þann vef sem þeim þótti athyglisverðastur á árinu
- Frumlegasti vefurinn
- Aðgengilegir vefir
- Vefmiðlar
- Non-profit vefir
- Opinberir vefir
- Öpp/Veföpp
- Markaðsherferðir á netinu
- Þjónustusvæði starfsmanna
- Þjónustusvæði viðskiptavina
- Einstaklingsvefir
- Fyrirtækjavefir (lítill og meðalstór fyrirtæki)
- Fyrirtækjavefir (stærri fyrirtæki)

TRS
Ein heild í þína þágu



Við höfum áralanga reynslu af WordPress sem er vinsælasta vefumsjónarkerfi heims



Með WooCommerce vefverslunarviðbótinni selur þú vörur á netinu á einfaldan hátt



Við hugsum út fyrir boxið þegar kemur að sérlausnum. Ekki hika við að hafa samband við okkur ef þú ert með hugmynd að einhverju sem gæti létt þér lífið

Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands
Eyravegi 37, 800 Selfoss
480 3300 - trs@trs.is - www.trs.is





„Lagt er upp með að kenna í litlum hópum. Náin samvinna er á milli nemenda og þeir hafa gott aðgengi að kennurum sem sinna hverjum og einum vel,“ segir Jónatan Arnar Örlygsson.

Útskrifa eftirsóttá starfskrafta

Vefþróun er glæný námsbraut undir Tækniakademíu Tækniskólans sem tók til starfa síðastliðið haust. Vefiðnaðurinn er sívaxandi hér á landi sem og annars staðar í heiminum og útskrifast nemendur með menntun og þekkingu sem mikil þörf er fyrir í atvinnulífinu.

„Nemendur fá kennslu á breiðu sviði í þróun veflausna. Við förum vel í vefforritun og er sérstök áhersla lögð á framendaforritun en það er allt sem er sýnilegt notendum. Við erum til dæmis með kúrta í vefhönnun, notendapplifun, frumkvöðlafræði og verkefnastjórnun en allt gagnast þetta við gerð vefsíðna, vef-appa og hvers kyns skjáhönnun,“ segir Jónatan Arnar Örlygsson, verkefnastjóri náms í vefþróun. Það sem greinir vefþróunarnám í Tækniskólanum frá námi í tölvunarfræði í Háskólanum, sem spannar stærra svið, er að sögn Jónatans að farið er dýpra í fyrrgreinda þætti. „Við útskrif-

» **Tækniskólinn er regnhlíf yfir fjölbreytt nám á hinum ýmsu sviðum og undir Tækniakademíu skólans er meðal annars að finna tvær eftirsóttar og framsæknar brautir; Vefþróun og Margmiðlunar-skólann.**

um góða framendaforritara sem hafa gott auga fyrir útliti,“ útskýrir hann.

Námið er að sögn Jónatans afar hagnýtt. „Við útskrifum fólk sem mikil þörf er fyrir á vinnu-markaðnum. Það átti sér stað heilmikil samvinna við atvinnulífið þegar verið var að þróa þessa námsbraut og semja námskrána og er námið að miklu leyti lagað að þörfum atvinnulífsins. Auk þess erum við í samstarfi við nokkrar af stærstu vefstofum landsins og taka starfsmenn þeirra að sér hluta kennslunnar.“

Námið er fjórar annir og geta nemendur sem standa sig vel gengið inn í fjölbreytt störf að því loknu.

„Þá gefst þeim kostur á frekara námi en við erum í samstarfi við Copenhagen school of design and technology (KEA) en þangað geta nemendur frá okkur farið, bætt við sig einu og hálfu ári og fengið fullgilda háskólagráðu. Námið er raunar að miklu leyti skipulagt að fyrirmynd KEA og hafa starfsmenn skólans verið okkur innan handar við að innleiða það en þeir leggja meðal annars ríka áherslu á að nemendur fari út fyrir vegg skólans og kynni sér það sem er að gerast úti í atvinnulífinu, sækir fyrirlestra og annað í þeim dúr,“ segir Jónatan. „Námið á að vera skemmtilegt og það er reynsla okkar hingað til að nemendur

hlakka til að mæta í skólann.“

Að sögn Jónatans var aðsókn að haustönninni mjög góð og komust færri að en vildu. „Við leggjum upp með að kenna í litlum hópum. Það er náin samvinna á milli nemenda og þeir hafa gott aðgengi að kennurum sem sinna hverjum og einum vel.“

Inntökuskilyrði í námið er stúdentspróf en þó eru gerðar undantekningar ef fólk hefur mikla reynslu af grafískri hönnun eða forritun. Opnað verður fyrir umsóknir á haustönn fyrir lok marsmánaðar.

Nánari upplýsingar um námið og umsóknir eru á vefnum vefskoli.is.

Opnar möguleika á störfum við kvikmynda- og tölvuleikjagerð

Nám í Margmiðlunar-skólanum hentar þeim sem hafa áhuga á þrívíddarvinnslu, tæknibrellum fyrir kvikmyndir, tölvuleikjagerð og teiknimyndagerð. Skólinn var stofnaður sem einkaskóli fyrir aldamótin síðustu en hefur verið undir regnhlíf Tækniskólans hin síðari ár.

„Í náminu er lögð mikil áhersla á hugmyndavinnu, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð en skólinn leggur áherslu á að útskrifa nemendur með frjóa hugsun og vilja til að fara nýjar leiðir,“ segir Halldór Bragason kennari við skólann. Þeir nemendur sem hafa útskrifast úr Margmiðlunar-skólanum hafa að hans sögn meðal annars unnið að gerð tæknibrellna í kvikmyndum á borð við Gravity, Everest og Guardians of the Galaxy. „Þá hafa flest leikjafyrirtæki á landinu útskrifaða nemendur úr Margmiðlunar-skólanum á sínum snærum. Má þar nefna CCP og Sólfar,“ upplýsir Halldór.

Margmiðlunar-skólinn er að sögn Halldórs vel tækjum búinn. „Við erum með „green screen“ stúdíó, hljóðstúdíó, „mocap“ og alls konar græjur og dót til myndatöku en senur í kvikmyndunum Two Guns og Djúpinu voru meðal annars teknar upp í „green screen“ stúdíói skólans. Veggirnir eru í grænum lit sem er síður út fyrir þann bakgrunn sem leikararnir eru settir í en hann getur bæði verið tölvugerður eða myndskaið,“ útskýrir Halldór.

Nám í Margmiðlunar-skólanum tekur tvö ár og útskrifast nemend-

ur með diplóma. Möguleiki er á að taka viðbótarár við erlenda háskóla til BA-gráðu. Að sögn Halldórs er kennt á öll helstu forrit sem notuð eru í bransanum og lögð áhersla á að fylgja þróun í forritum og lausnum.

Á fyrstu og annarri önn námsins er farið í grunninn og helstu kenningar og forrit kynnt til sögunnar en leitast er við að skapa umhverfi þar sem nemendur geta tamið sér sjálfstæð vinnubrögð. Á þriðju önn velja þeir sér sérhæfingu en fjórða önnin er svo hugsuð sem eitt stórt verkefni sem nemendur vinna sjálfstætt með stuðningi en þetta er að sögn Halldórs starfsumhverfi atvinnulífsins. „Þróunin í þessum heimi er afskaplega hröð og krefst stöðugrar símenntunar. „Við þjálfum nemendur í að temja sér þann hugsunarhátt að halda sífellt áfram að læra,“ segir Halldór.

Kennslan fer fram í Sjómannaskólahúsinu, húsi Tækniskólans á Háteigsvegi.

Nánari upplýsingar um námið og umsóknir eru að finna á vefsvæði skólans og hjá Ragnhildi Guðjónsdóttur í síma 514 9601 eða í gegnum netfangið rag@tskoli.is



Margmiðlunar-skólinn er vel tækjum búinn en senur í kvikmyndunum Two Guns og Djúpinu voru meðal annars teknar upp í „green screen“ stúdíói skólans. MYND/ANTON BRINK



NETHEIMUR

STARFSFÓLK NETHEIMS

hefur hannað, smíðað og sett upp ýmsar sérhæfðar forritunar- og kerfislausnir. Með því móti höfum við veitt ýmsum fyrirtækjum margháttaðan stuðning við að hagræða í sínum rekstri. Starfsmenn okkar búa yfir áralangri reynslu og faglegri þekkingu sem ávallt miðar að því að gæta hagsmuna hvers viðskiptavinar með persónulegri þjónustu.

Sérfræðingar í WordPress og öryggismálum

Lúllabúð er hugbúnaðardeild Netheims sem sérhæfir sig í hönnun og uppsetningu á vefsíðum og „öppum“ fyrir snjallsíma.

Lúllabúð

Um fyrirtækið

Tæknifyrirtækið Netheimur hefur verið starfrækt í 17 ár og hefur á þeim tíma byggt upp mikla sérhæfingu á sviði reksturs tölvukerfa, hýsingar og hugbúnaðarsmíði. Starfsemin fer fram í vistlegu húsnæði að Sóltúni 26. Þetta er mátulega stór vinnustaður þar sem finna má samhentan, glaðlegan og vinnusaman starfsmannahóp sem býr að

fjölbreyttum bakgrunni, menntun og aldursdreifingu. Mannskapurinn er vel í stakk búinn til að svara þeim kröfum og takast á við þær áskoranir sem eingöngu fagmenn eru færir um að leysa af hendi. Leiðarstefið í allri vinnu Netheims felst þó ávallt í því að kapp sé best með forsjá. Hagur viðskiptavina er hagur Netheims segir Guðmundur Ingi Hjartarson framkvæmdastjóri.

Lúllabúð

Lúllabúð er hugbúnaðardeild Netheims sem sérhæfir sig í hönnun og

uppsetningu á vefsíðum og „öppum“ fyrir snjallsíma. Hjá Lúllabúð leggjum við ríka áherslu á notendavæna hönnun og viljum taka mið af notandanum í öllu okkar vinnuferli, allt frá fyrsta fundi til lokaniðurstöðu. Því er það markmið okkar að sníða vörur að þörfum notenda, í stað þess að láta þá aðlagast að okkar vöru.

Við rekum vefi og vefkerfi fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Þau eru ýmist hýst hjá okkur eða á öðrum stað. Að því leyti felst sérhæfingin í WordPress forritun og hönnun fyrir vefsíður ásamt

rekstri á einu af rótgrónustu hýsingarkerfum landsins undir merkinu XNET.IS. Meðal viðskiptavina okkar eru vefir eins og Nútíminn, Miðjan, Fréttanetið, Krónan, Nótún, Ellos og Lögregluvefurinn. Öll þessi fyrirtæki hafa valið þá leið að fara yfir í WordPress.

Veraldarvefurinn er í stöðugri þróun og leggjum við mikið upp úr því að kynna okkur nýjustu tækni og aðferðafræði til þess að teljast samkeppnishæf innan markaðarins. Sum verkefni krefjast sérlausna, sem verða til

þess að við könnum ótroðnar slóðir og erum við með öllu óhrædd við að feta þann veg.

Ekkert verk er of lítið eða of stórt, enda koma viðskiptavinir okkar úr öllum krókum og kimum atvinnulífsins. Öll verkefni hafa sína eiginleika og áskoranir sem við leitumst eftir að takast á við í nánú samstarfi við viðskiptavini okkar. Ekkert veitir okkur jafn mikla ánægju eins og að ganga frá góðu verki þar sem allar óskir viðskiptavinarins hafa verið uppfylltar.

Einföld ráð til að verjast vefsíðuárásum

Árásir og innbrot á vefi eru daglegt brauð í okkar háþróaða tæknisamfélagi. En svipuð lög málgilda um netöryggismál og heimaöryggismál. Fæstir huga að þeim fyrr en brotist hefur verið inn. Tjónið sem af því hlýst getur oft verið ómetanlegt og gjarnan kostað miklu vinnu. Af þeim sökum þurfa öryggismál að vera í föstum skorðum þegar vefsíður eru annars vegar.

Að þessu leyti er sérhæfing öryggismála okkar aðalsmerki. Þegar kemur að því að verjast rafrænum vágestum, þá er uppsetningin í raun sérsniðin að þeim þörfum sem skapast hverju sinni. Nærtækustu dæmin eru eigin eldveggur ásamt ýmsum viðbótum sem einfaldlega loka á allar mögulegar ógnir sem stæða að hverju sinni.

Í WordPress eru fyrirliggjandi ýmsar fleiri lausnir sem vert er að benda á. Þannig er hægt að lágmarka árásir með því að fjarlægja sjálfgefna notandann (admin) og

NOKKUR GÓÐ RÁÐ TIL AÐ VERJAST ÁRÁSUM

1. Notaðu sterkt og afgerandi lykilorð sem auðvelt er að muna. Orðið þarf að innhalda að minnsta kosti átta stafi sem bæði eru bók- og tölustafir.
2. Ekki nota admin sem notandanafn í uppsetningu.
3. Lágmarkaðu innskráningar í stjórnborðið með því að láta þær eingöngu miðast við þína IP-tölu. Gott er að setja 25 sekúndna bið á notanda sem slær inn rangt lykilorð.
4. Notaðu rafræn skilríki eða snjallsíma við innskráningu. (island.is eða clef).
5. Veldu örugga hýsingu hjá traustu fyrirtæki.
6. Mundu að setja inn reglulegar uppfærslur.
7. Taktu afrit reglulega.

setja inn í staðinn notandanafnið kerfisstjóri. Hér ber að hafa í huga að þó svo að Wordpress kappkosti að uppfæra sín öryggismál þá verða vefsíðueigendur að hafa vakandi auga yfir sínum tölvukerfum. Þar má einu gilda hvort þau heita Wordpress eða eitthvað annað.

» Fæstir huga að öryggismálum fyrr en brotist hefur verið inn. Tjónið getur verið ómetanlegt.



Guðmundur S. Jónsson segir árásir og innbrot á vefi daglegt brauð.



Rafn Steingrímsson segir sprengingu hafa orðið á internetinu á undanföllum árum.

WordPress - Stærsta þróunarsamfélag internetsins

Þegar Steve Jobs kynnti nýju litríku iMac tölvurnar árið 1997, sem var upphafið að gríðarlegu velgengnistímabili Apple, litu margir svo á að þarna væri á ferðinni einn mesti snillingur samtímans sem hefði tekist að binda enda á langt einokunartímabil Microsoft á einstaklings-tölvumarkaði.

Jobs var sannarlega snillingur, en það er síður en svo að velgengni Apple sé honum einum að þakka. Apple hafði nefnilega gríðarlegan meðbyr vegna þess að árdögum internetsins var lokið og fleiri en bara hreinræktaðir tölvunörðar voru farnir að nota það.

Internetið tók við sem nýr staðall. Loksins þurftu hugbúnaðarfyrirtæki ekki að þróa hugbúnað bara fyrir eitt eða mörg stýrikerfi. Og þegar Microsoft Windows var með yfir 95% markaðshlutdeild þá var það auðvitað „no-brainer“ hvaða stýrikerfi var ákveðið að þróa fyrir. Það er auðvitað í flestum tilvikum, fyrir flest fyrirtæki, of dýrt að tvöfalda þróunarkostnað fyrir 5% markaðarins.

Í dag eru flest forrit sem við notum inni í vafra á netinu. YouTube, Facebook, Google Docs, Google Maps, Netflix, Gmail o.s.frv. Langflestum notendum



” Að þróa hugbúnað eða vefsíður í gegnum WordPress er því í dag langbesta og ódýrasta leiðin fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Það er óþarfi að finna upp hjólið oft og þróa sinn hugbúnað einn í sínu horni.

Rafn Steingrímsson

nægir að vera með eitt forrit inni á tölvunni og það er vafrinn (e. browser). Og af þeirri ástæðu er oft sniðugast að þróa hugbúnað fyrir vefinn þar sem þú kemst á internetið í öllum tækjum.

Fjórðungur internetsins er byggður á WordPress

Það hefur orðið ákveðin sprenging á internetinu á undanföllum árum. 25% af vefsíðum internetsins eru nú byggðar á vefumsjónarkerfinu WordPress. Þetta hlutfall mun líklega hækka enn meira á þessu ári.

Það er styrkur í samfélögum, þar sem þau leiða af sér mikla samvinnu og það er nákvæmlega styrkur WordPress samfélagsins. Í dag er hægt að opna vefverslun í gegnum WordPress með tengingu við færsluhirði eins og Borgun eða Valitor, án þess að forrita nokkurn skapaðan hlut þar sem WordPress samfélagið býður upp á svo gríðarlega mikið af íhlutum á lágu eða engu verði.

Að þróa hugbúnað eða vefsíður í gegnum WordPress er því í dag langbesta og ódýrasta leiðin fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Það er óþarfi að finna upp hjólið oft og þróa sinn hugbúnað einn í sínu horni í stað þess að byggja ofan á það sem til er.

UMSAGNIR VIÐSKIPTAVINA



Þjónustan er 100%

Netheimur hefur séð um öll tölvumál fyrir Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) frá því árið 2008. Síðustu 12 mánuði hefur mikið reynt á þjónustuna vegna endurnýjunar á öllum tölvubúnaði félagsins, bæði út-

stöðvum og netþjónum. Netheimur hefur séð um þá vinnu frá A til Ö. Netheimur hefur frá upphafi haft umsón með innleiðingu á nýjum hugbúnaði fyrir SSF auk þess að sjá um smíði og viðhald á vefkerfum. Mín upplifun af

samstarfinu við Netheim er fagmennska, raunhæfar kostnaðaráætlanir og 100% þjónusta.

Stór verkefni engin hindrun

Netheimur hefur síðasta hálfu árið unnið með Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) að þróun sjálfsafgreiðslulausnar í gegnum vef fyrir samtökin.

Í því ferli hefur Netheimur aðstoðað við þarfagreiningu og val á lausnum auk þess að sjá alfarið um forritun og prófanir. Allt ferlið hefur einkennst af mikilli fagmennsku af hálfu Netheims, til dæmis var frá upphafi lögð áhersla á nákvæma þarfagreiningu auk þess að skoða hvort mögulegt væri að kaupa tilbúna lausnir, sem reyndist ekki vera í þessu tilfalli. Í framhaldinu var í samvinnu við Netheim hafin vinna við forritun á því kerfi sem í dag gengur undir nafninu Mínar



XNET.IS

Xnet er eitt elsta hýsingarfyrirtæki landsins. Rótgróin reynsla og þekking á hýsingum er okkar aðalsmerki. Allar helstu lausnir á þessu sviði eru fyrirbyggjandi, hvort sem um er að ræða lénahýsingu, skýjalausnir eða einfalda hýsingu á tölvuþósti og vefsíðum.

- HRAÐI

Hýsingarlausnir okkar keyra á vélbúnaði frá viðurkenndum framleiðendum. Þannig tryggjum við hámarks uppitíma, hraða og lágmarks svartíma.

- ÖRYGGI

Við afritum alla vefi daglega. Hýsingarsalurinn okkar er ISO-vottaður með hæstu öryggisstöðlum, með

öryggisgæslu Securitas 24/7, tvöfalt rafmagns- og netinntak, og vara-afsstöðvar.

- SKALANLEIKI

Í bakenda kerfisins stjórnar þú allri þjónustu þegar þér hentar. Þjónustan verður virk samstundis og þú greiðir aðeins fyrir það sem þú notar.

- ÞJÓNUSTA

Við aðstoðum þig í gegnum hjálparborðið okkar og ef þú þarft frekari tækniadstoð eða forritunarvinnu þá getum við hjálpað.

- Sérhæfð WordPress hýsing og mikill hraði

Við sérhæfum okkur í WordPress hýsingum og hýsum marga af vinsælustu vefum landsins. Ef þú ert með vef sem þarf að taka við mikilli umferð þá ertu á réttum stað.



Jóhann Gunnar Bjargmundsson segir WooCommerce vinsælt.

WordPress greiðslugáttir

Greiðslugáttirnar einfalda öll söluferli til mikilla muna með þægilegri móttöku á greiðslum í gegnum WordPress vefverslun eða bókunarsíður á netinu. Öllum þeim sem hýsa vefi hjá Netheimi er boðið upp á tengingu við greiðslugáttir hjá Valitor, Borgun, Korta og Netgíró.

WooCommerce og netverslanir

WooCommerce er vinsælasta eCommerce platformið í dag. WooCommerce er notað af 30% af öllum vefverslunum í heiminum.



WooCommerce er viðbót við WordPress og er ókeypis til notkunar. Greiðslugáttir okkar eru tilbúnar til notkunar með WooCommerce. Við höfum smíðað tengingar við Valitor, Borgun, Korta og Netgíró. Ef fyrirtæki þitt er að huga að sölu á netinu þá mælum við með WooCommerce. Allir vefir sem hýstir eru hjá okkur eiga kost á að nýta sér þessar viðbætur.

Allt ferlið hefur einkennst af fagmennsku af hálfu Netheims.

Hilmar Vilberg Gylfason

síður SSF. Netheimur hélt mjög vel utan um verkefnið, kostnaðargreiningu, samskipti við samstarfsaðila, prófanir og eftirfylgni. En það sem skipti mestu máli var að kostnaðaráætlun var raunhæf, lausninni var skilað á réttum degi og engin vandamál hafa komið upp.

Hilmar Vilberg Gylfason fjármálastjóri

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

Fagmennska í fyrirrúmi

Við leitum til nokkurra fyrirtækja varðandi vefumsjónarkerfi en að lokum völdum við samstarf við Netheim. Það samstarf hefur reynt afar gott og hafa þeir mætt öllum þörfum okkar með fagmennsku í fyrirrúmi. Lagt var upp með að gera vefi sem eru auðveldir í notkun fyrir notendur sem og viðskiptavinum og höfum við nýverið opnað nýjasta vefinn okkar fyrir Krónuna. Þegar tækniveröldin ferðast á þeim hraða sem raun ber vitni er nauðsynlegt að hafa teymi sem bregst hratt við óskum okkar sem fyrirtæki og það hefur Netheimur staðið við.

Einar Thor verkefnisstjóri

Kjarval, Krónan, Elko, Intersport,



Pétur Rúnar Guðnason, markaðsstjóri Stefnu, segir að eitt af því mikilvægasta fyrir góðan vef sé að vefstjóri eigi ekki bara auðvelt með að uppfæra vefinn heldur að hann hafi ánægju af því. MYND/STEFÁN

Yfir 1000 vefir velja Stefnu

Starfsfólk **Stefnu** hefur unnið að hönnun, forritun, greiningu og ráðgjöf fyrir mörg hundruð vefi. Sú reynsla gefur góðan grunn til að aðstoða jafnt stóra sem smáa sem til fyrirtækisins leita með uppsetningu á vefsvæðum til að veita upplýsingar, taka við pöntunum, sölu á vörum og þjónustu og mörgu öðru. Fjöldmörg jákvæð ummæli viðskiptavina Stefnu bera vott um góða þjónustu og vönduð vinnubrögð.

Mikilvægasti þátturinn í undirbúningi á vef er að þekkja notendur og greina hverjar þarfir þeirra eru að sögn Péturs Rúnars Guðnasonar, markaðsstjóra Stefnu. „Förangsröðun á efni og uppsetningu þess ætti að vera í takt við þarfir notenda. Því auðveldara sem notendur eiga með að nota vefinn því öflugri verður vefurinn með tilliti til leitarvélbestunar, sölu og bættrar ímyndar fyrirtækisins.“

Hvernig nær ég athygli leitarvéla?

„Við aðstoðum viðskiptavinum okkar við að hugsa hlutina út frá þörfum notenda, hugsa út fyrir vöruframboðið og horfa til hvers konar ráðgjafar og hagnýtra upplýsinga sem notendur leita að. Þannig geta þeir sem gúgla eftir hagnýtum upplýsingum ratað inn á þjónustuna sem fyrirtækið veitir. Fyrirtækin sjálf eru sérfræðingar í þörfum sinna viðskiptavina,“ segir Pétur.

Þjónusta, þjónusta, þjónusta

Að sögn Péturs er eitt af því mikilvægasta fyrir góðan vef að vefstjóri eigi ekki bara auðvelt með að uppfæra vefinn heldur að hann hafi ánægju af því. „Okkar nálgun grundvallast á öflugri þjónustuborði sem viðskiptavinir okkar greiða ekki sérstaklega fyrir aðgang að en að auki erum við með okkar eigið vefumsjónarkerfi, en ummæli notenda þess tala sínu máli.“ Ummælin má lesa hér annars staðar á síðunni.

Aðgengi tryggt, óháð skjástærð og fötlun

Hjá Stefnu er tryggt að aðgengismál séu í lagi. „Glænýr vefur Ör-

yrkjabandalags Íslands er stærsta verkefni okkar á þessu sviði og óhætt að segja að við séum búin að ganga í gegnum frábæran skóla sem kemur viðskiptavinum okkar til góða í framtíðinni. Bætt aðgengi þýðir ekki alltaf aukaleg fjárútlát, heldur lýtur fyrst og fremst að því að fylgja stöðlum og tæknilegum úrræðum sem eru í boði,“ lýsir Pétur. Hann nefnir einnig að vefurinn þurfi jafnframt að virka snurðulaust á stórum sem smáum skjáum. „Það býður upp á skemmtilega möguleika þar sem í snjallsíma nýttist vel að hugað hafi verið að förangsröðun og texta sé haldið knöppum og hnitmiðuðum. Fjöldmargir vefir okkar fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög taka mið af þessu, svo sem slippbarinn.is, hekla.is eða vma.is þar sem búið er að huga sérstaklega að upplifun notenda á smærri skjáum.“

Opin og heiðarleg samskipti

Nálgun starfsfólks Stefnu á vefsíðugerð og hugbúnaðarþróun er að horfa á verkefnið út frá þjónustu og samvinnu. „Árangursríkt samstarf byggist á því að talað er hreint út. Opin og heiðarleg samskipti þýða að óvissu er haldið í lágmarki og verkþættir, tímalína og umfang verkefna eru uppi á borðum.“

Stefna er með öflugt hugbúnaðarhús sem sérhæfir sig í vefmálum, stórum sem smáum. „Við erum með skrifstofur á Akureyri og í Kópavogi en að auki erum við með starfsmenn í Hrísey og Uppsólum í Svíþjóð.“

Allar nánari upplýsingar má finna á stefna.is.

UMMÆLI VIÐSKIPTAVINA TALA SÍNU MÁLI

● **Egill Jóhannsson**, forstjóri **Brimborgar**, hefur mikinn áhuga á vefmálum og leggur fyrirtækið mikla áherslu á að mæla árangur: „Leitarvélbestun var eitt af mikilvægari markmiðum með innleiðingu á nýju vefumsjónarkerfi. Starfsmenn Brimborgar höfðu unnið mikla greiningarvinnu áður en vefirnir voru hannaðir og ein af stóru ástæðum þess að Moya-vefumsjónarkerfið var valið var vegna þess hvernig kerfið leysir leitarvélbestun á einfaldan en um leið skilvirkan hátt. Á aðeins nokkrum vikum náðust flest okkar markmið um leitarvélbestun fyrir alla nýju vefina og fyrir þrjá fyrstu vefina sem hafa verið í loftinu í nokkra mánuði hafa öll markmið náðst.“

● **Icelandair Hotels** samsteypan hafði áður verið í Drupal, en ekki fengið þjónustu sem hentaði hennar þörfum við það kerfi. **Erla Sigurlaug Sigurðardóttir** er ritstjóri Icelandair hótela: „Við skiptum yfir í Moya vefumsjónarkerfi Stefnu og er

kerfið einkar þægilegt og notendavænt. Stefna sýnir fagleg og vönduð vinnubrögð og er þjónustan náin, persónuleg og á mannamáli. Okkur hefur fundist gaman að vinna með Stefnu og það er nánast eins og við séum með þá í húsi hjá okkur, þetta gengur svo vel.“

● **Halldór Arinbjarnarson** er upplýsingastjóri **Ferðamálastofu**: „Ég hef langa reynslu af vinnu með ýmsum vefumsjónarkerfum og vefstofum. Þar skiptir mestu þekking og hæfni þess starfsfólks sem maður á viðskipti við. Ég gef starfsfólki Stefnu fyrstu einkunn fyrir afbragðs þjónustu og öguð vinnubrögð.“

● **Sigríður Huld Jóhannsdóttir** er aðstoðarskólameistari **VMA**: „Við hönnun síðunnar fengum við starfsfólk Stefnu í lið með okkur og fengum góða faglega leiðsögn á öllum þáttum í tengslum við uppsetningu heimasíðunnar þar sem áherslan var á þau tæki sem nemend-

ur nota helst til að skoða heimasíðuna, til dæmis í gegnum símana sína.“

● **Sædis Alexía** er verkefnastjóri hjá **Akraneskaupstað**, sem nýlega hlaut verðlaun fyrir besta sveitarfélagavefinn: „Persónuleg og góð þjónusta, snöggir í svörum, jákvæðir, lausnamiðaðir, stanslaus þróun og eftirfylgni. Þetta eru orð sem lýsa samskiptum Akraneskaupstaðar og Stefnu. Þeir fá okkar toppmeðmæli og við hlökkum til frekara samstarfs.“

● **Fannar Ásgrímsson** er markaðsstjóri **Arctic Adventures**, en nýverið fór nýr vefur, diversilfra.is, í loftið: „Samstarfið við starfsfólk Stefnu var auðvelt og árangursríkt og sýndu þau frumkvæði og útsjónarsemi þegar kom að því að leysa tæknilega annmarka sem upp komu við að samþætta síðuna við bókunarkerfi okkar. Við gefum Stefnu okkar bestu meðmæli og hlökkum til að starfa með þeim áfram.“

” Förangsröðun á efni og uppsetningu þess ætti að vera í takt við þarfir notenda. Því auðveldara sem notendur eiga með að nota vefinn því öflugri verður vefurinn með tilliti til leitarvélbestunar, sölu og bættrar ímyndar fyrirtækisins.

BÍLAR & FARARTÆKI



KIA Ceed ex world cup edition. Árgerð 2015 ekinn 6 P.KM dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.101437. Glæsilegt eintak



TOYOTA Land cruiser 120 Árgerð 2006 ekinn 125 P.KM dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.101408. Frábært eintak einn eigandi Toppviðhald

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

Bílalíf



NÝR BÍLL
SUBARU XV 4X4 HÁTT OG LÁGT DRIF. Árgerð 2016, bensín, 5 girar, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127267. S:562-1717.



NÝR BÍLL
SUZUKI SX4 S-CROSS GL+ AWD. Árgerð 2016, bensín, sjálfskiptur, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127357. S:562-1717



LAND ROVER DISCOVERY 4. Árgerð 2012, ekinn 89. þús km, dísel, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 8.900.000. Rnr.127499. S:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

PLANID BÍLASALA



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2012, ekinn 116 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.106670. Á staðnum.



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2013, ekinn 107 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.301319. Á staðnum.



NISSAN X-trail leður + lúga. Árgerð 2006, ekinn 134 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.301989. Á staðnum.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 15 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.991378.



Kia Sorento. Árgerð 2011, ekinn 101 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.290028. 2 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I30. Árgerð 2015, ekinn 32 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.790.000. Rnr.280146.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



HONDA Cr-v. Árgerð 2009, ekinn 93 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.141177.



GOTT VERÐ!
MMC Pajero 2.5 Diesel 05/2001 5 girar verð nú aðeins 790 þús!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.


Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum

Fáðu betra tilboð

Islandus.is hefur í meira en áratug aðstoðað við kaup á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA. Fjölmargir hafa sparað hundruði þúsunda, jafnvel milljónir króna, með beinum innflutningi.

Betri verð á rafbílum

T.d: Nissan Leaf, Ford Focus rafbíl, Toyota Prius Mitsubishi Outlander 4x4

Fáðu tilboð á www.islandus.is



100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.



islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000

að taka sér tak með það. Við erum að ná árangri. Þetta er þó að gerast hægar en við höldum að það myndi gerast, miðað við að þetta er bundið í lög. Það eru tölur og kannanir sem sýna það að við getum enn gert betur. Stjórnendur verða að taka þetta til sín og breyta og handsnúa það niður.“


„Í kjarnann er það þannig að mínu mati að kjarkaðir stjórnendur eru þeir sem ná árangri í þeim skilningi að þeir fara einfaldlega í það að breyta og leiðrétta þar sem þarf. Þeir eru árangursmiðaðir og vilja ná árangri á öllum sviðum og þeir skilja raunverulega meininguna á bak við góða stjórnarhætti og það að vinna með hugtök á borð við samfélagslega ábyrgð og jafnrétti samféluginu í vil,“ segir Hulda.

Fjölgun kvenna í stjórnnum og fjölgun kvenstjórnenda hefur ekki haldist í hendur. Einungis um 20 prósent framkvæmdastjóra íslenskra fyrirtækja eru konur. Hulda telur að vinna þurfi málin á báðum þrepum. „Fókuspunkturinn, man ég, þegar ég kem hingað inn var að til að fjölga í framkvæmdastjórn þá ættum við að fjölga í stjórnnum. Þá var farið í að fjölga í stjórnnum og talið að þannig myndi sjálfkrafa fjölga í framkvæmdastjórnnum. Það var röng ályktun, augljóslega. Það þarf bara að vinna þetta á báðum þrepum, fólk þarf að vera meðvitað um hvert einasta lagskipta þrep innan fyrirtækis. Þetta er eins og með launamisréttið, þar eigum við augljóslega eitthvað í land hérna heima.“

Lykilatriði að auka ásýnd kvenna
FKA heldur úti fjölmiðlaverkefni með það að markmiði að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum, þar sem hlutföllin eru nú 70-80 prósent karlar á móti 20-30 prósentum kvenna í fjölmiðlum. Verkefnið fór af stað árið 2013 og nær til ársins 2017. „Þegar við vorum búnar með stjórnarverkefnið þá áttuðum við okkur á því að það væri mikilvægt að vera með eitthvert verkefni í

Hlutfall viðmælenda í ljósvakapáttum og fréttum

1. febrúar 2009 til 30. ágúst 2013



Við erum alltaf að hrekja mýtuna um að konur segi nei. Það er ekki hægt að þræta um það lengur að konur eru tilbúnar til áhrifastarfa og konur eru algjörlega tilbúnar í fjölmiðla, alla vega þegar kemur að konum í atvinnulífinu og í stjórnárum.

gangi. Við værum orðnar það stórt afl að við gætum haft áhrif í gegnum verkefni. Við vorum búin að átta okkur á því að lengi hefði ásýnd kvenna í fjölmiðlum ekki verið á við ásýnd karla. Því ákváðum við að taka upp tölur hjá Creditinfo og því miður höfðu þær ekki breyst frá því fyrir mörgum árum áður,“ segir Hulda og bætir við að hún hafi ekki viljað trúa þessum tölum þegar hún sá þær fyrst.

Hlutfall kvenkyns stjórnarmanna

%	2010	2011	2012	2013	2014
Stærð fyrirtækis					
2-9 manns	25,5	26,0	25,8	25,6	25,4
10-19 manns	20,1	21,0	21,0	20,5	22,2
20-49 manns	16,8	17,7	19,3	20,6	20,4
50-99 manns	20,1	19,2	21,3	26,1*	29,6
100-249 manns	17,5	21,9	23,8	31,8*	35,0
250+	21,0	25,7	26,0	36,0*	38,5
Meðaltal	24,0	24,5	24,9	25,1	25,5

*Í september 2013 tóku gildi lög um kynjakvóta sem segja að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga sem hafa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli vera að minnsta kosti 40 prósent hlutfall af öðru kyninu.

„Við spurðum okkur hvað við þyrftum að gera og ákváðum að taka þetta þrjúþætt. Það þarf að tala við háskólasamfélagið og fjölmiðlafræðinga og byggja upp rannsóknir, svo þarf að tala við atvinnulífið og ritstjóra og eigendur fjölmiðlanna, og einnig að líta í okkar eigin barm. Við þurfum að efla og virkja okkar konur, og hvetja þær til að stinga sér inn í þjóðfélagsmælinguna. Ef allir þessir aðilar og stjórnárum einnig taka utan um þetta þá held ég að við hljótum að geta náð einhverjum árangri,“ segir Hulda.

Meðal þess sem FKA er að gera er að halda úti lista yfir tæplega fimm hundruð konur sem eru tilbúnar að vera í fjölmiðlum, auk þess að auðvelda fjölmiðlafólki að fletta upp félagskonum í gagnagrunni sínum til að leita að kvenviðmælendum eftir sviði. „Við erum alltaf að hrekja mýtuna um að konur segi nei. Það er ekki hægt að þræta um það lengur að konur eru tilbúnar til áhrifastarfa og konur eru algjörlega tilbúnar í fjölmiðla, alla vega þegar kemur að konum í atvinnulífinu og í stjórnárum,“ segir Hulda.

Hulda segir að konur vinni kannski öðruvísi og fari fram á

annars konar verklag, en þá mætti kannski taka upp annars konar vinnulag eða nálgun en tekin hefur verið til karlanna í fortíðinni. Hulda ítrekar þó að mikilvægt sé að vinna verkefnið á jákvæðan hátt, þar sem allir eru að reyna að gera sitt besta. „Ég tel að fjölmiðlar séu miklu meðvitaðri um þetta núna. Það þarf kannski að hugsa hlutina upp á nýtt til að ná árangri.“

Tengslanet kvenna orðið stærra
Eitt aðalmarkmið FKA er að auka tengslanet kvenna. Hulda segir að félagsmenn séu að læra hratt að nýta tengslanetið sitt, og að það séu margar konur komnar með sterkt og gott tengslanet sem óneitanlega skili árangri.

„Við lítum á það sem svo að þegar þú ert komin inn í félagið ertu með 1.100 konur á skrá og símanúmer hjá þeim öllum og tengslanet sem þú átt að nýta þér. Ég held við ættum að jarða það að konur séu konum verstar, því konur eru konum bestar og það sannast aftur á bak og áfram, og við erum að sanna það að konur innan tengslanets eins og FKA benda hver á aðra í stjórnir og störf og efla hver aðra til áhrifa.“

Hulda segir það lykilatriði að konur sem komnar eru til áhrifa séu meðvitaðar um að það gerist ekki af sjálfu sér og að þær aðstoði aðrar konur til að fylgja í fótsporin, þar sem hver og einn einstaklingur þarf kannski smá ráðgjöf og aðstoð svo að ferillinn fari upp á við og standi ekki í stað. „Þegar gáttin er orðin opin þá nýtist það fleiri konum, þá verða fleiri kanónur og fleiri stöður þar sem kona kemur til greina.“

„Það er mikilvægt að fólk almennt leiði breytingar markvisst, hvort sem það eru konur eða karlar. Hér á Íslandi hefur orðið til þetta afl 1.100 kvenna í atvinnulífinu sem er tilbúið að leiða breytingar og berast fyrir breytingum. Það segir sig því sjálfst að þar sem þessar meðvituðu konur komast til áhrifa, þar verða breytingar. Einfaldlega af því að við sættum okkur ekki við annað. Svo eru fleiri og fleiri karlmenn að meðtaka það með okkur og viðurkenna að það er enn skekkja á ýmsum sviðum og því þarf að breyta. Ekki kvennanna vegna, heldur samfélagsins vegna, vegna barna okkar og þeirra sem eiga ekki að þurfa að benda á þetta í gríð og erg,“ segir Hulda Bjarnadóttir.

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

Öryggi á sjó. Áreiðanleiki, afl og ending ásamt hagstæðum rekstri og góðri þjónustu er trygging Volvo Penta.



Skoðaðu Volvo Penta í dag

Breið lína bátavéla sem henta margvíslegum gerðum og stærðum báta. Komdu og skoðaðu sýningarvélur í dag og ræddu við ráðgjafa.

Uppitaka á bátavélum

Við tökum eldri Penta vélbúnað upp í kaup á nýjum búnaði. Eigum til uppgerðan vélbúnað til sölu á lager. Kynntu þér notaðar bátavélur til sölu.

Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Vélaverkstæði Brimborgar og þjónustuaðilar um land allt taka að sér þjónustu og niðursetningu á Volvo Penta vélbúnaði.

Neyðarþjónusta okkar fyrir Volvo Penta vélbúnað, ljósavélar og rafstöðvar er margþætt enda aðstæður viðskiptavina okkar misjafnar. Fáðu verðtilboð í þjónustu.

Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.

HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7070
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Ný heimasíða: volvopenta.is



Trúast teymi Volvo Penta á Íslandi | Brimborg

Á myndinni eru frá vinstri: Jóhann Rúnar Ívarsson þjónustustjóri, Hilmar Skúli Hjartarson vélvirkir, Ingvar Karl Ingason verk- og tæknistjóri, Gissur Kristjánsson söluráðgjafi varahluta, Guðmundur Gísli Sigurósson söluráðgjafi vélbúnaðar, Gunnar Hjalmarsson söluráðgjafi varahluta og Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri Volvo Penta á Íslandi.

- Hældrifsvélar
- Girvélar
- IPS vélbúnaður
- Rafstöðvar og ljósavélar



ÁGÚSTA SIGRÚN ÁGÚSTSDÓTTIR



Ganga til liðs við Zenter

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir hefur gengið til liðs við Zenter ehf. sem mannauðsráðgjafi og markþjálfari. Ágústa hefur unnið í ferðageiranum við mannauðsmál í um tíu ár.

Ragnhildur Vigfúsdóttir hefur einnig gengið til liðs við Zenter. Hún hefur unnið á flestum sviðum mannauðsmála. Hún var jafnréttis- og fræðslufulltrúi Akureyrarbæjar, lektor við Nordens Folkliga Akademi og vann sem starfsþróunarstjóri hjá Landsvirkjun í 14 ár. – jhh

SJÖFN ÞÓRDARDÓTTIR



Til liðs við Podium

Sjöfn Þórdardóttir hefur gengið til liðs við Podium ehf. Sjöfn hefur síðustu tvö árin starfað sem framkvæmdastjóri Landssambands sjálfstæðisvenna. Hún starfaði áður við kennslu í Hofsstaðaskóla í Garðabæ en hefur undanfarin misseri sinnt forfallakennslu hjá Grunnskóla Seltjarnarness samhliða öðrum störfum. Í tilkynningu kemur fram að Sjöfn hefur mikla reynslu af stjórnun í samskiptamálum og viðburðastjórnun. – jhh

Tíminn í ráðuneytinu verður rifjaður upp í heita pottinum

Matthías Páll Imsland hefur verið ráðinn aðstoðarmaður forsætisráðherra. Hann segir það forréttindi að fá að vinna þar sem stærstu ákvarðanir um þjóðarhag eru teknar. Reynir að fara í ræktina á hverjum degi.

SVIPMYND

MATTHÍAS PÁLL IMSLAND

„Þetta er auðvitað feikilega spennandi verkefni. Við erum komin á seinni helming kjörtímabilsins og það eru enn mörg brýn úrlausnarefni sem blasa við okkur Íslendingum og sem ríkisstjórnin hyggst taka á,“ segir Matthías Páll Imsland. Matthías hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Hann var áður í velferðaráðuneytinu hjá Eycló Harðardóttur.

„Það kom fram hjá forsætisráðherra þegar hann réð mig að hann vill setja enn meiri kraft í að klára þau verkefni sem koma fram í stjórnarsáttmálanum auk annarra sem unnið hefur verið að hjá ríkisstjórninni,“ segir Matthías og bætir því við að eitt af stóru málum akkúrat núna séu húsnæðismálin. „Og ég þekki það úr mínu fyrra starfi að mikil vinna hefur verið lögð í þær tillögur og að þær munu hafa mikil og jákvæð áhrif á framboðið af hagstæðu húsnæði. Stórir hópar eru með húsnæðiskostnað sem er allt of hátt hlutfall af þeirra tekjum. Þarna geta stjórnvöld komið til móts við fólk enda er húsnæði grunnþörf og það hvernig þeim málum er háttað hefur mikil áhrif á lífsgæði fólksins í landinu.“

Matthías segist hlakka mikið til að vinna í forsætisráðuneytinu. „Það eru ekki margir sem fá að starfa svo nálægt þar sem stærstu ákvarðanir um þjóðarhag eru teknar. Maður á eftir að rifja þetta upp þegar maður situr í heita pottinum á gamals aldri og spjallar við aðra pottverja um landsmálin. Sú tilhugsun yfir líka við manni að reyna að gera vel. Ég held



Matthías Páll Imsland segir að vinnan í kringum Íbúðalánasjóð hafi bæði verið stórt og áhugavert verkefni. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

að allir sem taka að sér störf á þessum vettvangi vilji geta litið stoltir um öxl,“ segir Matthías.

Matthías lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni, BA-prófi frá Háskóla Íslands í stjórnmálafræði og síðar MS-prófi frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Áður en hann hóf störf í velferðaráðuneytinu vann hann sem ráðgjafi fyrir erlend fyrirtæki á sviði framtaksfjárfestinga. Þar áður var Matthías framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW-air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express. Hann segist ekki geta gert upp á milli þess að

vinna í einkageiranum og hjá hinu opinbera.

„Það er þannig að þetta er mjög ólíkt en hvort tveggja skemmtilegt á sinni hátt. Þau verkefni sem ég hef verið með hjá hinu opinbera hafa verið með þeim hætti að þau hafa verið áhugaverð og krefjandi,“ segir Matthías. Hann tekur sem dæmi vinnuna í kringum Íbúðalánasjóð sem hafi verið bæði stórt og áhugavert verkefni. „En jafnvel þó að ég búist við að Sigmundur haldi áfram sem forsætisráðherra og telji að þjóðin hafi þörf fyrir það, þá finnst mér líklegra að framtíð mín liggi í einkageiranum.“

Áhugamál Matthíasar eru fótbolti og svo reynir hann að fara í ræktina á hverjum degi. Hann hefur mikinn áhuga á hreyfingu og að vera í náttúrunni. Matthías á hund sem heitir Sunna sem hann segir alveg stórkostlegan karakter. „Reyndar enda göngutúrarnir oft með að ég þarf að halda á henni heim,“ segir hann.

Kona Matthíasar heitir Sóley Ragnarsdóttir og er lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu. Matthías og Sóley eiga samtals fimm börn á aldrinum 7 til tæplega 15 ára. „Það er oft mikið fjör en ég er mikill pabbi og elska að eyða tíma með börnunum mínum.“
jonhakon@frettabladid.is

IFRS 16 Leigusamningar

Fróðleikur á fimmtudegi | KPMG, Borgartúni 27 | 28. janúar | kl. 8:30

Á fundinum verður kynntur nýr reikningsskilastaðall um leigusamninga og farið yfir áhrif hans á reikningsskil og lykiltölur. Fundurinn er öllum opin.

Nánari upplýsingar og skráning á kpmg.is



5 prósent skara fram úr



Stefán Björnsson Öundurson

Um fimm prósent fyrirtækja á Íslandi sem eru í rekstri teljast framúrskarandi samkvæmt Creditinfo. Alls hljóta 687 fyrirtæki viðurkenninguna „Framúrskarandi fyrirtæki“ hjá Creditinfo fyrir árið 2015. Nær fjórfalt fleiri fyrirtæki þykja framúrskarandi nú en árið 2010 þegar viðurkenningin var veitt í fyrsta sinn, þá voru 187 fyrirtæki talin framúrskarandi.

Stefán Björnsson Öundurson, markaðsstjóri Creditinfo, segir fjölgun fyrirtækja vera til marks um batnandi efnahagslíf. Þó komi á óvart að sú atvinnugrein sem standi verst næst á eftir byggingariðnaði sé smásöluverslun. Staða fyrirtækja í smásöluverslun hafi versnað miðað við uppgjör félaganna.

Stefán á hins vegar von á því að framúrskarandi fyrirtækjum fækki á næsta ári vegna nýrra laga um ársreikninga sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Þar er kveðið á um að sekta verði fyrirtæki sem ekki hafi skilað ársreikningi fyrir 1. september. Til að teljast framúrskarandi þurfa fyrirtæki að hafa skilað ársreikningi sem sýnir hagnað síðustu þrjú ár, eiginfjárhluftall sé minnst 20 prósent, eignir séu yfir 80 milljónum og minni en 0,5 prósent líkur séu á vanskilum. – ih



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

HEFST 31. JANÚAR



Fyrsti þátturinn verður í **opinni dagskrá**

ÍSLAND GOT ★ TALENT

FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

#ÍGT

ÍSLAND GOT TALENT HEFST AFTUR



Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer í loftið á sunnudagskvöld. **Emmsjé Gauti** er nýr kynni og **Ágústa Eva, Dr. Gunní, Jakob Frímánn** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómamar þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.

365.is | Sími 1817

365



Fjármál

Ársæll Valfells
lektor við Viðskipta-
fræðideild Háskóla
Íslands

Að kaupa, banka eða ekki?

Í bókum um verðmat fyrirtækja er ekki óalgengt að rekast á setningar á borð við „Banks are among the most complex businesses to value, especially from the outside in“. Þó ársreikningar banka gefi einhverja mynd af rekstri, eignum og skuldum stofnunarinnar þá ræðst skýrleiki reikninganna mest af reikningshaldslegum ákvörðunum sem stjórnendur bankans taka. Oft þarf þá að gefa sér forsendur og geta sér til um gjörðir stjórnenda til að geta myndað sér skoðun á hlutabréfaverði bankans. Bankar eru einnig með skuldsettustu fyrirtækjum sem til eru og gerir það því verðmat mjög næmt fyrir breytingum í ytra umhverfi og spár um framtíðarverði óvissar. Enn fremur selja bankar margs konar þjónustu og því tekjumyndun oft ekki einhlít. Verð hlutabréfa banka hefur ekki farið varhluta af þeim óróa sem nú ríkir á hlutabréfamörkuðum. Hlutabréf Deutsche Bank hafa til að mynda fallið um 40% frá byrjun árs 2015.

Framangreind vandkvæði í verðlagningu banka gera hvert stakt verðmat óáreiðanlegt. Því er mikilvægt að líta til hvernig markaður verðleggur skráða banka og að nota einfaldan kennitölusamanburð. Vandinn við kennitölusamanburðinn er að bankar eru oft sérhæfðir í útlánastarfsemi og því auðvelt að bera saman epli og appelsínur. Því standa menn oft en ekki frammi fyrir því að reyna að byggja verðmat sitt á óskráðum banka með þeim rökum að skráði bankinn sé appelsína og hinn óskráði sé limóna en af sömu plöntuættkvísl.

Kennitölusamanburður byggður á markaðsvirði sýnir okkur svartsýni eða bjartsýni fjárfesta á raunvirði bókfærðra eigna. Fjárfestar eru í dag svartsýnir á Deutsche Bank sem er með gildið 0,35 og Barclays með gildið 0,5. Fjárfestar meta DNB heilbrigðari með gildið 0,9. Danske Bank lítur hraustur út með 1,1 og hinn ofurhressi Enskilda með hlutfallið 1,3. Nú stöndum við frammi fyrir því að hugsanlega verða einn eða fleiri bankar skráðir í íslensku kauphöllina. Þeir eru nokkuð sérstakir fyrir þær sakir að nýlega er búið að endurskipuleggja eignahlíð þeirra og eiginfjárstaða þeirra er há og rekstur nokkuð traustur líkt og kemur fram í síðasta riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika. Þar kemur einnig fram að fjármögnun þeirra nú er mest í innlånunum, innan hafta og einsleitt.

Helsta áskorunin fyrir íslensku bankana verður að aðlaga sig að nýju fjármögnunarmhverfi „eftir“ höft. Þegar kemur að því að verðmeta íslenska banka er spurningin sem fjárfestar þurfa að spyrja sig því þessi: Ef órói ríkir áfram á erlendum fjármála-mörkuðum, hvernig mun íslensku bönkunum ganga að sækja sér fé alþjóðlega í framhaldinu? Svar við því ræður því hvort niðurstaðan verður mandarína eða mögulega dúrían.

Brennandi reiði



Mótmælandi býr sig undir það að henda dekki í eld í mótmælum franskra bænda á hraðbraut RN 165 nálægt Lorient í Vestur-Frakklandi. Bændurnir voru að mótmæla lakkandi verði á kjöt- og mjólkurafurðum í landinu. FRÉTTABLAÐID/AFP

Fullkominn seðlabankastjóri eyðir mestum tíma sínum í golfi



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Hvor er betri seðlabankastjóri – sá sem er mjög upptekinn í starfi sínu eða sá sem eyðir mestum tíma sínum á golfvöllinum?

Svarið er að seðlabankastjórinn sem spilar golf er betri, því ef hann er önnur kafinn hefur hann sennilega ekki unnið vinnuna sína á réttan hátt. Verkefni seðlabankastjóra ætti að vera að tryggja það sem kalla mætti „nafnvirðisjafnvægi“ og ekki skekkja hlutfallsverð í hagkerfinu.

Besta leiðin til að tryggja nafnvirðisjafnvægi er að framfylgja peningamálastefnu sem byggist á mjög skýrum, gegnsæjum og sjálfvirkum reglum. Seðlabankastjórar sem gera það munu ekki hafa mikið að gera

þar sem markaðirnir sjá um mestu vinnuna.

Þetta er það sem gerðist á hinu svokallaða „mikla stöðugleikatímabili“ frá því snemma á 10. áratugnum til 2007/8 – bæði í Bandaríkjunum og mestum hluta Evrópu. Á stöðugleikatímabilinu mikla báru markaðirnir mikið traust til seðlabankanna í Bandaríkjunum og Evrópu, og almennt var þess vænt að þessir seðlabankar myndu tryggja stöðugleika. Reyndar höguðu markaðirnir sér eins og Seðlabanki Bandaríkja-anna og Seðlabanki Evrópu hefðu sett sér markmið um nafnvirði vergrar landsframleiðslu.

Þetta þýddi að það sem seðlabankastjórar þurftu í raun að gera var að fara í búning seðlabankastjóra (dökk jakkaföt og ekki of skrautlegt bindi) og segja síðan hluti sem staðfestu væntingar markaðanna um að seðlabankinn myndi tryggja stöðugleika.

Ef seðlabankinn er fyllilega trúverðugur og peningamálastefnan fylgir skýrum reglum (til dæmis markmið um stig nafnvirðis vergrar landsframleiðslu) er ólíklegt að seðlabankastjórar hafi mikið að gera – að minnsta kosti ekki varðandi peningamálastefnuna.

Peningaefitirspurn – í stað peningaframboðs – myndi einfaldlega hreyfast upp og niður og að meira eða minna leyti tryggja að nafnvirðismarkmiðið næðist. Hins vegar, ef seðlabankinn er ekki trúverðugur er enginn tími til að vera á golfvöllinum.

Segjum að seðlabankinn sé með markmið um nafnvirði vergrar landsframleiðslu og að nafnvirði vergrar landsframleiðslu fari upp fyrir markmiðið. Í tilfelli trúverðugs seðlabanka myndu markaðirnir vænta þess að bankinn gripi til aðgerða til að færa nafnvirði vergrar landsframleiðslu niður að markmiðinu. Þess vegna myndu þátttakendur á mörkuðunum búast við hertri peningamálastefnu. Þetta myndi leiða til styrkingar á gjaldmiðli landsins og verðfalls á hlutabréfum. Og þar sem fjárfestar og neytendur búast við hertari peningamálastefnu myndu þeir vænta þess að verðgildi peninga myndi aukast. Afleiðingin yrði sú að fjárfestar og neytendur myndu auka peningaefitirspurn. Allt þetta myndi sjálfkrafa hægja á hækkun nafnvirðis vergrar landsframleiðslu og færa það aftur niður að markmiðinu. Við þær aðstæður að seðlabanki hafi 100% trúverðugt markmið myndi bank-

inn ekki gera neitt annað en að vera alvarlegur og seðlabankalegur, og markaðurinn sæi um allt annað. Breytingar á peningaefitirspurn, frekar en peningaframboði, myndu tryggja að markmiðið næðist.

Ef, hins vegar, seðlabankinn er ekki trúverðugur myndu þátttakendur á markaði ekki vænta þess að seðlabankinn kæmi nafnvirði vergrar landsframleiðslu aftur á rétta braut. Við þær aðstæður yrði seðlabankinn að breyta peningaframboðinu til að þrýsta nafnvirði vergrar landsframleiðslu aftur að markmiðinu.

Verstu hugsanlegu aðstæðurnar eru þegar seðlabankastjórinn tekur upp örstjórnun. Hann vill ekki að gjaldmiðillinn sé of sterkur, en fasteignaverð er of hátt og útlánaaukning of mikil fyrir hans smekk. Og hann hefur miklar áhyggjur af gjaldeyrislánunum til heimilanna. Það er út af þessu sem seðlabankastjórar eru svo svekktir þessa dagana. Þeir eru einfaldlega að reyna að ná of mörgum markmiðum og það er þess vegna sem peningamálastefnan er að misheppnast úti um allan heim og seðlabankastjórar hafa engan tíma til að spila golf um þessar mundir.

Samkeppniseftirlit og biðin langa



Hin hliðin

Heiðrún Lind
Martensdóttir

Í liðinni viku birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 1/2016, tengda samruna Gæðabaksturs ehf. og Brauðgerðar Kr. Jónssonar ehf. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að samruninn var samþykktur.

Samruni þessi krafðist ekki ítarlegrar rannsóknar af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Þeir markaðir sem fyrirtækin starfa á voru þekktir, staða fyrirtækja á hlutaðeigandi mörkuðum var nokkuð skýr og edli samkeppni á þeim dæmigert. Minniháttar upplýsinga var því aflað frá aðilum á markaði, auk þess sem Samkeppniseftirlitið virðist hafa átt samtöl við fulltrúa þessara sömu aðila. Rannsókn sem fram fór af hálfu stjórnvaldsins er þar með tæmandi talin.

Löggjafinn hefur sett skýrar reglur um málsmeðferðartíma í samrunamálum. Meginástæða þessa er sú að bið eftir niðurstöðu getur valdið verulegu tjóni og hagsmunir viðskiptalífsins krefjast þess að fyrirtæki geti gengið kaupum og sölum með nokkuð skjóttum hætti. Þannig er um tvo skýra og aðskilda tímastigi að ræða; annars vegar 25 virka daga (Fasi I) og hins vegar 70 virka daga (Fasi II). Til síðarnefnda frestsins skal aðeins gripið ef stjórnvaldið, eftir rannsókn í fyrri fasa, telur verulegar líkur á að

samruni muni hindra samkeppni. Í dæmaskyni má vekja athygli á því að á árinu 2014 framkvæmdi framkvæmdastjórn ESB rannsókn í 292 samrunamálum. Aðeins átta þessara mála, eða um þriðju prósent, fóru í síðari fasa rannsóknar. Alls voru því 284 mál afgreidd í fyrri fasa.

Ástæða þess að fyrrgreint er nú rifjað upp, er sú að í nefndu samrunamáli Gæðabaksturs ehf. fullnýtti Samkeppniseftirlitið báða fresti. Málsmeðferð tók því 95 virka daga eða frá 9. september 2015 til

21. janúar 2016 og lítið sem ekkert var aðhafst í rúmlega fjóra mánuði! Því miður er ekki um einsdæmi að ræða í málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins og á þetta sleifarlag hefur áður verið bent. Þótt áhugavert væri að heyra skýringar forstöðumanna stofnunarinnar, þá skipta þær í raun engu máli. Málsmeðferðin er einfaldlega ekki í samræmi við markmið löggjafans. Skýringar duga því ekki til í þessu tilviki, heldur verður sjáanleg og skjót breyting að verða á þessu athafnaleysi stjórnvaldsins.

ÖR-RÁÐSTEFNA KRAFTS

um krabbamein og ungt fólk

SIGRUMST Á ÞVÍ SAMAN

í Stúdentakjallaranum þriðjudaginn 26. janúar 2016 kl. 17:30

Fundarstjóri: Björn Bragi Arnarsson

DAGSKRÁ

Setning

Hulda Hjálmarsdóttir, formaður Krafts

Njóta konur og karlar sem greinast með krabbamein jafnréttis?

Hannes Ívarsson fjallar um getuleysi vegna krabbameins og kröfur karlanna, sem greinast með krabbamein í kynfærum, til að fá stynningarlyf og risbúnað niðurgreitt.

Móðurmissir og söknuðurinn eftir því sem hefði átt að verða

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir missti móður sína 22 ára gömul árið 2012. Hún ræðir áfallið og móðurmissinn og lærdóminn sem hægt er að tileinka sér eftir slíkt.

Sjúkdóminn í eigin hendur — hvað er hægt að gera?

Kári Örn Hinriksson sem barist hefur við krabbamein í áratug fjallar um rannsóknir á mataræði og krabbameini ásamt því að benda á kostnað krabbameinsveiks ungs fólks vegna lyfja- og lækni meðferða og tæknifrjövgunar.

Tónlistaratriði

Sigríður Thorlacius

Útlit og krabbamein

Jenný Þórunn Stefánsdóttir, sem greindist með krabbamein, fjallar um útlit, hármíssi og möguleika ungra kvenna til að líta vel út, þrátt fyrir afleiðingar lyfjameðferðar þ.a.l.

Þegar fjölskylduafaðir greinist með heilakrabbamein

Kristján Björn Tryggvason, sem greinst hefur tvisvar með heilakrabbamein, fjallar um áhrif þess á líf fimm manna fjölskyldu.

„Hver dagur er sigur“

Ástrós Rut Sigurðarsóttir, unnusta krabbameinsveiks manns, fjallar um áhrif veikinda manns hennar á líf þeirra í skugga lífsógnandi sjúkdóms.

Ráðstefnuslit



STÚDEN
TAKJAL
LARINN



Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Merki um hraustleika

Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands tók dýfu eftir áramótin og lækkaði um rétt tíu prósent á tveggja vikna tímabili. Hún hefur nú að einhverju leyti rétt úr kútnum, þótt nokkuð sé í land að tap fyrstu daga ársins vinnist til baka. Eins undarlega og það kann að hljóma er þetta sennilega hraustleikamerki á íslenska markaðnum.

Verðþróunin er nefnilega að mestu í samræmi við þá sem orðið hefur á alþjóðamörkuðum. Þannig hefur sambærilegt verðfall orðið á hlutabréfavitölum í New York og London. Verst hafa Kínverjar þó orðið úti en hlutabréfvisitalan í Sjanghæ féll um rétt 19 prósent á fyrstu tveimur vikum ársins.

Ástæðurnar fyrir verðhruninu eru, eins og gengur og gerist, margþættar. Fyrir það fyrsta þá hefur olía hrunið í verði og er nú fatið á rétta þrjátíu dali sem er einungis fjórðungur þess verðs sem fékkst í árslok 2014. Allajafna á lágt oliuverð ekki að verða til þess að fella hlutabréfamarkaði, enda mörg fyrirtæki sem dafna á tímum ódýrari olíu. Líklegt er að bætt lausafjárstaða slíkra fyrirtækja skili sér í leiðréttingu á hlutabréfamörkuðum þegar fram líður.

Til skamms tíma eykur oliuverðið þó á óvissuna á mörkuðum. Blikur eru á lofti um efnahagsástandið í Kína sérstaklega, en einnig í Rússlandi og mörgum oliuríkja Austurlanda nær. Þessi lönd hafa gegnt mikilvægara hlutverki en áður í að snúa hjólum alheimshagkerfisins í kjölfar lausafjárekreppunnar árið 2008. Við þetta bætist svo að afkomutalna nokkurra félaga er beðið með eftirvæntingu. Þar vegur Apple þyngst sem stærsta fyrirtækið vestanhafs og ágætis mælieining á stemningu meðal neytenda hverju sinni.

Hvað ástæður fyrir falli hlutabréfa hér á landi varðar þá sér nú fyrir endann á gjaldeyrishóftunum, en brotthvarf þeirra ætti að gera íslenskan hlutabréfamarkað háðari erlendum sveiflum en verið hefur. Auk þess hefur komið fram að skuldettt hlutabréfakaup hafa aftur færst í aukana hér á landi. Þeir sem fjármagna kaup sín með slíkum hætti hafa meiri hvata til að selja þegar syrtir í álinn.

Áhugavert er að fylgjast með einstökum félögum. Sennilega má rekja tíu prósent lækkun N1 það sem af er ári til titrings á olíumarkaði, neikvæðrar umfjöllunar um einn stjórnarmanna félagsins og umræðu um skort á samkeppni á innlendum olíumarkaði. Erfiðara er hins vegar að rýna í lækkun á bréfum Icelandair, en allajafna hefði sögulega lágt oliuverð og hvert metárið í ferðamennsku á fætur öðru talist til jákvæðra tíðinda.

1,9

PRÓSENT ATVINNULEYSI

Atvinnuleysi var 1,9 prósent í desember samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna frá nóvember 2007 þegar það mældist 1,3 prósent. Atvinnuleysi í desember fyrir ári var 4,3 prósent og hefur vinnuafli fjölgað um 4.800 á einu ári. Starfandi fjölgaði um 9.100 og hlutfallið af mannfjölda jókst um 2,9 prósent. Atvinnulausum fækkaði um 4.300 manns og hlutfall þeirra af vinnuafli minnkaði um 2,4 stig.

6,4

PRÓSENT LÆKKUN

Úrvalsvisitalan í Sjanghæ lækkaði um 6,4 prósent í gær og lækkaði Shenzenúrvalsvisitalan um 7,1 prósent. Í kjölfarið lækkaði hlutabréfaverð í öðrum Asíulöndum. Erfið byrjun á árinu á hlutabréfamarkaði í Kína virðist enn ekki á enda. Ástæða lækunar hlutabréfa í Kína er rakin til svartsýni á uppgjör hjá tölvufyrirtækjunum Apple og Alibaba.

21.01.2016

Maður getur alltaf verið vitur eftir á en við teljum að við höfum gætt okkar hagsmuna ágætlega í þessu máli, það er að segja að hagsmunir okkar vegna yfirtöku á Visa Europe séu ágætlega tryggðir.

Steinþór Pálsson,
bankastjóri Landsbankans



DANS & JÓGA KYNNIR

ZUMBA

party

THEA · JÓI · HRAFNHILDUR

PÁLL ÓSKAR

20. FEBRÚAR

VALSHÖLLIN

LAUGARDAGMORGUN KL. 11.00

Aflamark Byggðastofnunar

– boð um samstarf á Djúpavogi

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda á Djúpavogi, allt að 400 þorskígildistonnnum. Um er að ræða viðbót við 400 þorskígildistonn sem þegar hefur verið samið um nýtingu á á Djúpavogi. Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 606/2015.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 11. febrúar 2015. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Arnason sérfræðingur á þróunarsviði.

 **BYGGÐASTOFNUN** postur@byggdastofnun.is
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99 byggdastofnun.is

Aflamark Byggðastofnunar

– boð um samstarf í Hrísey

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda í Hrísey, allt að 100 þorskígildistonnnum. Um er að ræða viðbót við 150 þorskígildistonn sem þegar hefur verið samið um nýtingu á í Hrísey. Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 606/2015.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 11. febrúar 2015. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Arnason sérfræðingur á þróunarsviði.

 **BYGGÐASTOFNUN** postur@byggdastofnun.is
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99 byggdastofnun.is

GIMLI 570 4800

Grensásvegi 13

Árni Stefánsson
Viðskiptafræðingur
Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali

Stofnuð 1982



BAKKASTAÐIR 167 - 3JA HERBERGJA

OPÍÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30-18:00

Mjög góð 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi. Tvö góð svefnherbergi með skápum. Geymsla innan íbúðar sem nýtt er sem herbergi í dag. Góð stofa og borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Eldhús með fallegri innréttingu. Flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtu.

Verð 34,9 millj.



HÆÐARGARÐUR 8 - 130 FM GLÆSIEIGN

OPÍÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:00-17:30

Stórglæsileg og mikið endurnýjuð 130,7 fm eign á tveimur hæðum með séringangi. Góð staðsetning innan hverfis. Fjögur svefnherbergi. Nýlegt fallegt eldhús. Tvær glæsilegar snyrtingar. Tvennar svalir og gróinn garður. Hús í góðu standi.

Verð 49,9 millj



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Tryggvagata 16

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 6. janúar og borgarráð Reykjavíkur þann 14. janúar 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 16 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli, breyta þaki þannig að koma megi fyrir þaksvölum sem tengja má við stigagang og breyting á kvistum. Einnig verður lóðin skilgreind sem atvinnu- og íbúðalóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

TTillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 27. janúar 2016 til og með 9. mars 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 9. mars 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 27. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is

 **FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

ÖÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Strandvegur 21 - Sjálandi Garðabæ. Útsýni til sjávar.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Mjög glæsileg 3ja-4ra herbergja 118,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi niður við sjóinn. Sér stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi. Tvö herbergi með skápum. Frábært útsýni til sjávar, að Seltjarnarnesi, Bessastöðum og víðar. Skjólsæl verönd með steypum skjólvegg.

Verð 49,9 millj.

Frábær staðsetning niður við sjóinn. Verið velkomin.

Hringbraut 43. 3ja herbergja íbúð auk herbergis í risi.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Mjög falleg og mikið endurnýjuð 79,2 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi. Eigninni fylgir 10,2 fm. sér geymsla í kjallara og sér íbúðarherbergi í risi með aðgengi að salerni. Samliggjandi stofur með útgengi á suðursvalir. Rúmgott hjónaherbergi. Húsið að utan var viðgert og skeljað uppá nýtt árið 1997. Þá var einnig skipt um gler og glugga að hluta, m.a. sett hljóðeinangrandi gler að Hringbrautinni. **Verð 35,9 millj.**

Verið velkomin.

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Arnfríðar Jónsdóttur,
Hrafnistu, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Mánateigs á Hrafnistu fyrir góða og kærleiksrika umönnun.

Sigurður G. Sigurðsson
Tryggvi Sigurðsson
Ingibjörg Sigurðardóttir
Elin María Sigurðardóttir

Kristbjörg Einarsdóttir
Henry Þór Gränz
Richard Ö. Richardsson
og afkomendur.



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Karl Guðmundsson
Þórufelli 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 21. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.00.

Brynjólfur Karlsson
Jón Jarl Karlsson
Valborg Karlsdóttir Collier **Michael Collier**
Anna Hlín, Sigurdis Jara, Andrea Malin og
Rakel Yr Brynjólfsdætur
April og Maxwell Collier



Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Magnúsar Kristjánssonar
Hrafnakletti 1,
Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar.

Jónína Kristín Eyvindsdóttir
Eyvindur S. Magnússon **Ólafía G. Sigurvinsdóttir**
Kristján Á. Magnússon **Brandís M. Hauksdóttir**
Magnús H. Magnússon
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Valgeir Halldór Helgason
Engihjalla 17,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 30. desember 2015. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðbjörg Birna Ólafsdóttir
Ólafur Ingólfsson **Ingibjörg Einarsdóttir**
Hafsteinn Ingólfsson
Helgi Valgeirsson
Sigríður Valgeirsdóttir
Dagmey Valgeirsdóttir **Jón Helgi Einarsson**
Margrét Valgeirsdóttir **Sigurður Valur Rafnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurður Rúnar Steingrímsson
Sléttuvegi 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. janúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þann 28. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á líknarfélög.

Oddný Þorgerður Pálsdóttir
Sigurður Grétar Sigurðsson **Sigríður Gunnlaugsdóttir**
Anna María Sigurðardóttir
Margrét Lilja Sigurðardóttir **Svavar Þorsteinsson**
Páll Hreggviðsson
Reynir Þór Guðmundsson **Greta Björg Egilsdóttir**
Egill Örn Guðmundsson **Brigitta Matthíasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Erla Björk spilaði á hörpu í athöfn í Listasafni Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Skemmtilegast að sauma

Erla Björk Sigmundsdóttir á Sólheimum tjáir sig gegnum ólík listform svo sem leiklist, tónlist og útsaum á persónulegan hátt. Hún hefur verið valin listamaður Listar án landamæra.

„Það sem mér finnst skemmtilegast er að sauma út – sauma myndina. Svo finnst mér líka gaman að dansa og spila á hljóðfæri,“ segir Erla Björk Sigmundsdóttir sem hefur verið valin listamaður Listar án landamæra. Hún spannar á hörpu við athöfn í Listasafni Reykjavíkur í gær þar sem nýtt fyrirkomulag Listar án landamæra var kynnt. Það felur í sér að í stað þess að vera hátíð á einum tímamarkaði á hvert, mun Listar án landamæra verða sýnileg allt árið með þátttöku í Vetrarnótt, Hönnunarmars, Menningarnótt, bæjarhátíðum um land allt og fleiri menningarviðburðum. Einnig var kynnt ný heimasíða sem er við það að verða tilbúin, www.listin.is.

Erla Björk hefur átt heima á Sólheimum í Grímsnesi frá árinu 1993 og tekið þar virkan þátt í öllu félagslífi. Hefur sótt námskeið hjá Fjölmenn á Selfossi og stundað tónlistarnám á Sólheimum, meðal annars á hörpu. Hún hefur líka tekið þátt í árlegum uppfærslum Leikfélags Sólheima og komið fram með því í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og í Madrid á Spáni og henni þykir gaman að ferðast.

Mest vinnur Erla Björk í vefstofu, kertagerð og jurtagöngu Sólheima. Hún saumar frjálst út eða eftir eigin teikningum og hefur sýnt útsaumsverk sín víða, til dæmis bæði á Safnasafninu á Svalbarðsströnd og í Norræna húsinu á síðasta ári. gun@frettabladid.is



Eitt af útsaumsverkum Erlu Bjarkar. MYND/SÓLHEIMAR



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Auðbjörg María Sigursteinsdóttir
Valagili 3, Akureyri,
lést föstudaginn 22. janúar.

Kristinn S. Kristinsson
Rannveig Kristinsdóttir
Oddný S. Kristinsdóttir
Smári Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigrún Jóhannesdóttir
Reynir B. Eiríksson
Ólafur R. Ólafsson
Birna D. Þorláksdóttir



Ástkær faðir og afi,
Guðmundur Bergsson
sjómaður,
Norðurbrún 1,
frá Krossnesi, Eyrarsveit,

sem lést á Landspítalanum 19. janúar síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 13.

Páll Sveinn Guðmundsson
Guðbergur Páll Pálsson
Kristrún Kolbrúnardóttir

Heimþráin segir til sín í nýju verðlaunaljóði

Pólsku vinkonurnar Martyna Joanna Szopa og Oliwia Lenska sem eru 12 og 13 ára nemendur í Álfhólsskóla urðu hlutskarpastar í ljóðasamkeppni grunnskólanna í Kópavogi.

Heimþráin til Póllands er yrkisefni vinkvennanna sem bjuggu til ljóðið. Ég sit á göngustignum og unnu með því ljóðasamkeppni grunnskólanna í Kópavogi nýlega.

Þær heita Martyna Joanna og Oliwia og búa báðar með mæðrum sínum hér á Íslandi.

Martyna hefur búið hér á landi í fimm ár og Oliwia í átta en þær hafa heimsótt Pólland á þeim tíma. „Ég fer á hverju ári til föður míns í Póllandi í sumarfríinu mínu,“ segir Oliwia.

Hún kveðst stundum setja saman ljóð þegar hún hefur ekkert annað að gera og skrifa þau niður á miða sem endi ofan í skúffu en skyldi hún yrkja á pólsku líka? „Nei, ég yrki ekki á pólsku, bara á íslensku og þýði svo ljóðin yfir á pólsku.“

Þær Oliwia og Martyna eru bekkjarystur í Álfhólsskóla og líkar þar vel en finnst þó ekki ólíklegt að þær flytji til Póllands í framtíðinni. – gun



Martyna Joanna og Oliwia hæstánægðar með viðurkenningarskjalið sem þær hlutu í ljóðasamkeppninni. MYND/KÓPAVOGSBÆR

Ég sit á göngustignum

Ég horfi á grasið og blómin í kringum mig. Sólín skín á mig og á laufblöðin og trén. Haustið kemur hratt, ég veit ekki hvenær sumarið fór. Það eru blokkir, hvítar og bláar og allir litir regnbogans. Ég sé flugvél og ég vil að hún taki mig með. Þessi tími fer hratt eins og vatn í á. Ég horfi í kringum mig, en mér líður ekki vel, ég er ekki heima hjá mér. Ekki hér, ekki á Íslandi. Í Póllandi er húsið mitt. Tíminn fer svo hratt og enginn veit hvenær allt var búið. Fuglarnir eru að fara, enginn veit hvenær þeir áttu að koma. Eitthvað vantar mig, ég hélt að ég vissi hvað það er. Það er fjölskyldan mín, í hjartanu mínu.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Elinóra Arnar
Sléttuvegi 29, Reykjavík,
lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 24. janúar síðastliðinn.

David O. Arnar
Páll G. Arnar
Birgir T. Arnar
Marteinn P. Arnar
barnabörn og barnabarnabarn.

Dagbjörg B. Sigurðardóttir
Kristín B. Magnúsdóttir
Vildis Bergþórsdóttir
S. Valdis Jóhannesdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Bragi G. Bjarnason
(Lillibó)
Máshólum 5,
verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju á morgun, fimmtudaginn 28. janúar, kl. 13.

Birna Ingadóttir
Inga G. Bragadóttir
Anna M. Bragadóttir
Auður B. Bragadóttir
Bragi G. Bragason
Björn Ó. Bragason
barnabörn og barnabarnabörn.

Konráð Hinriksson
Guðmundur Sigtryggsson
Soffía Haraldsdóttir
Guðný B. Þórðardóttir



Elín Ágústa Jóhannesdóttir
frá Brekkum,
Miðleiti 3, Reykjavík,
andaðist mánudaginn 25. janúar sl.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 15.00.

Hrefna Ólafía Arnkelsdóttir
Katrín Arnkelsdóttir
Ragnheiður Arnkelsdóttir
Guðmundur Arnkelsson
Hrafnhildur Arnkelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Smith
Willy Petersen
Hildur Þ. Hallbjörnsdóttir
Árni Finnsson



Innilegar þakkir fyrir veitta hluttekningu og samúð við andlát og útför elskulegrar systur okkar,
Margrétar Önnu Kaaber
fv. bankastarfsmanns.
Már V. Jónsson
Thomas Kjartan Kaaber
Sverrir Örn Kaaber
Björn Gylfi Kaaber
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jóna Ingimundardóttir
Hrafnistu – Nesvöllum,
Reykjanesbæ,
lést á Hrafnistu 9. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþæ að ósk hinnar látnu. Öllu starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu – Nesvöllum þökkum við fyrir einstaka alúð og góða umönnun.

Helga Ragnarsdóttir
Sölvi Ragnarsson
Smári Ragnarsson
Sóley Ragnarsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Reynir Ólafsson
Lilianne Van Vorstenbosch
Ægir Emilsson



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,
Ágústa Steingrimsdóttir
Hörðukór 1, Kópavogi,
verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 29. janúar kl. 15.

Margrét St. Magnúsdóttir
Steingrímur Magnússon
Bára Magnúsdóttir
Magnús Pétur Magnússon
Ágúst Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbrún Jónsdóttir
Jóhann Einarsson
Hólmfríður Benediktsdóttir
Kjersti Løseth



Okkar kæra
Málfríður Pálsdóttir
frá Seljalandi í Fljótshverfi
lést þann 21. janúar að Sólvangi í Hafnarfirði.
Systkinabörnin



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Þórlaug Baldvinsdóttir
dvalarheimilinu Hlið,
áður til heimilis að Hjallalundi 15d,
sem lést laugardaginn 16. janúar, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju mánudaginn 1. febrúar kl. 13.30.
Bryndís Friðriksdóttir
Kjartan Friðriksson
Þorbergur Hinriksson
Hjördis Björk Bjarkadóttir
Rósa Gunnarsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Hilmar Danielsson
Kirkjuvegi 23, Dalvík,
lést fimmtudaginn 21. janúar. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst Hilmar er bent á Minningarsjóð Daniels Þórs Hilmarssonar, 0177-15-550828, kt. 510705-0330.
Guðlaug Björnsdóttir og fjölskylda



Okkar hjartkæri
Bent Bjarni Jörgensen
bifvélavirkjameistari,
Háaleitisbraut 101,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjöli 19. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Barnaspítalaskjóð Hringins eða aðrar líknarstofnanir.
Guðrún Jörgensen
Aðalheiður Jörgensen
Árni Ómar Bentsson
Bjarni, Hilmar, María, Sigrún, Ester Inga og Agnar Bjarni
Fríðgeir Sveinn Kristinsson
Bryndís Hilmarisdóttir



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,
Óskar Gunnþór Jónsson
fyrirverandi framkvæmdastjóri Ó. Jónsson & Co á Dalvík,
sem lést á Dalbæ, heimili aldraðra, 19. janúar sl. verður jarðsungen frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á minningarsjóð Dalbæjar (466-1378).

Elín Sigurðardóttir
Sigrún K. Óskarsdóttir
Jón Viðar Óskarsson
Petrína Þ. Óskarsdóttir
Jóhanna K. Óskarsdóttir
Óskar Óskarsson
og fjölskyldur þeirra.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Hannesdóttir
Mávahlíð 20, Reykjavík,
verður jarðsungen frá Háteigskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 11.00.

Garðar Erlendsson
Ólafur Erlendsson
Sævar Erlendsson
Puríður Erlendsdóttir
Hannes Erlendsson
Erlendur Erlendsson
Guðjón Erlendsson
Ragnheiður Erlendsdóttir
Jóhanna Erlendsdóttir
Sigurrós Erlendsdóttir

Hrafnhildur Kristjánsdóttir
Helga Hannesdóttir
Guðjón Jónsson
Ingibjörg Bjarnadóttir
Anna Karlsdóttir
Kristín Jónsdóttir
David Steinþórsson
Jóhann G. Gunnarsson
Kristján Jóhannsson
og fjölskyldur.




Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og föðursystir,
Rósa Kristjánsdóttir
lést föstudaginn 22. janúar 2016. Hún verður jarðsungen frá Svinavatnskirkju laugardaginn 30. janúar 2016, að viðstöddum nánustu vandamönnum að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á að láta Heimahlýningu Sjúkrahússins á Akureyri njóta þess.

Margrét Rósa Jónsdóttir
Bjarki Kristjánsson
Aníta Ósk Bjarkadóttir
Jón Ólver Kristjánsson
Kristján Hagalín Jónsson
Matthildur Lilja Jónsdóttir
Jakob Viðir Kristjánsson
Haraldur Bjarki Jakobsson

Kristján Jónsson
Erla Gunnarsdóttir
Eydís Júlía Bjarkadóttir
Sunna Björk Björnsdóttir
Álfrún Anja Jónsdóttir
Ragnhildur Haraldsdóttir
Margrét Viða Jakobsdóttir

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Suðlæg átt í dag um 5-13 m/s. Snjókoma með köflum eða el sunnan og vestan til á landinu, en áfram þurr og bjart að mestu um landið norðaustanvert. Kalt í veðri, einkum í innsveitum norðaustanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík ☁ -2° ↑ 5	Ísafjörður ☁ -5° ↖ 4	Akureyri ☁ -8° ↗ 8
Egilsstaðir ☀ -8° ↑ 6	Kirkjubæjarkl. ☁ -5° ↙ 4	Hveravellir ☁ -11° ↑ 6

Föstudagur

Reykjavík ☀ -3° ← 11	Ísafjörður ☁ -7° ↙ 12	Akureyri ☁ -4° ↓ 7
Egilsstaðir ☁ -8° → 7	Kirkjubæjarkl. ☁ -4° ↙ 9	Hveravellir ☁ -10° ↙ 8

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- nautasteik
 - í röð
 - fornafn
 - tækifæri
 - leita að
 - slagorð
 - urga
 - pot
 - ennþá
 - næði
 - tveir eins
 - skrambi
- LÓDRÉTT**
- helminguð
 - umhverfis
 - græðgi
 - af
 - tónsvið
 - loft
 - atvikast
 - sál
 - pota
 - fyrirtæki
- LAUSN**

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16		17			
18		19		20	
21					

10. gas, 13. ske, 15. anda, 16. öta, 19. ms.
14. lóðrétt, 16. of, 17. enn, 18. tóm, 20. dd, 21. ansi.
LÁRÉTT: 2. þuff, 6. b, 8. mér, 9. lag, 11. gá, 12. frasi.

Skák

Gunnar Björnsson
Shakhriyar Mamedyarov (2.747) vann heimsmeistara kvenna. Hou Yifan (2.673), á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee.

Hvítur á leik



39. Bg4! f5 (39... Hxb8 40. Rxc6 og 41. Rxb8) 40. exf5 gxf5 41. Hxc8 Rxc8 42. Rxc6+ Kd6 43. Bxf5 Kxc6 44. Re6 og hvítur vann auðveldlega nokkru síðar. Mamedyarov verður meðal keppenda á Reykjavíkurskákamótinu í mars.
www.skak.is: Ný vefsíða til-einkuð Friðriki opnuð.

Sudoku

LÉTT

		1		4	2	6	9	
								7
3	7	5	9		2		4	
1	8	9		7	3	5		
	6	3						
7	9	1					8	
	9			8	7			
6	5		3					
8	3	4						

MIÐLUNGS

	8	3		9		1		
9		5		8				
	7		6	5	4			
7	9	4	2	6	5			
			7			5	4	
			2	3	9	6		
	1	9					2	
				6	4			
	2					9		

ÞUNG

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5	3						7	
					9	6	8	
8					7	4		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

5	8	2	3	1				
1					2			
4	2	5	7		9			
		3	1		8			
3	1	4			5			
2	4	9	6	7	3			
8	6	4		9	5			
3					2			
		8	9	4				
8	9	4	1			2		
6	2	4		8		5	3	
						9		
				5	3		2	
				9	4			
				5		4		9
6	4	5	3		2	7	8	
7						6	4	3

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÍSLAND GOT TALENT

HEFST EFTIR 4 DAGA

365.is | Sími 1817

ÚTSALA

ALLT AÐ
50%



**OFNAR, HELLUBORÐ,
KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR,
HRAÐSUÐUKATLAR,**



LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

**HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR,
ÚTLITSGALLAÐAR KITCHENAID
HRÆRIVÉLAR!**



Sjá allt úrvalið
á www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15

Þrjátíu og fimm verk frumflutt á Myrkum

Þórunn Gréta Sigurðardóttir tók við formennsku í Tónskáldafélagi Íslands á síðasta ári og er nú að leggja lokahönd á undirbúning hátíðarinnar Myrkra músíkdaga sem hefst á morgun og stendur í þrjá daga.

„Meirihluti listamanna á Myrkum músíkdögum í ár er íslenskur en þeir sem koma erlendis frá eru ýmist með tengingar við Frakkland eða Noreg, eða hvort tveggja,“ segir Þórunn Gréta Sigurðardóttir, tónskáld og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga í Hörpu, sem hefst á morgun.

„Þórunn Gréta er nýr formaður Tónskáldafélags Íslands og segir Myrkra músíkdaga stærsta verkefnið á herðum formanns félagsins og stjórnar þess. „Hátíðin var stofnuð 1980 sem vettvangur tónskálda til að fá verk sín flutt, ekki sist hin tilraunakenndari. Líka til að flytjendur fái tækifæri til að túlka samtímatónlist, sem er ekki síður mikilvægt.“

Þrjátíu og fimm verk verða frumflutt á hátíðinni í ár, að sögn Þórunnar Grétu. Hún viðurkennir að það krefjist einbeitingar að hlýða á mikið af nýrri tónlist á stuttum tíma. „Ef ég ætla að taka hátíð með trompi þá set ég mig í þær stellingar og svo tek ég mér tíma í að melta. Eyrað og hugurinn þjáfast í þessu

efni, maður er alltaf að leita og lifir lengi á upplifuninni.“

Ásókn erlendra gesta í að koma efni sínu að á Myrkum músíkdögum eykst jafnt og þétt, að sögn Þórunnar Grétu. „Eitt af því sem mér kom hvað mest á óvart þegar ég tók við embættinu er hversu margar umsóknir komu erlendis frá. Við reynum að finna út hvað passar og hverju við höfum efni á, það er mikið þúsluspil.“ Hún segir ekki aðeins erlenda höfunda og flytjendur sækjast eftir koma á Myrkra músíkdaga, heldur einnig áheyrendur og hátíðin sé jafnan vel sótt. „Við fögnum því vissulega að vekja áhuga, það hlýtur að vera markmið okkar í stóra samhenginu,“ segir hún og bendir á að dagskrá hátíðarinnar sé á darkmusicdays.is/dagskra/

Þórunn Gréta býr austur á Eskifirði og notar nýjustu tækni til samskipta út fyrir plássíð. „Þegar maður býr við nettengingu auðveldar það allt. Við höldum venjulega stjórnarfundina á Skype og það er lítið mál.

VIÐ FÖGNUM ÞVI VISSULEGA AÐ VEKJA ÁHUGA, ÞAÐ HLÝTUR AÐ VERA MARKMIÐ OKKAR Í STÓRA SAMHENGINU.

Ég starfa líka með fólki í útlöndum í öðrum verkefnum og nota allar boðleiðir sem til eru. En ég kem að jafnaði suður einu sinni í mánuði og sit fundi. Formenn fagfélaga eru í ýmsum ráðum, meðal annars stjórn Bandalags íslenskra listamanna.“

Það er rúmt ár síðan Þórunn Gréta flutti austur. Hún ólst upp á Fljótshálsa og flutti þaðan strax eftir útskrift úr Menntaskólunum á Egilsstöðum og hóf sitt tónlistarnám. Bjó í Reykjavík í tíu ár og Hamborg í tvö og hálf. Af hverju varð Eskifjörður fyrir valinu? „Maðurinn minn er prestur og þá er voða erfitt að ákveða fyrirfram hvar maður ætli að búa. En langflest verkefni sem ég tek að mér eru í Reykjavík, fyrir utan það að semja tónlist.“ gun@frettabladid.is



„Ef ég ætla að taka hátíð með trompi set ég mig í þær stellingar og svo tek ég mér tíma í að melta,“ segir Þórunn Gréta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fáðu þér appið!

ÚTSALA

KING KOIL MORENA
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.711 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 139.356 kr.

50% AFSLÁTTUR!

rekkjan
HEILSURÚM

Millistíð 5-svæða skipt 798 pokagormakerfi og stífir kantar ásamt þrýstijöfnunar gelsvampi í toppi. Pu-leðurkæddur botn með fótum.

Langdregin heimsreisa

LEIKHÚS

Umhverfis jörðina á 80 dögum

★★★★★

Þjóðleikhúsið

Eftir Karl Ágúst Úlfsson og Sigurð Sigurjónsson, byggt á samnefndri sögu Jules Verne

Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir

Leikarar: Sigurður Sigurjónsson, Örn Arnason, Karl Ágúst Úlfsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Baldur Ragnarsson, Gunnar Ben, Jón Stefán Ragnarsson og Stella Björk Hilmarsdóttir

Söngtextar: Karl Ágúst Úlfsson

Tónlist: Baldur Ragnarsson og Gunnar Ben

Leikmynd: Högni Sigurþórsson

Búningar: Leila Arge

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson

Árið 1889 setti blaðakonan og frumkvöðullinn Nellie Bly heimsmet en hún var fyrsta manneskjan til að ferðast í kringum heiminn á undir áttatíu dögum. Ferðin, sem hún kláraði á sjötíu og tveimur dögum, var innblásin af Jules Verne og ævintýrabók hans Umhverfis jörðina á 80 dögum sem kom út 1873.

Þjóðleikhúsið frumsýnir sitt annað barnaleikrit á þessu leikári, nú fyrir yngri börnin sem er gleðiefni. Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson skrifa handritið, sá fyrrnefndi skrifar söngtexta og Ágústa Skúladóttir leikstýrir. Söguþráðurinn fylgir þeim félögum Filíasi Fogg og Passepartout í kapphlaupi sínu í kringum jarðarkringluna en Karl Ágúst og Sigurður krydda söguna með þekktum persónum úr mannkynssögunni s.s. Mahatma Gandhi, Abraham Lincoln og Viktoríu drottningu.

Stíll sýningarinnar sækir í hugmyndafræði gufupónksins svokallaða, eða 'steampunk' á ensku, en þar blandast viktorísk fagurfræði saman við vísindaskáldskap og tæknimeningu iðnbýltingarinnar. Gallinn er sá að sýningin á ekki heima á stóra sviði Þjóðleikhússins heldur í smærra rými. Aðeins brotabrot af sviðinu er nýtt, hvorki baksviðið né fremri partur þess er notað að neinu leyti. Þannig er þrengt að persónunum og



sníðugum leikhúslausnum Ágústu, sem ekki tekst að kynda undir sögunni.

Sigurður leikur Fogg og Örn Arnason hans trausta aðstoðarmann, Passepartout. Báðir eru þeir firnafínir gamanleikarar en virðast treysta á gamla takta. Sigurður verður þannig of stífur og Örn finnur grínheim úr kistum Spaugstofunnar, þó er alltaf óborganlegt að sjá líkamsbeitingu hans. Karl Ágúst leikur lögregluþjóninn Fix sem eltir parið umhverfis hnöttinn. Fix er háður undarlegum kæk en hann talar oft en þurfa þykir um og við sjálfan sig í þriðju persónu. Annars sýnir þrenningin ágætan leik en ekki hinn orkumesta, sprengikraftinn skortir.

Saga Aúdu, leikin af Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, missir nær algjörlega marks. Þó að hlutverk hennar sé uppført og henni gefið meira vægi situr það illa í handritinu alveg frá byrjun. Ólafía Hrönn er ótrúlega fær leikkona og reynir að gæða hana lífi en allt kemur fyrir ekki. Einnig verður að hafa varann á þegar aðrir menningarheimar og þjóðflokkar eru sviðsettir, þar verður að stiga mjög varlega til jarðar. Jón Stefán Sigurðsson og Stella Björk Hilmarsdóttir leika ýmis aukahlutverk en hvorugt nær að setja mark sitt á sýninguna.

Leikmyndahönnuður er Högni Sigurþórsson en heimskortid sem sýnir ferðaleið þeirra félaga er þar

miðpunktur. Vegna þess að einungis partur af sviðinu er notaður er nær ekkert pláss fyrir tilfæringar, bæði kortið og fallega gufuvélin eru kirflega niðurnegld og flöt. Af þessum sökum er einnig krefjandi að lýsa sýninguna á góðan máta en lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar gerir ágætlega þó sum atriðin séu oft einfaldlega of dimm. Leila Arge sér um búninga þar sem brúnu ullarjakkafötin ríkja en búningalausnir og skiptingar eru stundum vel heppnaðar.

Þeir Baldur Ragnarsson og Gunnar Ben, hljóðfæraleikararnir fjölhæfu og knáu, stela aftur á móti senunni. Þeir spila á nærri þrjátíu mismunandi hljóðfæri frá öllum heimshornum og tímabilum, að auki syngja þeir virkilega vel og rífa upp stemminguna. Í þeirra höndum lifnar sýningin við, tempóið breytist og menningarblæbrigði heimsins birtast áhorfendum á frumlegan máta. Bara ef fleiri senur hefðu verið eins og atriðið þegar leikhópurinn spilaði á japönsku taikotrommurnar.

Þrátt fyrir kitlandi fyrirheit þá nær Umhverfis jörðina á 80 dögum aldrei flugi, nánast negld við sviðið og í lengri kantinum. Tónlistarmennirnir tveir og söngtextar Karls Ágústs færa sýninguna í hærri gæðaflokk, þó með naumindum.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Tónlistin gefur sýningunni lit og líf.



TEX MEX KJÚKLINGA
LASAGNE



TANDOORI
KJÚKLINGUR



PASTA
BOLOGNESE



NÚÐLUR &
KJÚKLINGUR



SÚPERSKÁLIN
GRÆNMETISRÉTTUR



KJÚKLINGUR
OG BYGG

GRÍPTU DAGINN. FERSKLEIKINN ER NÚNA!

SKÁLIN - TILBÚNIR RÉTTIR

Þú þarft ekki að gefa afslátt af gæðunum þótt þú sért að flýta þér. Skálarnar okkar innihalda gómsætar og hollar tilbúnar máltíðir. Gríptu skálina okkar með þér - áður en einhver annar nær henni!



Ferskt á hverjum degi

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

12 ÓSKARSTILNEFNINGAR
 Besta myndin
 Besti leikari
 Besti leikari í aukahlutverki
 Golden Globe verðlaun

16

ÚT OG SÚÐUR
 ALL GONE SOUTH
 2 AÐEINS DAGAR EFTIR
 LOLO
 MON ROI

2016 FRANSKA KVÍKMYNDAHÁTIÐIN
 10 GÆÐAMYNDIR Á 14 DÖGUM
 Í HÁSKÓLABÍÓI 15. TIL 28. JANÚAR

Fleiri myndir í sýningu á emiði.is

RIDE ALONG 2
 12

THE 5TH WAVE
 12

THE HATEFUL EIGHT
 5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
 L

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

mid.is
 Miðala og nánari upplýsingar

THE REVENANT
 16

RIDE ALONG 2
 12

NONNI NORÐURSINS
 L

THE HATEFUL EIGHT
 16

SISTERS
 12

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE REVENANT	5:50, 9
RIDE ALONG 2	5:50, 8, 10:30
NONNI NORÐURSINS	5:50 ISL.TAL
THE HATEFUL EIGHT	10:10
SISTERS	8

SAMBÍÓINN

ÓSKARSTILNEFNING
 Besti leikari í aukahlutverki - Sylvester Stallone

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
 m.a. Besta myndin
 Besti leikari í aukahlutverki - Christian Bale
 Besti leikstjóri - Adam McKay

CREED
 THE NEW YORKER
 TIME

THE BIG SHORT
 CHICAGO SUN-TIMES
 NEW YORK TIMES

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
 Þökkum frábærar viðtökur
 Yfir 80.000 manns

Úbbi! Núi er farinn...
 Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

Úbbi! Núi er farinn...
 Sýnd með íslensku tali

DADDY'S HOME
 6

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
CREED	kl. 6-8-9-10:45
CREED VIP	kl. 8-10:45
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 5-6
DADDY'S HOME	kl. 8-10:10
POINT BREAK	kl. 10:10
STAR WARS 3D	kl. 5-8-10:45
STAR WARS 2D	kl. 7
STAR WARS 2D VIP	kl. 5
GÓÐA RISAEDLAN ISL.TAL 2D	kl. 5:50
KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI	KEFLAVÍK
CREED	kl. 8-10:45
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 6
THE BIG SHORT	kl. 6-8-9
STAR WARS 3D	kl. 10:30
GÓÐA RISAEDLAN ISL.TAL 2D	kl. 5:50
AKUREYRI	
CREED	kl. 8-10:45
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 5:50
DADDY'S HOME	kl. 8
STAR WARS 3D	kl. 5:15
STAR WARS 2D	kl. 10:10

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

27. JANÚAR 2016

Tónlist

- Hvað?** Korngold á Háskólatónleikum
Hvenær? 12.30
Hvar? Hátiðarsalur, Aðalbyggingu Háskóla Íslands
 Ágúst Ólafsson barítón og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir flytja lög Erichs Wolfgangs Korngold. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.
- Hvað?** Tilraunakvöld Mengis og LHÍ
Hvenær? 20.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2
 Mengi og Listaháskóli Íslands efna til tilraunakvölds. Kvöldin eru vettvangur fyrir nemendur og kennara skólans til tilrauna og/eða sýninga eða flutnings á verkum sínum, einnig til að þróa áfram hugmynd og framsetningu verks. Meðal þess sem er á dagskrá í kvöld er sýning tónlistarmyndbands, vídeóverk, gjörningur, leiklestur, dansverk og tónlist. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.
- Hvað?** Þórunn og hljómsveit
Hvenær? 21.00
Hvar? Café Rosenberg
- Hvað?** Anni Rorke
Hvenær? 21.00
Hvar? Tíu dropar, Laugavegi 27
 Anni Rorke spilar djass á Tíu dropum í kvöld.
- Hvað?** Þórður Högnason og Jón Ómar
Hvenær? 20.00

Hvar? Björgarðurinn, Borgartúni Þórður Högnason og Jón Ómar spila léttan djass á Björgarðinum í kvöld.

Hvað? Múlinn Jazzklúbbur: Heimur jazzins
Hvenær? 21.00

Hvar? Björtuloft, Hörpu Saxófónleikarinn Sigurður Flosason, gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson, orgelleikarinn Þórir Baldurson og trommuleikarinn Einar Scheving flytja tónlist á mörkum djass og blús eftir Sigurð. Meðal annars verða leikin lög af plötunum Blátt líf, Bláir skuggar og Blátt ljós. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Miðaverð er 2.000 og fá nemendur og eldri borgarar helmingsafslátt í miðasölu.

Hvað? Dj Api Pabbi
Hvenær? 21.00
Hvar? Bravó
 Dj Api Pabbi þeytir skífum á Bravó í kvöld.

Hvað? Dj Kári
Hvenær? 21.00
Hvar? Prikid
 Dj Kári þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

Hvað? Trúbadorinn Alexander
Hvenær? 21.00
Hvar? American bar
 Trúbadorinn Alexander slær á léttu strengi á American bar í kvöld.

Hvað? Trúbadorarnir Ellert og Roland
Hvenær? 21.00
Hvar? English Pub
 Trúbadorarnir Ellert og Roland leika nokkra slagara á English pub í kvöld.

Uppákomur

- Hvað?** Bókakaffi | Ævisögur – tómur tilbúningur?
Hvenær? 20.00
Hvað? Borgarbókasafn, Gerðubergi
 Halldór Guðmundsson ræðir um vanda ævisagnaritunar með hlíðsjón af verkum sínum. Hann gaf í haust út bókina Mamúska – sagan um mína pólsku ömmu og hefur áður sent frá sér ævisöguleg verk



Pallborðsumræður um fóstureyðingalöggjöfina á Írlandi og sýning á heimildarmyndinni Take the Boat í Bío Paradís í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

um Halldór Laxness, Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson. Aðgangur ókeypis.

Fyrirlestrar

Hvað? Nýjar rannsóknir í íslenski fornleifafræði: The Archaeology of the Danish Trade Monopoly
Hvenær? 12.00
Hvar? Þjóðminjasafn
 Fyrirlestraröð Félags fornleifafræðinga, námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Kevin Marting flytur fyrirlesturinn The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787 – First Impressions.

Kvikmyndir

Hvað? Hún er ekki glæpamaður! Pallborðsumræður um fóstureyðingalöggjöfina á Írlandi og biósjóning
Hvenær? 19.30
Hvar? Bío Paradís, Hverfisgötu 54
 Íslandsdeild Amnesty International stendur að sýningu heimildarmyndarinnar Take the Boat í Bío Paradís í kvöld. Myndin segir átakanlega sögu fimm kvenna sem orðið hafa fyrir barðinu á harðneskjulegri fóstureyðingalöggjöf á Írlandi en fóstureyðingar eru bannaðar þar samkvæmt lögum í nánast öllum tilvikum. Fyrir sýninguna verða pallborðsumræður undir stjórn Margrétar Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindastofu Íslands. Meðal þeirra sem leiða pallborðsumræðuna er Gaye Edwards, sem hefur

reynslu af fóstureyðingalöggjöf Írlands, en hún gekk með fóstur sem ekki var lífvænlegt en fékk hvorki upplýsingar um hvert hún ætti að leita né að gangast undir fóstureyðingu. Auk Gaye verða Sorcha Tunney, yfirmaður herferðardeildar Amnesty á Írlandi, og Camille Hamet, framleiðandi myndarinnar, gestir Íslandsdeildar Amnesty. Fritt inn og allir velkomnir.

Barsvar

Hvað? Sex and the City barsvar
Hvenær? 20.00
Hvar? Gaukurinn
 Barsvar á Húrra í kvöld undir áhrifum Sex and the City þáttanna. Fjórir saman í liði.



Saxófónleikarinn Sigurður Flosason leikur djass ásamt góðum félögum í Hörpu í kvöld.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR A BARNUM 17-19

Marguerite	17:30	22:00	Youth	20:00
45 years	18:00	Virgin Mountain	ENG.SUB	20:00
Sparrows	18:00	A Perfect Day		22:15
Joy	20:00	Rams	ENG.SUB	22:00



DEBENHAMS

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

ENN MEIRI LÆKKUN

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

OPIÐ Í DAG 11:00 - 19:00

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Big Time Rush
08.05 The Middle (8.24)
08.25 Anger Management
08.50 Weird Loners
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Sullivan & Son
11.25 Mindy Project
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Neyðarlínan
13.40 Hið blómlega bú
14.10 Mayday. Disasters
14.55 White Collar
15.40 Big Time Rush
16.05 Impractical Jokers
16.30 Baby Daddy
16.55 Welcome to the Family
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan

Tuttugasta og þriðja röðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpsögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálalát í beinni útsendingu.
19.20 Vikingalottó
19.25 The Middle
19.50 Heimsókn
20.15 Covert Affairs
21.00 Flesh and Bone
22.00 Bones
22.45 Real Time with Bill Maher (2.35) Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundu.
23.45 Atvinnumennirnir okkar
00.15 NCIS
01.00 The Blacklist
01.45 Stalker
02.30 Mandela. Long Walk to Freedom
04.55 Babysitters

SPORT

07.00 League Cup
10.35 Þýsku mörkin
11.15 Spænski boltinn
12.55 Ítalski boltinn
14.35 Ítölsku mörkin
15.00 Domino's-deildin
16.30 NFL
19.40 League Cup
21.45 League Cup
23.25 Domino's-deild kvenna
00.55 Körfuboltakvöld

SPORT 2

09.45 Premier League
11.30 Premier League
13.10 Premier League World
13.40 Premier League
15.20 Premier League
17.05 Premier League Review
18.00 League Cup
19.40 League Cup
21.45 Premier League
23.25 Messan

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour
11.00 European Tour
14.00 PGA Tour
18.00 Golfing World
18.50 European Tour
21.50 PGA Tour 2016 - Highlights
22.45 Champions Tour Highlights
23.40 Inside the PGA Tour

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



19:50
HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir Hrefnu Sigmarsdóttur sem á stórt glæsihýsi í Húsafelli og rekur afar skemmtilegt hótél á sama stað.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:15
COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.



21:00
FLESH AND BONE

Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikarík dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



22:00
BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings.



22:45
REAL TIME WITH BILL MAHER

Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



22:00
COMPANY OF HEROES

Líðsmenn bandarískrar hersveitar komast að því að Hitler hefur í hyggju að sprengja risasprengju sem myndi hafa gríðarlegt mannfall og hörmungar í för með sér.



20:45
CHUCK

Chuck Bartowski er ósköp venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.25 Sullivan & Son
18.45 Top 20 Funniest
19.30 One Big Happy
19.55 Schitt's Creek
20.20 Mayday
21.05 The Listener
21.50 American Horror Story. Freak Show
22.40 Discovery Atlas
00.20 One Big Happy
00.45 Schitt's Creek
01.05 Mayday
01.50 The Listener
02.30 American Horror Story.
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur
07.55 UKI
08.00 Ævintýri Tinna
08.23 Lina Langsokkur
08.48 Hvellur keppnisbill
09.00 Ofurhundurinn Krypto
09.25 Skógardýrið Húgó
09.47 Ævintýraferðin
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar
10.55 Gulla og grænjaxlarnir
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur
11.55 UKI
12.00 Ævintýri Tinna
12.23 Lina Langsokkur
12.48 Hvellur keppnisbill
13.00 Ofurhundurinn Krypto
13.24 Skógardýrið Húgó
13.46 Ævintýraferðin
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar
14.45 Gulla og grænjaxlarnir
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur
15.55 UKI
16.00 Ævintýri Tinna
16.23 Lina Langsokkur
16.48 Hvellur keppnisbill
17.00 Ofurhundurinn Krypto
17.24 Skógardýrið Húgó
17.46 Ævintýraferðin
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar
18.45 Gulla og grænjaxlarnir
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Ástrikur á Ólympíuleikumunum

Könnuðurinn Dóra, kl. 10.00, 14.00 og 18.00



BÍÓSTÖÐIN

11.55 Moonrise Kingdom
13.30 Someone Like You
15.10 The Rewrite
16.55 Moonrise Kingdom
18.30 Someone Like You
20.10 The Rewrite Rómantísk gamanmynd sem segir frá rithöfundinum Keith sem tekur að sér kennslustarf í handrita-skrifum vegna blankheita en hefur litin áhuga á að sinna starfinu. Þar kynnist hann hinni lífsglöðu Holly sem er ein af nemendum hans. Keith lifir á fornri frægð frá því hann fékk Golden Globe verðlaun fyrir kvikmyndahandrit mörgum árum áður en hefur síðan verið haldinn svæsinna ritstíflu. Með aðalhlutverk fara Hugh Grant, Marisa Tomei og J.K. Simmons.
22.00 Company of Heroes
23.45 Her Dramatísk mynd með gamansömu ívafi sem gerist í náinni framtíð með Joaquin Phoenix, Amy Adams og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um einmana rithöfund sem finnur ástina á hinum ólíklegasta stað, í nýrri tegund af stýriforriti í símanum hans sem er sagt að sé hannað til að mæta öllum þörfum notandans... og það eru engar ýkjur.
01.50 360
03.40 Company of Heroes

RÚV

14.20 Rætur
14.50 Svíþjóð - Ungverjaland Bein útsending
16.50 Tákn málsfréttir
17.05 Þýskaland - Danmörk Bein útsending
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ævar visindamaður
20.40 Frú Brown
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurféttir
22.20 EM stofa
22.40 Staðlaðar verklagsreglur
00.35 Glæpasveitin
01.35 Kastljós
02.10 Fréttir
02.25 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil
09.02 Hotel Hell
09.44 Minute to Win It
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.35 King of Queens
13.58 Dr. Phil
14.40 Black-ish
15.01 Jane the Virgin
15.43 America's Next Top Model
16.26 The Biggest Loser - Ísland
17.48 Dr. Phil
18.29 The Tonight Show
19.12 The Late Late Show
19.50 The Millers
20.15 Survivor
21.00 Code Black
21.45 Complications
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Sleeper Cell
00.35 Billions
01.20 Zoo
02.05 Code Black
02.50 Complications
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show
04.55 Pepsi MAX tónlist

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í CHICAGO

Verð frá **39.600*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að flýta þér með pönnupizzuna eða rjúka á milli búða á Michigan Avenue. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta meðfram Lake Michigan eða kikja á sýningu í The Goodman Theatre. Spegla þig í Bauninni, Cloud Gate, staldra við og litast um. Eyða heilum degi í The Museum Park. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

 Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

Fjölbreytt matarlína fyrir ungbörn

Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Sættran hafa sameinað krafta sína og þróað ungbarnamat sem kominn er í verslanir. Þetta í fyrsta skipti sem íslenskur barnamatúr í krukku kemur á markaðinn.

„Eins og stendur er barnamatúrinn Vakandi kominn í flestallar verslanir og dreifingin gengur mjög vel. Við Hrefna höfum unnið að því að útbúa uppskriftir og í kjölfarið fengum við úrtakshóp til að smakka matinn, það gerðum við til að fá sem bestu blönduna. Íslensk hráefni þykja bera af enda vatnið okkar

með tærasta móti, loftið hreint og mikið vandað til allrar framleiðslu á landinu,“ segir Rakel Garðarsdóttir ánægð með útkomuna.

Þær stóllur sáu lítið af íslenskum matvælum ætluðum börnum í verslunum og hófu því að þróa mat sem inniheldi mikið af nauðsynlegum næringarefnum. Uglan Vaka, sem er auðkenni Vakandi, býður fram fjórar tegundir í dag en þær eru Gulrót-armauk og Rófu & blómkaismauk sem ætlað er fyrir fjögurra mánaða börn og svo Íslenskur pottrettur og Grænmeti & perlubýgg sem ætlað er

ÍSLENSK HRÁEFNI ÞYKJA BERA AF ENDA VATNIÐ OKKAR MEÐ TÆRASTA MÓTI, LOFTIÐ HREINT OG MIKIÐ VANDAÐ TIL ALLRAR FRAMLEIÐSLU Á LANDINU.

fyrir níu mánaða börn og eldri. „Við erum strax byrjuð að þróa nýjar tegundir í vörumerkinu svo þetta verður mjög fjölbreytt matarlína fyrir börn, þar sem hollusta og næringarrík framleiðsla er í fyrirrúmi,“ segir Rakel Garðarsdóttir. – gjs



Vinkonurnar Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Sættran hafa sameinað krafta sína og þróað ungbarnamat. MYND/BJÖRN ARNARSON

Opið alla daga í janúar

DORMA
Láttu drauminn rætast

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
Komdu í Dorma

ÚTSALAN
í fullu fjöri
ALLT AÐ
{ 60% }
AFSLÁTTUR



ROMA svefnsofi

Ljósgrátt, dökkgrátt, ljósbrúnt og rautt áklæði.
Br: 200 D: 100 H: 50 cm. Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Aðeins **79.920 kr.**

NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 164.900 kr.



Aðeins **123.675 kr.**



25%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

PURE COMFORT

Fibersæng & Fiberkoddí

PURE COMFORT koddí
Fullt verð: 3.900 kr.

PURE COMFORT sæng
Fullt verð: 9.900 kr.

Koddí

Sæng

2.925 kr. 7.425 kr.

Þú finnur útsölubæklinginn á dorma.is

Holtagöörum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast



Alda Dís Arnardóttir vissi alltaf að hana langaði til þess að starfa sem söngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ólýsanleg tilfinning

Rúmlega eitt ár er frá því að **Alda Dís Arnardóttir** bar sigur úr bítum í annarri þáttaröð Ísland Got Talent. Fyrsta plata Öldu Dísar kom út á árinu og ýmislegt annað hefur á daga hennar drifið.

Alda Dís Arnardóttir, 22 ára snót úr Snæfellsbæ, bar sigur úr bítum í annarri þáttaröð Ísland Got Talent fyrir rúmu ári en hún hefur átt afar viðburðaríkt ár.

Vildi vinna sem söngkona

„Það er óhætt að segja að tilfinningin á úrslitakvöldinu hafi verið ólýsanleg, mér leið eins og ég væri búin að sanna fyrir sjálfri mér að þetta væri málið, ég ætti að vinna sem söngkona og það var það mikilvægasta fyrir mig,“ segir Alda Dís þegar hún rifjar upp þátttöku sína.

Eflaust eru margar ástæður fyrir því að fólk reynir fyrir sér í þætti sem þessum, en sigurvegurinn hlýtur vegleg verðlaun ásamt því að fá tækifæri til að koma sér á framfæri.

„Aðalástæðan fyrir því að ég tók þátt í Ísland Got Talent var sú að ég vildi koma mér í þá stöðu að vinna sem atvinnusöngkona, og það virkaði. Þetta er búið að vera ótrúlegt ár, ég kom fyrst fram í sjónvarpi í fjórða þætti Ísland Got Talent og það má segja að eftir það breyttist allt. Þetta var ótrúleg reynsla sem ég hlaut í kjölfar sigursins.“

Heiður að vinna með Bubba

Við tók mikið ævintýri hjá Öldu Dís þar sem hún flaug út til Los Angeles til að vinna með upptökuteyminu StopWaitGo að nýju lagi. StopWaitGo hefur verið að gera það gott í tónlistarbransanum.

„Þetta var allt frekar stressandi, en það var frábært að fara út og kynnastrákunum, samstarfið

gekk mjög vel. Á þessum tíma samdi ég textann við lagið Rauða nótt og eftir það fann ég hvað það var gott að vinna með þeim,“ segir Alda Dís.

Fyrsta lag Öldu Dísar, Rauða nótt, fékk góðar viðtökur og spilun á útvarpsstöðvum landsins.

„Það var þá sem ég fékk leyfi frá framleiðanda til að klára plötuna. Þetta var alveg ótrúlega spennandi, ég vissi alltaf að ég vildi verða laga-höfundur. Bubbi Morthens á lag á plötunni minni og það var mikill heiður að fá að vinna með honum. Þetta tókst allt saman vel og ég er alveg ótrúlega stolt af sjálfri mér.“

Er smá fiðrildi

Næsta verkefni Öldu Dísar er Söngvakeppni sjónvarpsins, þar kemur hún til með að flytja lagið Augnablik eftir Ölmú Guðmundsdóttir og James Wong.

„Ég alveg dýrka þetta lag og ég hlakka mikið til. Boðskapur lagsins snýst um að lifa í núinu, en það er mjög lýsandi fyrir mig akkúrat núna, þar sem ég er smá fiðrildi og á svo bág með að vera í núinu, það er frábært að tengja svona vel við lagið.“

Það er óhætt að segja að Alda Dís eigi framtíðina fyrir sér í tónlistinni og að árið eftir sigurinn í Ísland Got Talent hafi verið og viðburðaríkt.

„Þetta er búið að vera alveg frábært ár, ég tók að mér fullt af skemmtilegum verkefnum, meðal annars tók ég þátt í sjónvarpsþáttunum Rétti, einnig tók ég þátt í Áramótaskaupinu þar sem ég söng

LISTAMENN SEM ALDA DÍS VANN MEÐ Á ÁRINU

Bubbi
StopWaitGo
Steinunn Camilla
Alma Guðjónsdóttir
James Wong
Ívar og Magnús
Gunnar Helgason
Baldvin Z

FERILL ÖLDU DÍSAR

- Vann aðra seríu Ísland Got Talent í apríl.
- Platan Heim í samstarfi við Stop Wait Go.
- Útgáfutónleikar.
- Dúett með Bubba Morthens.
- Lag í sjónvarpsríðinni Rétti.
- Upphafslag Áramótaskaupsins 2015.
- Lagið Augnablik í Söngvakeppni sjónvarpsins sem fram fer í febrúar.

lagið Crystals með hljómsveitinni Of Monsters and Men. Framundan er áframhaldandi vinna í tónlist. Hver veit hvað gerist næst, allavega ætla ég að reyna að vera í núinu og einbeita mér að því sem ég er að gera núna,“ segir Alda Dís að lokum.

Þriðja þáttaröðin af Ísland Got Talent hefst næstkomandi sunnudag á Stöð 2. gudrunjona@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÖLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

MAMMA MIA!



TM



MAMMA MIA KOKTEILL FYLGIR
100 FYRSTU MIÐUNUM
SEM KEYPTIR ERU Í MIÐASÖLU
BORGARLEIKHÚSSINS.

FRUMGERÐ TÓNLISTAR OG SÖNGTEXTA
BENNY ANDERSSON
BJÖRN ULVAEUS

ÁSAMT SÖNGVUM EFTIR STIG ANDERSON

Íslandsbanki
VIÐSKIPTAVINUM ÍSLANDBANKA
BÝÐST 20% AFSLÁTTUR AF
MIÐAVERÐI.
GILDIR TIL 1. APRÍL

FORSALA HEFST Í DAG KL. 10!

ÓMÓTSTÆÐILEG GLEÐISPRENGJA



BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Íslandsbanki

Bakpankar

Kolbeins Tuma
Daðasonar



Fermingarbróðir í sturtu

Þegar allar sundlaugar borgarinnar hafa verið prófaðar þarf að kanna nýjar lendur. Úr varð bíltúr til Þorlákshafnar um helgina sem býður upp á þessa finu laug. Í Þorlákshöfn er líka körfuboltalið sem tryggði sér sæti í bikarúrslitum í fyrrakvöld. Miðherji liðsins er Ragnar Nathanaelsson. Við krakkarnir köstuðum bolta á milli í innlauginni þegar Natvélin birtist að lokinni æfingu, tyllti sér og fór að klæða sig í skóna.

„Þetta er stærsti maður á Íslandi,“ sagði ég við krakkana sem hoppuðu upp úr lauginni og hlupu upp að glerinu sem skildi þau og einstakan Íslending að. „Er þetta hann?“ öskraði fjögurra ára sonurinn svo bergmálaði og benti. Ég reyndi að gera mig lítinn í lauginni og bað yfirspenntan soninn um að hætta að benda. Svo fengu þau að heyra meira um körfuboltamanninn fráþæra.

Krakkar geta verið stórkostlegir, ekki sist hvað varðar vandræðaleg en bráðfyndin augnablik, eftir á hið minnsta. Líklega eru tvö ár síðan við feðgarnir stóðum andspænis allsberum manni í sturtunni í Vesturbæjarlauginni. Allt í einu sprettur af vörum sonarins svo allir heyra: „Pabbi, þessi maður er með stór...“ og bendir á það sem ég taldi vera fermingarbróður Eiríks Jónssonar, þess af Sæð og heyrnt. Sem betur fer lauk setningunni með „...stóra bumbul!“ og mér var snarlega létt. Kannski Eiríki líka.

Dóttirin sem bráðum verður sex ára minnti mig svo rækilega á að ég þarf að fara að huga að því að geta svarað erfiðum spurningum. Eftir fullyrðingu um að mamma hennar hefði búið sig til þar sem ég svaraði að ég hefði nú líka hjálpað kom eðlileg spurning. „Hvað gerðir þú?“ Eitthvað stóð á svörum hjá mér en það skipti engu enda hafði framhaldsspurningin þegar fæðst: „Bjóst þú til hárið okkar?“

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland



BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS

SALZBURG
frá 12.999 kr.*

LEYFÐU ÞÉR SMÁ SKÍÐAPARADÍS!

Renndu þér út í almennilegan snjó og alvöru meistaraþrekkur.

Frá Salzburg er stutt í öll flottustu skíðasvæðin í Austurríki.

